ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR

*Hreyfir sig í vinnunni, dansar og stundar jóga*

• heilsa • bækur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




JÓL 2007

*Koma þau senn*

• matur • hefðir • skraut • föndur

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. nóvember 2007 — 323. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Súkkulaði og rósir í Reykjavík



Edda Heiðrún Backman opnar verslun á fimmtugsafmælinu.

TÍMAMÓT 22

### Súperman saknaði Guðna



Guðni Gunnarsson komst ekki í brúðkaup Brandons Routh sem leikur Súperman.

FÓLK 38

### Bíóspil úr Breiðholtinu

Sverrir Þór Sverrisson gefur í samstarfi við æskufélaga sína út spurningaspilið Bíóbrot.



FÓLK 30

### Vignir til Lemgo



Vignir Svavarsson hefur samið við þýska úrvalsdeildarfélagið Lemgo til tveggja ára.

ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART EYSTRA -** Í dag verða suðvestan 3-8 m/s víðast hvar. Skúrir eða él á vesturhluta landsins, annars skýjað með köflum og yfirleitt þurrt. Hiti við frostmark nyrðra en 2-5 stig syðra.

VEÐUR 4




# Hátt í sjö hundruð hótelherbergi í smíðum í miðbænum

**Á síðustu sjö árum hefur fjöldi hótela á höfuðborgarsvæðinu nánast tvöfaldast. Árið 2010 stefnir í að minnsta kosti 230 prósenta aukningu á framboði hótelherbergja á tíu árum. Nýting herbergjanna er góð.**

**SKIPULAGSMÁL** Gera má ráð fyrir að árið 2010 verði að minnsta kosti 3.200 hótelherbergi í boði á höfuðborgarsvæðinu, eða um það bil eitt hótelherbergi fyrir hverja 55 íbúa Reykjavíkur og nágrennis.

Hótelherbergi og hótelrúm eru í dag jafnmörg á höfuðborgarsvæðinu og þau voru á öllu Íslandi árið 2000. Það sama gildir ef gistiheimili eru talin með.

Árið 2000 voru sextán hótel í höfuðborginni, en nú eru þau tuttugu og átta talsins. Á hótelunum eru 2.576 herbergi, samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Hagstofunnar. Verið er að byggja fjögur ný hótel í miðbæ Reykjavíkur sem flest eru í hæsta gæðaflokki. Bætast þar við á bilinu 600 til 650 hótelherbergi.

Við hafnarbakkann í miðbæ Reykjavíkur rís hótel í tengslum við Tónlistarhúsið undir merkjum Starwood Hotels hótelkeðjunnar. Samkvæmt upplýsingum frá Ásthildi Sturludóttur, hjá Portus hf., verða 400 herbergi og íbúðir á hótelinu og gert er ráð fyrir að það verði skreytt fimm stjörnum.

Við Laugaveg 4 til 6 er ráðgert að byggja hótel í stað gömlu húsanna. Að sögn Jóhannesar Sigurðssonar, eiganda hótelsins, verða um 50 til 90 herbergi í því hóteli. Ekki liggur fyrir í hvaða gæðaflokki hótelið verður.

Á teikniborði Icelandair Hotels Group og Rivulus ehf. er 133 herbergja hótel við Lækjargötu 12, þar sem nú er útibú Glitnis. Gert er ráð fyrir að hótelið, sem miðað er við að fái fjórar stjörnur, verði opnað árið 2009.

Þá byggir Karl J. Steingrímsson, kenndur við Pelsinn, 24 lúxusíbúðir við Tryggvagötu. Til greina kemur að íbúðirnar verði til útleigu fyrir erlenda viðskiptavini fyrirtækja. Karl segir líklegt að íbúðirnar verði tilbúnar í mars á næsta ári, en framkvæmdin hefur dregist nokkuð vegna erfiðra aðstæðna við Tryggvagötu.

Frá því árið 2000 hafa tólf ný hótel verið opnuð í borginni, sem er tæplega tvöföldun á sjö árum. Þrjátíu og níu gistiheimili hófu starfsemi á sama tíma. Um 85 prósenta aukning varð á framboði hótelherbergja og 100 prósenta aukning á framboði á rúmum.

Á landsvísu hefur hótelum fjölgað um 52 prósent síðastliðin sjö ár. Á sama tímabili hefur nýting hótelherbergja ekkert breyst og hefur nánast staðið í stað í 60 prósent nýtingu að meðaltali. Nýting hótelrúma er um 47 prósent.

eva@frettabladid.is



**VIÐ REYKJAVÍKURTJÖRN** Félagarnir Gísli og Steinar úr Hafnarfirði biðu saman spakir og prúðir í tunglsljósinu við Tjörnina þegar ljósmyndari Fréttablaðsins hitti á þá í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jarðskjálftar við Langjökul:

## Stærsti skjálftinn 4,4 stig

**NÁTTÚRA Snarpur jarðskjálfti mældist við norðanverðan Langjökul klukkan hálf fjögur í gær. Fannst hann víða í Húnavatnssýslu, á Blönduósi og á Akureyri. Skjálftinn var stærstur í jarðskjálftahrinu sem byrjaði um hádegisbil. Fjöldi eftirskjálfta fannst fram eftir kvöldi í gær.**

**Upptök skjálftanna voru á svæði um tólf til fjórtán kílómetra norðvestur af Hveravöllum og voru þeir á bilinu 4,4 til 2,3 stig á Richterskvarða. Alls höfðu mælst fimmtán skjálftar á svæðinu á tíu klukkustundum. Svæðið er á svokölluðu Langjökulsbelti sem er þekkt jarðskjálftasvæði.**

- shá

Wagyu-nautakjöt í íslenskum verslunum á milli jóla og nýárs:

# Kílóið á sextán þúsund krónur

**NEYTENDUR** Svokallað Wagyu-nautakjöt verður í fyrsta sinn til sölu í verslunum hér á landi, milli jóla og nýárs, en kjötið er dýrasta kjöt sem völ er á í heiminum. Kílóið kostar um tólf þúsund krónur frá heildsala, en kílóverðið út úr búð verður líklega um sextán þúsund krónur.

Kjötið er af nautgripum af japönsku kyni sem ber heitið Kobe en nafnið er dregið af svæðinu þar sem ræktun þeirra hófst árið 1860.

Nautgripirnir eru aldir á bjór og úrvalsfæði auk þess sem þeir eru nuddaðir reglulega. Þá er leikin klassísk tónlist fyrir þá og þeim strokið daglega. Ræktun þeirra hefur breiðst út til Bandaríkjanna, Nýja-Sjálands og Ástralíu og kemur kjötið á Evrópumarkað þaðan, en þá heitir það Wagyubeef.

Kjötið hefur verið að finna á matseðlum nokkurra íslenskra veitingastaða undanfarið, en aldrei fyrr hefur almenningi staðið kjötið til boða í verslunum. „Við byrjuðum að selja kjötið til veitingastaða í byrjun ársins og viðtökurnar hafa verið frábærar. Fólk er farið að þekkja þetta og þeir sem hafa smakkað kjötið vilja helst ekki borða aðra gerð af nautakjöti," segir Gunnar Guðsveinsson hjá Sælkeradreifingu, en fyrirtækið flytur mest inn af kjötinu hérlendis.

„Það er von á þrjú til fjögur hundruð kílóum af kjötinu til landsins núna fyrir jól, en það er mjög erfitt að fá þetta kjöt því það er mikil eftirspurn eftir því, enda besta kjöt í heimi. Ég reikna með að um 150 kíló af kjötinu muni fara í verslanir."

Wagyu-kjötið er ávallt sent ferskt og er aldrei fryst. „Kjötinu er alltaf flogið fersku inn, en því miður fyrir okkur hér á Íslandi gilda sömu reglur um þetta kjöt eins og annað ferskt kjöt sem hingað er flutt inn, en það verður að hafa verið frosið í þrjátíu daga." segir Gunnar.

Um sextíu kíló af kjötinu fóru í nýafstaðið brúðkaup Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, kenndan við Baug, og Ingibjargar Pálmadóttur.

aegir@frettabladid.is

Sérstakt safn í Kína:

## Skipasafn undir yfirborðinu

**KÍNA** Stjórnvöld í Guandonghéraði í Kína hafa lagt rúman milljarð í smíði á skipasafni tuttugu og fjóra metra undir yfirborði sjávar. Í safninu verða fimm sýningarsalir en megin-ástæðan fyrir byggingunni er 800 ára gamalt skipsflak sem er talið ómetanlegt. Safnið verður byggt þar sem flakið liggur en um borð er talið að megi finna allt að 80 þúsund fornmuni. Árið 2002 náðust sex þúsund munir úr skipinu, en aðeins náðist að opna eitt herbergi.

Talið er að skipið myndi grotna í sundur yrði reynt að lyfta því upp á yfirborðið. Í þess stað verður skipið sett í stálgám sem er fimm þúsund tonn að þyngd og síðan flutt inn í safnið.

Bygging safnsins gengur vel og er áætlað að það verði opnað seint á næsta ári.

- shá

**SPURNING DAGSINS**



*Jón Kristinn, er hægt að fá hana á léttgreiðslum?*

„Sem gamall svifflugmaður get ég sagt: „Glider pilots do it quietly.“

Vafi lék á hver ætti að borga svifflugu sem borgarstjóri afhenti talsmanni Friðarstofnunar Reykjavíkur. Jón Kristinn Snæhólm var aðstoðarmaður þáverandi borgarstjóra.

Stóra jólatréð frá Drammen á leiðinni til vinabæjarins Stykkishólms:

# Notalegur siður segja Norðmenn

**SVEITARSTJÓRNIR** Tólf metra langt jólatré er nú á leið frá Drammen í Noregi til Stykkishólms. Þetta er í 42. skipti sem Drammen sendir vinabæ sínum á Íslandi grenitré fyrir jólin.

Á heimasíðu Drammen kemur fram að tréð hafi verið fellt með viðhöfn 19. nóvember. Þá voru líka höggvin nokkur tré fyrir bæinn sjálfan og eitt fyrir borgina Kiel í Þýskalandi sem einnig er í vinabæjasambandi við Drammen.

„Þetta kalla ég jólatrjáadiplómatíu,“ segir Tore Opdal Hansen á heimasíðu Drammen. „Það er notalegur siður að senda jólatré til Íslands og Þýskalands. Og það er líka gott að vita til þess að trén úr Drammensfoldu mun brátt gleðja stóra og smáa á torgi Stykkishólms og Kiel.“

Von er á Drammen-trénu til Stykkishólms í byrjun desember. **- gar**



**JÓLATRÉÐ FRÁ DRAMMEN** Stykkishólmur mun brátt skarta glæsilegu jólatré frá vinabænum Drammen. MYND/DRAMMEN

Bílvelta á Reykjanesbraut:

## Snerist og valt eftir árekstur

**SLYS Bílvelta varð á Reykjanesbraut við Kaplakrika í Hafnarfirði um níuleytið í gærmorgun.**

**Slysið varð með þeim hætti að ökumaður vörubíls sem hugðist skipta um akrein ók ökutæki sínu utan í fólksbíl sem ók við hliðina. Við það snerist fólksbíllinn og valt.**

**Tækjabíll frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins var sent á vettvang þar sem tilkynning barst um að ökumaður væri fastur í bíl sínum eftir veltuna, en hann var einn í bílnum. Svo reyndist ekki vera en ökumaður var fluttur á slysadeild Landspítalans með minni háttar meiðsli. - æþe**

Kæru Rannveigar vísað frá:

## Blaðamenn mega tjá sig

**FJÖLMIÐLAR** Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands hefur úrskurðað að blaðamenn megi tjá sínar persónulegu skoðanir á bloggsíðum.

Með þessu vísar félagið frá kæru Rannveigar Rist, forstjóra Alcans, á hendur blaðamanninum Þórði Snæ Júlíussyni, vegna skrifa á bloggsíðu, sem margir einstaklingar munu sjá um.

Nafn Þórðar var ekki tengt skrifunum, sem sögðu Rannveigu meðal annars „daðra við að vera þroskaheft“.

Siðanefndin segir að blaðamenn beri vissulega ábyrgð á skoðunum sínum, en þær tengist ekki endilega blaðamennskunni. **- kóþ**

Þráðlaust alnet í sveitir:

## Samband komið á í desember

**TÆKNI Tölvufyrirtæki á Hornafirði hyggst bjóða upp á þráðlausar nettengingar á Mýrum og hluta Nesja og Suðursveitar innan tíðar. Stefnt er því að þjónustan verði tilbúin um miðjan desember.**

**Um nýjustu kynslóð þráðlausra dreifineta er að ræða, svokallaða WiMax tækni. Þetta er sú tækni sem Fjarskiptasjóður telur æskilega, en gerir þó ekki kröfur um sökum kostnaðar.**

**Gert er ráð fyrir að mánaðaráskrift að almennri tengingu verði um átta þúsund krónur fyrir tveggja megabita tenginguna. - æþe**

**BÓKMENNTIR**

### Síldarsaga komin út

Út er komið ritið Silfur hafsins – Gull Íslands – Síldarsaga Íslendinga. Sagan er þrjú bindi í veglegri öskju, 1.104 blaðsíður í stóru broti með um 800 myndum og teikningum. Í verkinu er rakin saga síldveiða og -vinnslu frá fyrstu tíð.

# Minnkandi líkur á áfallatryggingasjóði

**Afturkippur er kominn í áform verkalýðshreyfingarinnar um nýjan áfallatryggingasjóð. Framkvæmdastjóri ASÍ segir ekki skrítið að efasemdir komi upp þegar hugmyndirnar fái gagnrýni lífeyrissjóðakerfisins, öryrkja og ráðherra.**

**TRYGGINGAMÁL** Verulegur afturkippur er kominn í áform verkalýðshreyfingarinnar um nýjan áfallatryggingasjóð og eru minni líkur á því að samið verði um hann í samningaviðræðunum sem nú fara í hönd. Ýmislegt bendir til þess að látið verði nægja að ganga frá bókun um markmið til næstu ára.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að hörð gagnrýni hafi komið fram frá lífeyrissjóðakerfinu, Öryrkjabandalaginu og félagsmálaráðherra auk þess sem tryggingastærðfræðingar hafi ekki veitt jákvæða umsögn. Skiptar skoðanir hafi verið innan verkalýðshreyfingarinnar þó að stuðningur hafi farið vaxandi. Ekki sé búið að taka endanlega ákvörðun en sjóðurinn hafi þó ekki verið afskrifaður ennþá.

Gylfi segir að óvissa og ágreiningur hafi verið um framlag lífeyrissjóðanna í nýtt áfallatryggingakerfi. Upprunalega hafi það verið tillaga lífeyrissjóðanna að lækka iðgjöld um hálft prósent og láta upphæðina renna í hinn nýja áfallatryggingasjóð. Samþykkt hafi verið að ganga ekki lengra að sinni. „Engu að síður hafa lífeyrissjóðirnir verið ósáttir við þetta, sérstaklega þeir sem hafa minnstu örorkubyrðina, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóðurinn Stafir,“ segir Gylfi.

Miklar efasemdir hafi verið af hálfu verslunarmanna um fjármögnunina og hvort gengið sé of langt í fyrsta skrefi. Þá hafi verið hörð gagnrýni af hálfu Öryrkjabandalags Íslands. Gylfi segir að félagsmálaráðherra hafi tekið undir þann málflutning og sagst ekki vilja stuðla að tvöföldu kerfi. „Við botnum ekki í því hvað átt er við,“ segir Gylfi.

„Ráðherra virðist ekki átta sig á því að einstaklingurinn öðlast engin réttindi í almannatryggingakerfinu fyrr en hann er búinn að klára rétt sinn hjá atvinnurekanda og í sjúkrasjóði. Ef hann á ekki slíkan rétt þá fær hann strax rétt hjá almannatryggingum. Þetta þýðir að fólk í stéttarfélögum nýtur minni réttinda hjá ríkinu en fólk utan stéttarfélaga,“ segir Gylfi og bætir við: „Ef ráðherra er á móti áfallatryggingakerfinu þá er hann kannski með aðra breytingu í bígerð.“

Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna, segir að málið sé á borði samningsaðila. Ekki náðist í Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra í gær. **ghs@frettabladid.is**

**NÝTT FYRIRKOMULAG ÁFALLATRYGGINGA**

- Áfallatryggingar taka til trygginga vegna veikinda, slysa og örorku.
- Núverandi fyrirkomulag áfallatrygginga byggir á tiltölulega löngum veikindarétti hjá vinnuveitanda, síðan tekur við bótatímabil hjá sjúkrasjóði verkalýðsfélags og að síðustu örorkukerfið þar sem lífeyrissjóður og almannatryggingar koma að málum.
- Áfallatryggingasjóður á að sjá um grunn framfærslugreiðslur, stýra þjónustu og greiða kostnað við hana.
- Sá sem fyrir áfalli verður mun á 5 ára tímabili njóta framfærslugreiðslna og þjónustu áfallatryggingasjóðs og sjúkrasjóða en sé viðkomandi varanlega utan vinnumarkaðar að því tímabili loknu taka almannatryggingar og lífeyrissjóðir við eins og nú.



**ÓSÁTTIR** „Engu að síður hafa lífeyrissjóðirnir verið ósáttir,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.



**MÓTMÆLENDUR** Lögregla greip til þess að sprauta á mótmælendur úr vatnsþrýstislöngum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átök lögreglu og nemenda:

## Lengri skólasetu mótmælt

**HOLLAND, AP** Hollenskir gagnfræðaskólanemendur lentu í átökum við óeirðalögreglu í Amsterdam í gær þegar þeir mótmæltu fyrirskipun stjórnvalda um að lengri tíma skyldi varið í kennslustofum.

Lögregla beitti vatnsþrýstislöngum gegn hópi nemenda sem grýttu steinum, eplum og flöskum í lögregluna. Fimmtán voru handteknir og tveir lögreglumenn slösuðust lítillega. **- sdg**

**REYKJAVÍK**

### Starengi græði á félagskerfi

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi óttast að verktakafyrirtækið Starengi sé að reyna að stinga afslætti af opinberum gjöldum í eigin vasa. Það hafi fengið afsláttinn til að reisa námsmannaíbúðir en ætli nú að selja þær á fullu verði til ríkisins.

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Þriðjungi ýsu landað óslægðri

Liðlega 32 prósentum ýsuaflans og um tæplega 27 prósentum þorskaflans var landað óslægðum á síðasta fiskveiðiári. Af ýsu var mestu landað óslægðu í Sandgerði, Ólafsvík, Skagaströnd og Bolungarvík. Af þorski var mestu landað óslægðu í Sandgerði, Ólafsvík, Hornafirði og Bolungarvík.


ÓMISSANDI OG AÐGENGILEG!

Aðgengileg uppflettibók með skýringum á því hvernig þú getur túlkað vísbendingar um fortíð þína, nútíð og framtíð í því sem fyrir ber í vöku og draumi.




Eftir Símon Jón Jóhannsson höfund Stóru draumaráðninga-bókarinnar!

Veröld


Útlit fyrir sátt um sameiginlega yfirlýsingu Ísraels og Palestínu á elleftu stundu:

# Friðarráðstefna hefst í dag

**BANDARÍKIN, AP** Sameiginleg yfirlýsing sem fulltrúar Ísraels og Palestínu hafa unnið árangurslaust að mánuðum saman virtist vera í sjónmáli í gær, degi fyrir alþjóðlega ráðstefnu um frið í Mið-Austurlöndum sem fram fer í Annapolis og Washington í Bandaríkjunum. Væntingar um árangur á ráðstefnunni eru þó minni en lagt var upp með í byrjun.

„Við komumst að samkomulagi um skjalið í dag eða á morgun,“ sagði Yasser Abed Rabbo, háttsettur aðstoðarmaður Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, í samtali við AP fréttastofuna í gær. Sagði hann Bandaríkjamenn leggja hart að báðum aðilum að ná lendingu svo að hægt yrði að leggja yfirlýsinguna fram á ráðstefnunni.

Viðræður um yfirlýsinguna hafa strandað á ósk Palestínumanna um að í henni felist lokamarkmið um landamæri, yfirráð yfir Jerúsalem og örlög palestínskra flóttamanna

Ísraelsmenn hafa viljað óljósara orðalag um skuldbindingu við friðsamlega sambúð tveggja ríkja hlið við hlið. Þeir hafa þó lofað því að semja um umdeildu málin í formlegum viðræðum sem eiga að fylgja í kjölfar ráðstefnunnar.

Mikið er lagt upp úr stuðningi utanaðkomandi aðila við fyrirhugaðar viðræður og þykir stuðningur Arababandalagsins við ráðstefnuna mjög mikilvægur, þó hann hafi komið treglega til. **- sdg**



**FUNDUR LEIÐTOGA** Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, og George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, hittust á fundi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR



**Toyota Aygo**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekinn: 18.000 km
Verð: 1.300.000 kr. Skr.nr. VN-202



**Toyota RAV4 GX**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 45.000 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. JR-962



**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 53.000 km
Verð: 1.590.000 kr. Skr.nr. NE-242



**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 51.000 km
Verð: 1.140.000 kr. Skr.nr. ND-694



**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 48.000 km
Verð: 4.510.000 kr. Skr.nr. MY-875



**Toyota Avensis S/D**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 04.05 Ekinn: 87.000 km
Verð: 1.650.000 kr. Skr.nr. ON-812



**Toyota Avensis S/D**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.06 Ekinn: 69.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. UI-633



**Toyota Yaris T Sport**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 02.07 Ekinn: 3.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Skr.nr. DN-634



**Toyota Corolla**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 49.000 km
Verð: 1.410.000 kr. Skr.nr. SN-364



**Toyota Avensis S/D**
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 02.06 Ekinn: 35.000 km
Verð: 2.250.000 kr. Skr.nr. AR-743



**Toyota Land Cruiser 100**
4200 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 11.04 Ekinn: 120.000 km
Verð: 5.790.000 kr. Skr.nr. HO-879



**Toyota RAV4**
2000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 02.06 Ekinn: 39.000 km
Verð: 2.630.000 kr. Skr.nr. UT-385

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 40070 11.2007

## GENGIÐ 26.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,2 | 62,5 |
| Sterlingspund | 128,71 | 129,33 |
| Evra | 92,4 | 92,92 |
| Dönsk króna | 12,393 | 12,465 |
| Norsk króna | 11,536 | 11,604 |
| Sænsk króna | 9,957 | 10,015 |
| Japanskt jen | 0,573 | 0,576 |
| SDR | 99,32 | 99,92 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 122,0745

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sigurður Haukur Jónsson bóndi í Skollagróf í Hrunamannahreppi bíður átekta eftir að riða greindist:

# 300 fjár verður fargað vegna riðusmits

**LANDBÚNAÐUR** Sigurður Haukur Jónsson, bóndi í Skollagróf í Hrunamannahreppi, bíður nú átekta eftir að riða greindist á bænum. Sigurður á um 300 kindur séu lömbin talin með og til stendur að farga þeim.

„Þetta er vissulega áfall en maður tekur þessu eins og öðru sem á manni dynur. Þetta er erfitt og við erum búin að vera með þennan bústofn lengi. Ég hef átt kindur hér frá því ég man eftir mér. Það stendur til að skera niður fé en það er svo sem ekki búið að tilkynna okkur mikið annað en að þetta hafi greinst,“ segir Sigurður. Enn hefur ekki fundist staður til að farga kindunum og því ekki vitað hvenær það verður gert. Þá er ekki vitað hvenær svæðið verðu sótthreinsað.

Eftir að svæðið verður sótthreinsað er bannað að halda þar fé næstu tvö árin og setur það óneitanlega strik í reikninginn í búskap Sigurðar og fjölskyldu. Sigurður hefur búið í Skollagróf frá fæðingu og tók við búi af foreldrum sínum.

„Við eigum eftir að átta okkur á hlutunum og hvað við þurfum að gera í sambandi við hreinsun og sótthreinsun, til dæmis hvort við þurfum að rífa fjárhúsin og svo framvegis. Við erum svo sem ekki farin að hugsa þetta til framtíðar enn þá en ætlum þó að halda áfram búskap. Við erum með kýr og hross sem eru okkar aðalbúgrein,“ segir Sigurður.

Þegar riða kemur upp á bæjum er ríkið skyldugt til að greiða bætur en þetta hefur þó alltaf áhrif á búskapinn.

„Þeir sem hefur verið skorið niður hjá hér í kring hafa ekki allir verið ánægðir með þá samninga sem þeir hafa fengið en ég hef ekki enn kynnt mér þá hlið á málinu,“ segir Sigurður. - hs



**RIÐUSMIT** Um 300 kindum og lömbum á bænum Skollagróf í Hrunamannahreppi verður fargað vegna riðusmits.



**ILLA ÚTLEIKIN Í ROKINU** Bifreiðin var á hliðinni þegar bílstjórinn slapp út en skömmu síðar hafði vindhviða skellt henni aftur á hjólin.

Fárviðri á Vesturlandi:

## Sendibíll valt við Hafnarfjall

**LÖGREGLUMÁL** Sendibifreið fauk af hringveginum og valt tvær veltur undir Hafnarfjalli um klukkan fjögur í fyrrinótt. Bílstjórinn komst sjálfur út úr bifreiðinni og kom annar vegfarandi honum til hjálpar. Hann var sendur á Sjúkrahúsið á Akranesi en var útskrifaður síðar um daginn.

Mikið hvassviðri var á svæðinu og náðu vindhviður yfir 50 metra á sekúndu að sögn lögreglunnar í Borgarnesi. Eftir velturnar tvær endaði bíllinn á hliðinni en þegar lögregla kom að honum öðru sinni hafði vindurinn feykt honum á hjólin aftur. Fjölmargir bílstjórar á leið til Reykjavíkur tóku því þann kostinn að bíða í Borgarnesi uns veður lægði og mátti því sjá fjölda flutningabíla við Borgarfjarðarbrú og á bílaplaninu við Hyrnuna á meðan bílstjórar leituðu lags. - jse

**SUÐUR-AMERÍKA**

### Leitað að nasistum

Hafin er í Suður-Ameríku lokatilraun til að hafa uppi á fyrrverandi meðlimum þýska nasistaflokksins sem eru sekir um stríðsglæpi í seinni heimsstyrjöldinni. Herferðir verða reknar í fjölmiðlum og féverðlaunum heitið fyrir upplýsingar sem leiða til sakfellingar. Talið er að fjöldi nasista hafi flúið til Chile, Úrúgvæ, Argentínu og Brasilíu eftir stríðið.

# Momentum fundaði með aðstoðarmanni

**Momentum fundaði á sínum tíma við aðstoðarmann borgarstjóra og bauðst til að innheimta vangoldin fasteignagjöld. Þá var minnisblað sent embættismönnum til umsagnar. „Töldum okkur ekki brjóta neinar reglur,“ segir Jón Kristinn.**

**REYKJAVÍK** Upphaf þess að eitt fyrirtæki var fengið til að innheimta vangoldin fasteignagjöld í Reykjavík, án útboðs og formlegrar verðkönnunar, má rekja til fundar sem fulltrúi fyrirtækisins átti með aðstoðarmanni borgarstjóra.

„Momentum óskaði eftir fundi við mig, sem ekki gekk eftir. Þá funduðu þeir með Jóni [aðstoðarmanni borgarstjóra] og hann kynnti þetta fyrir mér. Síðan bað ég um að sviðsstjóri fjármálasviðs skoðaði þetta mál, enda hafði verið umræða hjá sviðinu um að hagræða og spara. Hann fór yfir þetta og gaf jákvæða umsögn. Annars hefðum við aldrei gert þetta,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri. Samningsdrögin hafi síðan verið kynnt og samþykkt í borgarráði.

Fram hefur komið í Fréttablaðinu að nýtt fyrirkomulag innheimtu vangoldinna fasteignagjalda geti þýtt að einkafyrirtæki leggi allt að 43 prósent ofan á hin opinberu gjöld og kalli það innheimtukostnað og ítrekunargjald. Er þá virðisaukaskattur meðtalinn, en dráttarvextir ekki.

Einnig hefur komið fram að þáverandi fjármálastjóri borgarinnar taldi ekkert athugavert við að samið væri beint við eitt fyrirtæki. Tíðkast hafi að útdeila verkefnum á þann hátt hjá borginni.

Vilhjálmur tekur í sama streng. Í mörg ár hafi borgin nýtt einkafyrirtæki til að innheimta opinber gjöld og þau verkefni hafi ekki heldur verið boðin út. Honum hafi því þótt í lagi að leyfa Momentum að gera þetta án útboðs, enda um tveggja ára tilraunaverkefni að ræða. Borgarráð hafi síðan rætt um að bjóða þetta út eftir tvö ár.

Fyrrverandi borgarstjóri telur ekki að neinar reglur hafi verið brotnar, en kjörorð borgarinnar um góða nýtingu fjármuna felur í sér að leitað skuli hagkvæmustu leiða í hvert sinn. Samkvæmt stefnu Reykjavíkur um verklag og gegnsæja stjórnsýslu skal svo gæta jafnræðis- og samkeppnissjónarmiða. „Embættismennirnir litu yfir þetta og gerðu ekki athugasemdir við þessa aðferð,“ segir Vilhjálmur.

Jón Kristinn Snæhólm, þáverandi aðstoðarmaður borgarstjóra, segir sömuleiðis að fjármálasvið hafi séð um sjálfa samningagerðina. Því hafi verið „alveg klárt að við töldum okkur ekki vera að brjóta neinar reglur“. Hann veit ekki til þess að oftar hafi verið samið beint við eitt fyrirtæki í sinni starfstíð. klemens@frettabladid.is



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Hér hefur tíðkast að semja beint við ýmis einkafyrirtæki í áranna rás, þrátt fyrir háleit markmið um útboð, jafnræðisreglu og samkeppnissjónarmið. MYND/ÚR SAFNI



**JÓN KRISTINN SNÆHÓLM**



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**

British Airways:

## Íslandsflugið er ekki ábatasamt

**SAMGÖNGUR British Airways hættir áætlunarflugi milli Keflavíkur og London þegar vetraráætlun félagsins á flugleiðinni lýkur 28. mars á næsta ári.**

**Í tilkynningu frá British Airways er það haft eftir Peter Rasmussen, viðskiptastjóra flugfélagsins fyrir Skandinavíu og Ísland, að áætlunarflugið milli landanna sem staðið hefur frá því í lok mars 2006 hafi ekki verið nógu ábatasamt.**

**Þeim sem eiga bókað flug með British Airways til og frá Keflavík eftir 28. mars 2008 verður boðin breyting á bókun eða full endurgreiðsla.** - gar

Bhutto og Sharif í Pakistan

## Hafa skráð sig í þingframboð

**PAKISTAN, AP** Nawaz Sharif og Benazir Bhutto, sem bæði eru fyrrverandi forsætisráðherrar í Pakistan, skráðu í gær framboð sitt til þingkosninga í janúar.



**BENAZIR BHUTTO**

Bæði höfðu þau hótað því að taka ekki þátt í kosningunum, og Sharif ítrekaði í gær að þótt hann hefði skráð sig í framboð gætu stjórnarandstæðingar enn tekið höndum saman og hunsað kosningarnar, segði Pervez Musharraf forseti ekki af sér.

Sharaf ítrekaði jafnframt að jafnvel þótt hann sigraði í kosningunum myndi hann ekki verða forsætisráðherra yrði Musharraf áfram forseti.

Talsmaður Musharrafs sagði í gær að forsetinn myndi líklega á fimmtudag segja af sér sem æðsti yfirmaður hersins. - gb


**EPSON**

*Epson photo*
***R265***



**ALVÖRU LJÓSMYNDAPRENTARI**

- Prentar á geisladiska
- Prentar út á jaðar blaðsíðu
- 6 aðskilin blekhylki
- 5760 dpi upplausn
- Prentar allt að 30 bls. á mínútu

Verð frá **14.900 kr.**

ÞÓR HF Ármúla 11 • Sími 568 1581 • www.thor.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SKÚRIR EÐA ÉL** Enda þótt ég sé að spá björtu veðri fyrir austan og köflóttu á Norðausturlandi er rétt að nefna að spárnar eru ekki alveg eindregnar hvað þetta varðar. Fyrripart dags má búast við skýjuðu veðri bæði á Norðausturlandi og fyrir austan og jafnvel stöku éljum. Það er lægð fyrir austan land á austurleið og það ræðst af hraða hennar frá landinu hvenær hann rífur almennilega af sér fyrir austan.

**REYKJAVÍK Í DAG** Fremur hæg suðlæg átt. Skúrir eða él. Hiti 1-4 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



8-15 m/s með vesturströndinni annars hægari.

*» sunnudagur*



13-18 m/s sunnan og vestan til annars hægari.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C skýjað | London | 13°C skýjað | Friedrichshafen | 3°C léttskýjað |
| Billund | 6°C skýjað | París | 7°C léttskýjað | Lúxemborg | 6°C skýjað |
| Osló | 1°C skýjað | Amsterdam | 10°C skýjað | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 0°C skúrir | Frankfurt | 7°C skýjað | Róm | 16°C léttskýjað |
| Gautaborg | 3°C skýjað | Berlín | 2°C skýjað | Las Palmas | 21°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Nú brosa 2.951
vinningshafar breitt
eftir síðasta útdrátt,
en þá eru þeir orðnir
31.971 á árinu.




Í dag klukkan 16.00 drögum
við út 30 milljónamæringa,
Verður þú einn af þeim?

Fáðu þér miða á hhi.is
eða í síma 800 6611
– Það tekur enga stund.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

**KJÖRKASSINN**



*Hyggstu dvelja á Íslandi yfir jólin?*

| | |
|---|---|
| Já | 91,2% |
| Nei | 8,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú á jólahlaðborð í ár?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Fulltrúi F-lista, stundum kallaður guðfaðir nýja meirihlutans, búinn að jafna sig:

# Ólafur F. snýr aftur í borgina

**REYKJAVÍK** Ólafur F. Magnússon er óðum að jafna sig á veikindum sínum og ætlar að setjast í borgarstjórn í síðasta lagi um áramótin. Hann fær þá sæti Margrétar Sverrisdóttur, sem hefur verið varamaður hans. Þau eru fulltrúar F-lista; lista frjálslyndra og óháðra.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið rætt að Ólafur snúi aftur strax um næstu mánaðamót. Hann vill sjálfur ekki tjá sig um það og Margrét gat ekki gefið upp nákvæma dagsetningu, þegar rætt var við hana.

Hún staðfesti þó að til stæði að Ólafur kæmi aftur um áramót.



MARGRÉT K. SVERRISDÓTTIR



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

„Og ef hann er orðinn hress getur hann auðvitað komið fyrr.“

Spurð hvort vænta megi stefnubreytingar hjá nýjum meirihluta, eða í það minnsta breyttum áherslum, segist Margrét ekki sjá það fyrir sér.

„Ég get varla ímyndað mér að Ólafur, sem kallaður hefur verið guðfaðir þessa nýja meirihluta, fari að hringla mikið með samstarfið. Hann átti svo mikið frumkvæði að því.“

Margrét mun sjálf hafa nægum verkefnum að sinna, sem fyrr. Hún kemur til með að sitja áfram sem formaður menningarráðs, svo dæmi sé tekið, og sest að öllum líkindum í leikskólaráð eftir áramót, þegar Anna Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi F-listans, fer í fæðingarorlof. **- kóþ**

Rekur fréttavef í Jórdaníu:

# Ættingjar ritstjóra myrtir

**ÍRAK, AP** Ellefu ættingjar írasks ritstjóra sem rekur fréttavef í Jórdaníu voru myrtir í Bagdad í Írak á sunnudagsmorgun.

Dhia al-Kawaz var staddur í Jórdaníu þegar grímuklæddir byssumenn réðust inn á heimili fjölskyldunnar og myrtu tvær systur hans, eiginmenn þeirra og sjö börn á aldrinum fimm ára til tíu ára.

Starfsfélagi al-Kawas sagði hann hafa fengið hótanir undanfarið vegna andstöðu sinnar við veru Bandaríkjahers í Írak og átök trúarhópa. Hefur hann sakað Íran um að reyna að stjórna ríkisstjórn Íraks. **- sdg**

Starfsmaður MI6 í viðtali:

# Bond brenglar ímynd njósnara

**LONDON, AP** Ímyndin sem bækur og kvikmyndir um breska njósnarann James Bond hafa dregið upp af njósnarastarfinu gerir meiri skaða heldur en hitt að sögn yfirmanns ráðninga hjá bresku leyniþjónustunni erlendis, Mi6, í samtali við breska ríkisútvarpið.



JAMES BOND

„Við höfum ekki leyfi til að drepa, við berum ekki á okkur Berettur,“ sagði yfirmaðurinn sem kom fram nafnlaust vegna öryggisaðstæðna. Sagði hann Bond gefa brenglaða mynd af starfinu og hugsanlega orsök fyrir færri ráðningum múslíma og kvenna. **- sdg**

Tímamót hjá stuðningsfélagi:

# Ljósið flytur á Langholtsveg

**HÚSNÆÐISMÁL Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð krabbameinssjúkra, flytur um mánaðamótin í nýtt húsnæði við Langholtsveg 43 í Reykjavík. Undanfarin ár hefur Ljósið verið með aðstöðu í kjallaranum í Neskirkju.**

**Erna Magnúsdóttir, iðjuþjálfi og forstöðumaður Ljóssins, segir að nýja húsnæðið sé 470 fermetrar á stærð og muni rúma alla starfsemina. Ljósið standi fyrir handverkssölu sunnudaginn 2. desember í Neskirkju og fari ágóðinn í að innrétta nýja húsnæðið.**

**„Við erum nú að vinna fyrir handverkssöluna, vinna við tré, mála, gera körfur og bútasaum. Listamenn gefa líka listmuni til styrktar nýja húsinu,“ segir hún.** **- ghs**



**SLÖKKVILIÐSMENN BÖRÐUST VIÐ ELDA** Við fregnir af dauða ungmennanna greip um sig mikil reiði meðal hóps fólks sem bar eld að bílum og kastaði eldsprengjum á lögreglustöð meðal annars. NORDICPHOTOS/AFP

# Eldsprengjum kastað í óeirðum í París

**Óeirðaástand skapaðist í úthverfi Parísar eftir að tvö ungmenni létust í árekstri við lögreglu. Vitni sögðu lögreglumenn hafa skilið ungmennin eftir á vettvangi. Tvö ár eru síðan til óeirða kom víða um Frakkland sem vörðu í þrjár vikur.**

**FRAKKLAND, AP** Hópur ungmenna kveikti í bílum, grýtti verslanaglugga og gerði áhlaup á lögreglustöð með heimagerðum eldsprengjum í úthverfi Parísar, höfuðborgar Frakklands, á sunnudagskvöld. Yfir tuttugu lögreglumenn meiddust. Bjó lögreglan sig undir að óeirðaástand myndi skapast á ný í gærkvöld þegar skyggja tæki.

Ofbeldið hófst á sunnudagskvöld eftir að tvö ungmenni létust þegar bifhjól þeirra lenti í árekstri við lögreglubíl í úthverfinu Villiers-le-Bel þar sem arabar og svartir og hvítir búa í félagslegu húsnæði. Íbúar segja lögreglumennina hafa farið af vettvangi og skilið ungmennin tvö eftir.

Stofnun innra eftirlits hjá lögreglunni hóf í gær rannsókn á því hvort lögreglumennirnir væru sekir um manndráp og að aðstoða ekki fólki í hættu, að sögn heimildarmanns hjá lögreglunni sem vildi ekki láta nafns síns getið.

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti er í heimsókn í Kína þessa dagana en sendi þau skilaboð heim að fólk skyldi halda stillingu sinni. „Ég vil að allir rói sig niður og leyfi dómskerfinu að úrskurða um hver beri ábyrgð.“

Í óeirðunum á sunnudagskvöld meiddist 21 lögreglumaður, þar á meðal lögreglustjórinn í Villiers-le-Bel sem var kýldur í andlitið þegar hann reyndi að ræða við óeirðaseggi að sögn lögreglu. Átta voru handteknir.

Árið 2005 kom til verstu óeirða sem orðið hafa í Frakklandi í 40 ár víða um land eftir að tvö ungmenni létust úr raflosti þegar þau reyndu að fela sig fyrir lögreglu í rafstöð. Reiði vegna mismununar, atvinnuleysis og einangrunar kynti undir óeirðaástandi í þrjár vikur þar sem ráðist var að lögreglu, kveikt í bílum og skemmdir unnar á verslunum meðal annars.

Francois Hollande, formaður stjórnarandstöðuflokks Sósíalista, sagði í gær ofbeldið afleiðingu „félagslegrar og pólitískrar krísu“. „Hversu lengi höfum við verið að tala um „áætlun“ fyrir úthverfin?“ sagði Hollande og bætti við að fólk vildi sjá árangur. **sdg@frettabladid.is**







Sjö létust á einum verst farna íþróttaleikvangi Brasilíu samkvæmt nýlegri skýrslu:

# Áhorfendur hröpuðu til bana

**BRASILÍA, AP** Sjö áhorfendur hröpuðu til bana þegar gólf gaf sig undan þeim á íþróttaleikvangi í brasilísku borginni Salvador á sunnudagskvöld. Íþróttaleikvangurinn hafði nýlega verið skilgreindur sem einn sá verst farni í Brasilíu.

Þriggja metra löng hola myndaðist í steinsteypta áhorfendabekki þegar áhangendur fótboltaliðsins Bahia hoppuðu upp og niður í fögnuði yfir því að lið þeirra gerði markalaust jafntefli sem tryggði því sæti í annarri deild. Sjö manns hröpuðu fimmtán metra niður á gangstétt fyrir neðan.

Íþróttaleikvangurinn Fonte Nova var reistur 1951 og var ástand hans metið sem „í rúst“ í skýrslu Sinaeco, samtaka arkitekta og verkfræðinga í Brasilíu, sem kom út 1. nóvember. Í skýrslunni birtust meðal annars myndir af molnandi burðarbitum undir áhorfendapöllunum.

Skýrslan var unnin í tilefni þess að Brasilía mun halda heimsmeistarakeppnina í fótbolta árið 2014 og vildu samtökin gefa yfirvöldum mynd af ástandi stærstu íþróttaleikvanga landsins.

Fonte Nova var ekki á listanum sem brasilísk yfirvöld afhentu Alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA yfir mögulega íþróttaleikvanga í keppninni. Þess í stað voru áform um að reisa nýjan leikvang í Salvador fyrir árið 2011. **- sdg**



**STEYPAN GAF EFTIR** Það glittir í mannfjölda á gangstéttinni fyrir neðan áhorfendabekkina gegnum holuna sem myndaðist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






# Pistasíulamb
## í hungangssinnepshjúpi

**Fyrir 6 manns**

- 1 stk lambalæri
- 6 bökunarkartöflur
- 3 stk steinseljurætur
- 6 gulrætur
- 100 g pistasíuhnetur
- 100 g hunang
- 100 g grófkorna sinnep
- 2,5 dl rjómi
- 30 g þurrkaðir villisveppir
- 8 flúðasveppir
- 1 Skarlottlaukur
- 2 hvítlauksgeirar
- ½ búnt steinselja
- 1 flaska rauðbeðusafi
- 2 glös rauðvín
- 1 stk kanilstöng
- lambakraftur
- ferskt íslenskt tímían og rósmarín

Gulrætur og steinseljurætur skrældar og skornar gróft niður. Því næst eru þær forsoðnar í u.þ.b. 4-5 mín. Setjið þær síðan í eldfast mót og leggið til hliðar. Skerið lykilbeinið í lærinu frá við hækilinn. Hrærið saman gróft sinnep og hunang, smyrjið yfir lambalærið ásamt salti og pipar. Gætið þess að nota bara helminginn af hunangsblöndunni í fyrsta skiptið. Leggið lambalærið ofan á grænmetið í eldfasta mótinu og steikið í ofni við 160° (miðað við 45 mín. á kíló). Hafið lok á mótinu síðasta korterið. Takið lokið af og smyrjið afganginum af hunangsblöndunni yfir lambið og stráið síðan söxuðum pistasíunum yfir. Hækkið þá ofninn í 175º. Skrælið kartöflurnar, brytjið þær niður og sjóðið í 3-5 mín. Leggið villisveppina í bleyti í vatn. Skrælið laukinn og hvítlaukinn og látið krauma á pönnu. Skerið flúðasveppina og bætið á pönnuna, því næst kartöflunum og villisveppunum. Hellið svo rjómanum út á og setjið allt í eldfast mót. Bakið þetta í ofni í 30 - 45 mín. um leið og lambið.

### Sósa

Sjóðið rauðbeðusafann og rauðvínið niður um 2/3. Bætið vatni og lambakrafti út í. Þegar lambið er fulleldað er öllum safanum úr steikarmótinu, hellt saman við sósuna og beðið eftir suðu.

*Lambakjöt*

# Friðgeir Ingi
### Yfirkokkur á Hótel Holti

## Afhjúpar heimatrompið

LAMBAKJÖT.IS

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Í hvaða bæjarfélagi gengur ljóðskáld um og hengir skilaboð á bílrúður og ljósastaura?*
2. *Hvaða þjóðarleiðtogi mælti með færri líflátsdómum í opinberri heimsókn til Kína á dögunum?*
3. *Hvað heitir leikkonan sem fer með aðalhlutverkið í íslensku spennuþáttaröðinni Pressu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Lögreglan á Sauðárkróki hefur átt við manneklu að stríða frá því í mars:

# Undirmannað vegna deilna

**LÖGGÆSLA** Lögreglan á Sauðárkróki hefur verið undirmönnuð frá því í mars og nú vantar lögreglumenn í tvær stöður. Heimildir Fréttablaðsins herma að ósætti ríki milli nokkurra lögreglumanna og Ríkharðs Mássonar lögreglustjóra. Einnig er nokkurt innbyrðis ósætti meðal lögreglumanna. Varð þetta ástand meðal annars til þess að einn óbreyttur lögreglumaður sagði starfi sínu lausu í september síðastliðnum. Staða hans hefur enn ekki verið auglýst. Hluti deilunnar stóð um varðstjóra sem kom til starfa í maí í ár en hann hefur ekki gegnt þeirri stöðu frá því í október. Það tengist að nokkru leyti brotthvarfi lögreglumannsins.

Björns Mikaelssonar yfirlögregluþjónn segir að manneklan geri lögreglunni vissulega erfiðara fyrir en það bitni þó ekki á öryggi borgaranna. Venjulega eiga tveir lögreglumenn að standa vaktina en við þessar aðstæður kemur oft fyrir að einungis sé einn á vakt.

Ríkislögreglustjóri hefur komið að deilunni sem enn sér ekki fyrir endann á.

Víðar vantar lögreglumenn til starfa á landinu. Til dæmis er ekki fullmannað hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. - jse



**LÖGREGLAN** Deilur standa milli lögreglumanna og sýslumanns og einnig deila lögreglumenn á Sauðárkróki innbyrðis. Einn lögreglumaður gekk út og ekki hefur verið ráðinn maður í hans stað en einnig vantar í eina stöðu til.

Skemmdarverk í Hamrinum:

# Kveikt í seríu og jólatrénu sjálfu

**LÖGREGLUMÁL Kveikt var í jólatré og ljósaseríu í Hamrinum í Hafnarfirði sem verður ljóslaus næstu daga fyrir vikið.**

**Á heimasíðu Hafnarfjarðar segir að skemmdarverkin hafi uppgötvast efir að ábendingar bárust um að slökkt væri á ljósum á jólatrénu. „Þegar að var gáð kom í ljós að kveikt hafði verið í trénu og ljósaseríunni.**

**Tjónið er metið á um 250- 300 þúsundir króna og hefur málið verið kært til lögreglunnar,“ segir á hafnarfjordur.is.**

- gar

**SLÖKKVILIÐ**

### Reykur í verslun í Kópavogi

Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins var gert viðvart um reyk í verslun í Þverbrekku í Kópavogi, rétt fyrir klukkan níu í gærmorgun. Þegar slökkviliðsmenn bar að garði reyndist reykurinn vera gufa sem þarna myndaðist eftir að kælirör í versluninni fór í sundur. Slökkvilið gufuræsti því næst verslunina.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Braust inn og stal bíl

Karlmaður um tvítugt hefur játað að hafa brotist inn í bílasölu á Akureyri í febrúar. Þaðan stal maðurinn tölvuskjáum, plöstunarvél og tók pallbíl sem stóð á bílasölunni og fór í ökuferð inn Eyjafjörðinn. Sú ökuferð endaði utan vegar skammt frá Hrafnagili þar sem billinn valt og stórskemmdist.

EFLING STÉTTARFÉLAG Stendur með þér!

**Félagsfundur**

Efling-stéttarfélag boðar til félagsfundar í Kiwanishúsinu við Engjateig 11 fimmtudaginn 29. nóvember kl. 18.00

**Dagskrá:**
1. Félagsmál
   Undirbúningur kjarasamninga
2. Önnur mál

*Félagar! Mætið vel og stundvíslega*

**Stjórn**
**Eflingar-stéttarfélags**




# Ístak sagt eyðileggja Leirvogstungumela

**Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar segir verktakafyrirtækið Ístak hafa unnið óbætanlegar skemmdir á Leirvogstungumelum með námavinnslu þar. Ístak hætti vinnslu eftir gagnrýni nefndarinnar og vill samvinnu við bæinn um málið.**

**UMHVERFISMÁL** Verktakafyrirtækið Ístak er sakað um óafturkræfa eyðileggingu á Leirvogstungumelum.

„Þeir hafa farið út fyrir það svæði sem er skilgreint í starfsleyfinu og hafa verið að sprengja úr föstu bergi sem samkvæmt okkar skilningi er ekki samkvæmt starfsleyfinu,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

Ístak tilkynnti bæjaryfirvöldum á föstudag um að fyrirtækið væri hætt námavinnslunni í bili þar til samkomulag næðist við bæinn um framhaldið. Daginn áður hafði umhverfisnefnd bæjarins samþykkt harðorða bókun um starfsemi Ísaks á Leirvogstungumelum. Fyrirtækið hefur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis.

„Umhverfisnefnd harmar þá óafturkræfu eyðileggingu sem orðin er á Leirvogstungumelum í tengslum við námavinnslu þar síðastliðna mánuði. Umhverfisnefnd fer fram á að farið verði eftir uppgræðsluáætlun í starfsleyfi um lokun námasvæða á Leirvogstungumelum. Enn fremur leggur nefndin það til við heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis að dagsektir verði hækkaðar verulega eða starfsleyfi afturkallað,“ sagði í bókun nefndarinnar. Formaður nefndarinnar er Elísabet Kristjánsdóttir úr Vinstri grænum. Hún er jafnframt formaður Skógræktarfélags Mosfellsbæjar.

Fulltrúi minnihluta Framsóknarflokks í umhverfisnefndinni sagðist krefjast þess að fyrirtæki sem ynnu innan lögsögu Mosfellsbæjar færu að lögum og reglum við umgengni við náttúru. „Ljóst er að malarnám Ístaks hf. utan marka starfsleyfis á ekki að líða og er þess krafist að Mosfellsbær beiti sektarákvæðum gagnvart þeim fyrirtækjum sem ekki virða umhverfi og lög,“ sagði í bókun Halldóru M. Baldursdóttur.

„Við viljum ekkert segja um þetta mál á meðan það er til vinnslu í samstarfi okkar og bæjaryfirvalda,“ segir Teitur Gústafsson, viðskiptafræðingur hjá Ístaki.

Haraldur bæjarstjóri segir allt benda til að málið leysist farsællega. „Þeir hafa dregið í land og stöðvað sína vinnu þar til samkomulag næst um fyrirkomulag vinnslunnar,“ segir hann.

gar@frettabladid.is



**NÁMASVÆÐIÐ** Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar segist harma „þá óafturkræfu eyðileggingu sem orðin er á Leirvogstungumelum í tengslum við námavinnslu þar síðastliðna mánuði.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



**HARALDUR SVERRISSON**



**ELÍSABET KRISTJÁNSDÓTTIR**

Kevin Rudd ætlar ekki að sitja aðgerðalaus eftir kosningasigurinn á laugardag:

# Byrjar strax að efna loforðin

**ÁSTRALÍA, AP** Kevin Rudd, leiðtogi Verkamannaflokksins í Ástralíu, er ekkert að tvínóna við hlutina. Strax daginn eftir sigur Verkamannaflokksins í þingkosningum á laugardag hófst hann handa við að skipuleggja hvernig hann ætlaði að efna kosningaloforðin.

Hann ætlar að byrja á því að staðfesta Kyoto-bókunina og bera fram formlega afsökunarbeiðni til frumbyggja álfunnar fyrir þá meðferð sem þeir máttu sæta lengi vel. Þá ætlar hann að útvega öllum grunnskólanemendum tölvu og endurskoða atvinnulöggjöfina. Síðan ætlar hann í áföngum að kalla bardagasveitir ástralska hersins heim frá Írak.

Með kosningasigri sínum batt Rudd enda á tólf ára stjórnartíma Íhaldsflokksins. John Howard, fráfarandi forsætisráðherra, skapaði sér töluverða reiði frumbyggja vegna þess að hann hefur ekki viljað biðja þá afsökunar. Ekki hefur hann heldur viljað staðfesta Kyoto-bókunina, en nú þegar Ástralía gerir það verða Bandaríkin eina iðnvædda ríkið sem ekki hefur staðfest þennan samning um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Í gær voru endanlegar niðurstöður kosninganna ekki ljósar. - gb



**KEVIN RUDD** Næsti forsætisráðherra Ástralíu skýrir frá fyrirætlunum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

netto netto netto netto netto

35% afsláttur




**3.887** kr/stk. áður 5.980 kr/stk.
**Snertu hörpu mína**

38% afsláttur




**2.654** kr/stk. áður 4.280 kr/stk.
**Minnisbók**

37% afsláttur




**3.452** kr/stk. áður 5.480 kr/stk.
**Vasast í öllu**

35% afsláttur




**1.879** kr/stk. áður 2.890 kr/stk.
**Einu sinni var dramadrottning í ríki sínu**

35% afsláttur




**3.042** kr/stk. áður 4.680 kr/stk.
**Dauði trúðsins**

35% afsláttur




**3.297** kr/stk. áður 4.980 kr/stk.
**Sagan um Bíbí Ólafsdóttur**

38% afsláttur




**2.970** kr/stk. áður 4.790 kr/stk.
**Harðskafi**

35% afsláttur




**3.244** kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
**Heimsmetabókin 2008**

40% afsláttur




**2.808** kr/stk. áður 4.680 kr/stk.
**Englar dauðans**

38% afsláttur




**2.908** kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
**Enginn má sjá mig gráta**

38% afsláttur




**3.094** kr/stk. áður 2.780 kr/stk.
**Óreiða á striga**

38% afsláttur




**1.854** kr/stk. áður 2.990 kr/stk.
**Beygluð og brotin hjörtu**

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Gildir 27. nóvember og 28. nóvember
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



**VÍGALEGUR VIÐ DÓMKIRKJUNA** Þessi vígalegi maður stóð fyrir utan dómkirkjuna í Mexíkóborg í gær. Kirkjunnar er vandlega gætt af lögreglu síðan mótmælendur brutust inn í hana í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pútín sakar Bandaríkin um að ekkert kosningaeftirlit verður í Rússlandi:

# Hefur áhrif á samskiptin

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti sakar Bandaríkin um að standa á bak við ákvörðun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) um að senda ekki kosningaeftirlitsmenn til Rússlands um næstu helgi, þegar þar verða haldnar þingkosningar.

„Samkvæmt upplýsingum sem við höfum var þetta gert samkvæmt ráðleggingu bandaríska utanríkisráðuneytisins, og við munum vafalaust taka það með í reikninginn í samskiptum okkar við þetta ríki,“ sagði Pútín. „Markmið þeirra er greinilega að láta líta út fyrir að kosningarnar verði ekki lögmætar, en þeim mun ekki takast það.“

Sean McCormick, talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins, segir ekkert hæft í þessum ásökunum og Urður Gunnarsdóttir, talsmaður kosningaeftirlits ÖSE, sagði þær fáránlegar.

Um síðustu helgi voru tugir stjórnarandstæðinga handteknir á mótmælafundum, bæði í Moskvu og Pétursborg, aðeins viku fyrir kosningar.

Í gær úrskurðaði dómari í Moskvu að Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák, þyrfti að afplána fimm daga í fangelsisdóm sem hann hlaut fyrir þátttöku sína í mótmælunum. Kasparov hafði áfrýjað dómnum. - gb



**GARRÍ KASPAROV** Skákmeistarinn áfrýjaði dómsúrskurði en þarf að sitja fimm daga í fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Grænfriðungar handteknir:

## Mótmæltu innflutningi olíu

**FINNLAND** Hátt í þrjátíu Grænfriðungar voru handteknir í Finnlandi í gær þegar þeir mótmæltu innflutningi á tíu þúsund tonnum af pálmaolíu til Finnlands. Grænfriðungarnir sátu í fangelsi í nótt en yfirheyrslur hefjast í dag.

Mómælin eru liður í alþjóðlegum mótmælum Grænfriðunga, að sögn finnska dagblaðsins, en þeir eru mótfallnir því að pálmaolía, sem er lífrænt eldsneyti, sé flutt út frá Suðaustur-Asíu. Í vefútgáfu Aftonbladet kemur fram að til að framleiða það magn sem var flutt til Finnlands þurfi svæði sem jafngildir 2.400 fótboltavöllum. - ghs

Samtök atvinnulífsins:

## Gagnrýna frumvarp um jafnrétti

**ATVINNUMÁL** **Samtök atvinnulífsins gera athugasemdir við stjórnarfrumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Í umsögn samtakanna segir að sum ákvæði frumvarpsins séu beinlínis skaðleg og önnur til þess fallin að draga úr sveigjanleika atvinnulífsins.**

**Samtökin ítreka að mikilvægt sé að vinna gegn kynbundinni mismunun en eru ósammála þeim aðferðum sem lagt er upp með í frumvarpinu sem nú er til umfjöllunar í félags- og tryggingamálanefnd Alþingis.**

**Að mati samtakanna er ávinningur frumvarpsins óljós og aðrar leiðir árangursríkari. Samtökin hafa til dæmis lýst sig reiðubúin að styrkja tilraunaverkefni um jafnlaunavottun.** - þo

**ALHEIMURINN**

### Tveir í geimgöngu

Tveir geimfarar héldu í gær í geimgöngu til að klára nýjasta hluta Alþjóðlegu geimstöðvarinnar. Þetta er síðasta geimganga áhafnarinnar áður en geimferjan Atlantis kemur á staðinn.

Yfirskattanefnd hefur komist að niðurstöðu um álitamál tengd Baugi Group:

# Styttist í ákvörðun um ákæru

**BAUGSMÁL** Yfirskattanefnd hefur lokið umfjöllun um álitaefni varðandi skattamál einstaklinga og félaga tengdum Baugi Group, segir Björn Þorvaldsson, settur saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra.

Niðurstaða nefndarinnar er trúnaðarmál, en saksóknari mun í kjölfarið meta hvort ástæða sé til að gefa út ákærur í málinu eða hvort það verði látið niður falla.

Líta má á þetta mál sem þriðja anga hins svokallaða Baugsmáls. Þessi angi málsins varð opinber þegar skattrannsóknarstjóri kærði þrjú fyrirtæki og fjóra einstaklinga fyrir brot gegn skattalögum í nóvember 2004. Meint brot voru í upphaflegri kæru talin nema hundruðum milljóna króna.

Á meðal þeirra sem hafa legið undir grun eru Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs Group, og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baugs.

Baugur Group er stærst þeirra félaga sem fjallað er um, en hin eru Gaumur, fjölskyldufyrirtæki Jóns Ásgeirs, og Fjárfar, sem settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu hefur haldið fram að Jón Ásgeir hafi stjórnað í raun. Því hefur Jón Ásgeir ávallt neitað.

Yfirskattanefnd hafði til meðferðar álitaefni um skattskyldu vegna meintra brota, og getur niðurstaða hennar haft áhrif á niðurstöðu saksóknara.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að niðurstaða yfirskattanefndar væri trúnaðarmál, og hann gæti því ekki fjallað um málið í fjölmiðlum. - bj



**BÍÐA NIÐURSTÖÐU** Engin ákvörðun hefur verið tekin um það hvort ákæra verður gefin út á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni eða Tryggva Jónssyni vegna meintra skattalagabrota. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umhverfisráðherra:

## Aftur samið um loftslagið

**STJÓRNMÁL** **Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hyggst á morgun upplýsa fjölmiðla um þróun mála í loftslagsmálum í heiminum.**



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**

**„Innan skamms hefst alþjóðleg samningalota um hvað muni taka við þegar Kyoto-bókunin rennur út áramótin 2012-2013. Loftslagsráðstefna í Balí í desember verður fyrsti fundurinn í þessari lotu en henni mun ljúka með fimmtánda aðildarríkjafundi Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn árið 2009,“ segir í tilkynningu frá umhverfisráðuneytinu. Ráðuneytið hefur boðið Árna Finnssyni, formanni Náttúruverndarsamtaka Íslands, og Pétri Reimarssyni, forstöðumanni stefnumótunar- og samskiptasviðs Samtaka atvinnulífsins, á fundinn til að lýsa afstöðu sinna samtaka til komandi viðræðna.** - gar

Hafnarfjörður:

## Ungbarnaskóli í undirbúningi

**HAFNARFJÖRÐUR** Tveir leikskólakennarar stefna að því að opna ungbarnaskóla í Hafnarfirði og hafa óskað eftir að gera þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ svipaðan og Hjallastefnan hefur gert og hafa óskað eftir því að bærinn leggi þeim til viðeigandi húsnæði.



**ELLÝ ERLINGSDÓTTIR**

Ungbarnaskólinn myndi taka við börnum um eins árs aldurinn og brúa bilið þar til börnin kæmust inn í leikskóla í kringum 18-20 mánaða aldur. Miðað yrði við 24 börn.

Ellý Erlingsdóttir, formaður Fræðsluráðs, segir að bilið milli orlofsloka og leikskóla sé að styttast og alltaf séu einhverjir sem þurfi að brúa bilið. Fræðsluráð hafi tekið jákvætt í erindið en það sé enn til umfjöllunar. - ghs

**VENESÚELA**

### Tengsl við Kólumbíu fryst

Hugo Chavez, forseti Venesúela, segist hafa fryst tvíhliða tengsl við nágrannaríkið Kólumbíu eftir að forseti Kólumbíu, Alvaro Uribe, batt enda á hlutverk Chavez sem sáttasemjara í gísladeilu við uppreisnarhreyfinguna FARC. Chavez sagði ákvörðunina „hráka í andlitið“ og kallaði Uribe lygara.


Varst þú valinn sem þátttakandi í könnuninni?

LÝÐHEILSUSTÖÐ

Könnun á heilsu og líðan Íslendinga árið 2007



Lýðheilsustöð og samstarfsaðilar þakka þeim fjölmörgu sem hafa svarað fyrir góðar undirtektir.

Þeim sem eiga eftir að svara sendum við nýjan spurningalista á næstu dögum.
Fáir þú spurningalista þá vonum við að þú leggir okkur lið með því að svara honum og senda okkur svörin.

**Þín þátttaka er mikilvæg**

Bestu þakkir
Lýðheilsustöð og samstarfsaðilar

HÁSKÓLI ÍSLANDS LÝÐHEILSUSTÖÐ

Lýðheilsustöð/Hugtök Nov 2007.


GLEÐIGJAFIR
FA162
LG
Minisamstæða
29.900
LG
SM3044
Töfrasproti
4.490
20LS5R
20" LCD sjónvarp
20LS5R
Upplausn 640x480
Skerpa 3000:1
Svartími 8 ms
Birtustig 450
54.900
LG
57.900
DSL19M1WC
19" LCD sjónvarp m/DVD
Upplausn 1440x900
14.900
400263
Stafræn myndavél
FS2841
Morgunverðarsett
9.990
25.900
CRX808
Ferða DVD
í bílinn
SCOTT
DVD
16.200
DPXi720
Ferða DVD
3.900
UM2927
Blandari
11086
Tangent
uno útvarp
8.990
9.900
Áður 12.900
DVXi980HD
Scott HDMI DVD spilari
13.900
MDXi30
Scott Minisamstæða
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16



**DRENGUR Í AFGANISTAN** Þessi drengur í bænum Pakitta í Afganistan heldur á teppi, skóm og öðrum varningi sem hann fékk hjá bandarískum hermönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íbúðalánasjóður eignast íbúðir vegna gjaldþrota einstaklinga og fyrirtækja:

# Íbúðalánasjóður á 63 íbúðir um allt land

**FASTEIGNIR** Íbúðalánasjóður á sextíu og þrjár íbúðir á landinu. Tæplega helmingur þeirra er á Austurlandi og mjög margar eru á Norðurlandi.

Hallur Magnússon, sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði, segir að íbúðirnar hafi komist í eigu sjóðsins þar sem rekstraraðilar eða einstaklingar hafi orðið gjaldþrota. Fáar íbúðir séu frá 2002-2003, ein á Raufarhöfn og önnur í Vesturbyggð, en annars hafi þær komist í eigu sjóðsins í ár og í fyrra. „Það sýnir að þessar íbúðir koma inn og fara út aftur.“

Íbúðalánasjóður á þrjátíu íbúðir á Austurlandi, fyrst og fremst í Neskaupstað og Höfn í Hornafirði. Þá á hann tuttugu íbúðir á Norðurlandi. Aðeins fáar íbúðir eru í eigu sjóðsins í öðrum landshlutum.

**UPPBOÐSÍBÚÐIR**
**í eigu Íbúðalánasjóðs**

| | |
|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 1 |
| Suðurnes | 5 |
| Vesturland | 2 |
| Vestfirðir | 2 |
| Norðurland | 20 |
| Austurland | 30 |
| Suðurland | 3 |
| Samtals | 63 |

HEIMILD: ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR



**HALLUR MAGNÚSSON** „Þessar íbúðir koma inn og fara út aftur.“

Hallur segir að íbúðum í eigu sjóðsins hafi fækkað upp á síðkastið, í september hafi íbúðirnar verið 65 og nú séu þær 63.

Í Neskaupstað hafi leigufélag orðið gjaldþrota. Það hafi átt þrettán leiguíbúðir og leigjendur séu í þeim öllum. Hjá sjóðnum liggi umsóknir um lán til íbúðakaupa í Neskaupstað þannig að þörfin sé til staðar.

Á Hornafirði á sjóðurinn níu íbúðir vegna leigufélags sem varð gjaldþrota, í Dalvík eru níu íbúðir, á Raufarhöfn eru fjórar íbúðir, í Ólafsfirði eru tvær íbúðir í eigu sjóðsins og tvær á Akureyri. Þá á sjóðurinn þrjár íbúðir í Sandgerði og tvær í Reykjanesbæ og svo eru aðrar íbúðir á víð og dreif um landið. - ghs

Efling matvælarannsókna:

## Háskóli Íslands og Matís semja

**MENNTUN** Háskóli Íslands og Matvælarannsóknir Íslands (Matís) munu vinna saman að því að efla rannsóknir og menntun í matvælafræðum, matvælaverkfræði, líftækni og matvælaöryggi samkvæmt samningi sem undirritaður var á föstudag og vottaður af Einari K. Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra.

Markmið samningsins er að efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs, bæta lýðheilsu og tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra nýtingu. umhverfisins. - eb

Yfirmaður norska hersins:

## Finnar fái upplýsingar NATO

**FINNLAND** Yfirmaður norska hersins, Sverre Diesen hershöfðingi, telur að Atlantshafsbandalagið (NATO) eigi að gefa samstarfslöndum á borð við Finnland upplýsingar sem nú eru einungis gefnar löndum innan NATO. Þetta kemur fram í Helsingin Sanomat.

„Ef löndin senda sveitir í sömu verkefni og bera sömu ábyrgð og NATO-löndin þá eiga þau skilyrðislaust að fá sömu upplýsingar,“ segir Diesen. - ghs



**ÁNÆGÐIR ELDRI BORGARAR** Félag eldri borgara fær afnot af félags- og þjónustumiðstöð á Nesvöllum í Reykjanesbæ.

Félag eldri borgara:

## Allt á einn stað

**REYKJANESBÆR Félag eldri borgara hefur gert þjónustusamning við Reykjanesbæ um afnot af nýrri félags- og þjónustumiðstöð á Nesvöllum.**

**Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði tilbúið í mars á næsta ári, en Félag eldri borgara hefur komið að skipulagningu þess síðan árið 2005.**

**Byggður verður upp 2.500 fermetra kjarni með þjónustumiðstöð, útivistarsvæði og húsnæði.**

**Tómstundaaðstaða eldri borgara verður þá komin á einn stað. Kemur hún til með að leysa af hólmi húsnæði á ýmsum stöðum í bæjarfélaginu.** - eb

**SPÁNN**

### Ólöglegar fóstureyðingar

Sex voru handteknir þegar lögreglan á Spáni gerði áhlaup á staði þar sem talið er að gerðar séu ólöglegar fóstureyðingar. Á Spáni eru fóstureyðingar aðeins leyfilegar ef um er að ræða nauðgun, vansköpun fósturs eða ef heilsa konunnar er í hættu.

# Uppsagnir hjá kennurum vegna launa

**Óróleiki er í kennurum í Hafnarfirði út af lélegum launum. Í Áslandsskóla er mönnun óvenju erfið. Þar hafa tveir kennarar sagt upp vegna kjaramála. Skólastjórinn segir kennara þreytta á að fá aldrei leiðréttingu launa.**

**SKÓLAMÁL** Erfiðlega hefur gengið að manna grunnskóla í Hafnarfirði í vetur. Fimm kennara vantar í Áslandsskóla frá og með áramótum. Tveir kennarar hafa sagt upp störfum vegna óánægju með laun en þrír fara í barnsburðarleyfi eftir áramót. Í Hvaleyrarskóla hafa tveir kennarar sagt upp en líklega er búið að ráða í fólk í þeirra stað. Einn kennara vantar í Hraunvallaskóla en nýbúið er að ráða forfallakennara.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segir að óvenjuerfitt hafi verið að manna skólana í vetur. Miklar uppsagnir hafi verið í haust og búast megi við að þannig verði það allt skólaárið.



**LEIFUR S. GARÐARSSON**



**ÓLAFUR LOFTSSON**

Leifur S. Garðarsson, skólastjóri Áslandsskóla, segir að hingað til hafi verið eftirsótt að starfa í Áslandsskóla og umsóknum rignt inn en nú vanti kennara í skólann. Hann telur að kennarar séu búnir að fá nóg af lélegum kjörum og gagnrýnir upplýsingaskort.

„Kennarasambandið ætlar að kynna kröfugerð sína í janúar en það er of seint,“ segir Leifur og kveðst hafa á tilfinningunni að samninganefnd sveitarfélaga sé óvilhöll grunnskólanum, það sé „þvílíkur fórnarkostnaður í hverjum aur enda hafa kennarar aldrei fengið krónu í kauphækkun upp á síðkastið, það er alltaf verið að kaupa af þeim vinnu. Fólk er orðið þreytt á því að launin eru aldrei leiðrétt. Kennarar eru búnir að dragast svo mikið aftur úr að það er betur metið að moka skurð eða svara í síma,“ segir hann.



**TVEIR SAGT UPP** Ástandið er óvenjuslæmt í Áslandsskóla en þar hafa tveir kennarar sagt upp vegna lélegra launa og þrír eru á leið í barneignarleyfi. Starfsumsóknum kennara hefur venjulega rignt þar inn og því er ástandið óvenjulegt.

> Ég held að ástandið geti orðið grafalvarlegt og vona bara að það verði ekki liðhlaup úr skólum landsins.
>
> **HARALDUR HARALDSSON**
> SKÓLASTJÓRI LÆKJARSKÓLA

Helgi Arnarson, skólastjóri Hvaleyrarskóla, kannast við umræður um launamál og meintan flótta kennara úr stéttinni. Á atvinnuauglýsingum megi sjá að ástandið sé víða slæmt.

Haraldur Haraldsson, skólastjóri Lækjarskóla, segist finna óróleika meðal kennara og krossar fingur, sér sé ekki rótt. „Ég finn fyrir þreytutóni í mínu fólki gagnvart kjörum sínum og skil það vel. Lækjarskóli er vel settur en það má ekki mikið út af bera. Ég held að ástandið geti orðið grafalvarlegt og vona bara að það verði ekki liðhlaup úr skólum landsins,“ segir hann.

Kjarasamningar kennara og skólastjóra eru lausir 31. maí og hefjast kjaraviðræður um miðjan febrúar. Ólafur segir kennara leggja áherslu á launahækkun enda hafi þeir mátt þola kaupmáttarrýrnun upp á tæp sex prósent upp á síðkastið. ghs@frettabladid.is






Þrjátíu ára málaferli gegn fyrrverandi fangaverði í útrýmingarbúðum nasista:

# Berst enn gegn brottvísun

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk stjórnvöld hafa allt frá árinu 1977 reynt að vísa John Demjanjuk, fyrrverandi bifreiðasmið í Cleveland, úr landi vegna gruns um að hann hafi verið fangavörður í útrýmingarbúðum nasista.

Nú á fimmtudaginn hefjast vitnaleiðslur enn á ný fyrir dómstóli þar sem Demjanjuk, sem orðinn er 87 ára, reynir að fá nýjasta brottvísunarúrskurðinum hnekkt.

Demjanjuk, sem er upphaflega frá Úkraínu og var skírður Ívan, var framseldur til Ísraels árið 1986 og hlaut þar dauðadóm. Hann sneri þó aftur til Cleveland árið 1993 eftir sjö ára fangavist þegar hæstiréttur Ísraels hafði komist að þeirri niðurstöðu að hann væri ekki Ívan Marsjenko, hinn illræmdi fangavörður í Treblinka sem jafnan var nefndur Ívan grimmi. Fyrir því væru ekki nægar sannanir, þótt á fjórða tug fyrrverandi fangavarða og fanga hefðu sagt það.

Demjanjuk hefur alla tíð haldið því fram að hann hafi sjálfur verið fangi nasista í Treblinka, en verið neyddur til að starfa þar sem fangavörður. Hann hafi þó ekki farið illa með nokkurn mann.

Bandaríkjastjórn vill vísa honum úr landi, til Úkraínu, Póllands eða Þýskalands, á þeim forsendum að hann hafi komið á fölskum forsendum til landsins. Hann hafi nefnilega ekki greint frá því þegar hann kom að hann hafi verið fangavörður hjá nasistum. - gb



**SÝKNAÐUR Í ÍSRAEL** Hæstiréttur Ísraels taldi John Demjanjuk ekki vera Ívan grimma. NORDICPHOTOS/AFP

# Mest selda bókin á Íslandi í dag!



Leifur Kolbeinsson
La Primavera

*ítölsk matargerðarlist*

framreidd af einum færasta matreiðslumanni landsins í ítalskri matargerð!






1.499kr
GOTT VERÐ

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

LEGACY

# ÖRUGGUR




| Subaru Legacy | SUBARU |
|---|---|
| Sport Sedan, beinsk. | **2.550.000 kr.** |
| Sport Sedan, sjálfsk. | **2.680.000 kr.** |



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt í því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

ENNEMM / SÍA / NM30825




SYMMETRICAL AWD

SUBARU

Um leið og við bjóðum væntanlega viðskiptavini velkomna í skemmtilegt samstarf, viljum við bjóða núverandi viðskiptavinum að koma og kynna sér nýjungarnar og hver veit nema einhver af verkstjórunum okkar, þeir Gulli, Kári eða Kristján, skreppi með þér út að skipta um peru eða þurrkublað.

Kveðja frá þjónustudeild.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is / Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

IH
INGVAR HELGASON

## Svona erum við

> Hreindýraveiði 1995 - 2005.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR

# *Átján milljónir eru hámarkslán*

Íbúðalánasjóður hefur hækkað vexti lána sinna í kjölfar hækkana á fasteignalánum bankanna. Sérfræðingar telja fyrirsjáanlegt að eftirspurn eftir lánum til íbúðakaupa dragist tímabundið saman.

**Hvað þarf til að fá lán?**
Forsenda fyrir láni frá Íbúðalánasjóði er að fara í mat á greiðslugetu. Hægt er að sjá eigið mat með því að færa inn upplýsingar um tekjur, eignir og útgjöld í reiknivél á heimasíðu sjóðsins. Staðfesting á greiðslumati og lánshæfi er send um leið og upplýsingar hafa verið vistaðar og beðið um staðfestingu.

**Hversu há eru lánin?**
Lánsupphæð er 18 milljónir að hámarki. Veðsetningarhlutfall er mest 80 prósent af kaupverði en má ekki vera meira en svarar til brunabótamats eignarinnar og lóðamatsins.

Vextir eru nú 5,30 prósent með þeim skilmálum að greiða þarf sérstakar þóknanir fyrir uppgreiðslu lánsins og aukaafborganir gegn uppgreiðsluþóknun. Vextirnir eru hins vegar 5,55 prósent ef uppgreiðsla og aukaafborganir eru endurgjaldslausar. Lánin eru að auki verðtryggð. Lánstíminn er 20, 30 eða 40 ár.

**Hvað þarf að greiða í upphafi?**
Borga þarf 1 prósent í lántökugjald og 1,5 prósent í stimpilgjald. Af 15 milljóna króna láni er þessi upphæð samtals 375 þúsund krónur. Hægt er að velja um 4 eða 12 gjalddaga á ári. Útsendur greiðsluseðill kostar 195 krónur í hvert sinn en rafrænn greiðsluseðill kostar 160 krónur.

**Heimild: Íbúðalánasjóður**



# Offita vaxandi vandi á Íslandi

**Offita er ört vaxandi heilbrigðisvandamál og Ísland er þar engin undantekning. Meirihluti fullorðinna Íslendinga er yfir kjörþyngd og hlutfall þeirra sem eru í offituflokki er komið yfir þau mörk sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) skilgreinir sem offitufaraldl. Þróunin er einna verst hjá yngri aldurshópum. Þetta kemur fram í nýrri bók Tinnu Laufeyjar Ásgeirsdóttur, doktors í heilsuhagfræði, Holdafar – hagfræðileg greining.**

Birtingarmynd holdafarsþróunarinnar er margþætt fyrir einstaklinga, atvinnumarkaðinn og fleiri svið samfélagsins. Aukinn kostnaður heilbrigðiskerfisins er eitt þeirra vandamála sem taka þarf tillit til en án afdrifaríkra inngripa munu breytingar á holdafari leiða til mikillar útgjaldaaukningar innan heilbrigðis- og tryggingakerfisins.

**Sívaxandi kostnaður**
Offitusjúklingar þjást af fjölmörgum fylgisjúkdómum. Há tíðni fylgikvilla leiðir til aukinnar notkunar á heilbrigðisþjónustu, meiri lyfjanotkunar og skerts starfsþreks þeirra sem glíma við vandann. Er þetta sérstakt áhyggjuefni sérfræðinga í lífvísindum og heilbrigðisyfirvalda um allan heim, og þá sérstaklega á Vesturlöndum.

Offita getur haft í för með sér verulegan heilsubrest og af sjúkdómum sem henni fylgja má nefna kvilla í stoðkerfi, sykursýki, hjarta- og æðasjúkdóma, gallsteina og gigt, og ýmis krabbamein eru líklegri til að hrjá þá sem eru of feitir.



TINNA LAUFEY ÁSGEIRSDÓTTIR, DOKTOR Í HAGFRÆÐI Hefur undanfarin ár rannsakað heilsu og vinnumarkað í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Tinna Laufey starfar sem sérfræðingur við Hagfræðistofnun og veitir meistaranámi í heilsuhagfræði við Háskóla Íslands forstöðu. Hún hélt kynningarfyrirlestur á vegum Lýðheilsustöðvar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Talið er að offita einstaklings auki notkun hans á heilbrigðisþjónustu innan sem utan sjúkrahúsa um 36 prósent og lyfjanotkun um 77 prósent. Heildarkostnaður við offitu og fylgikvilla hennar er yfirleitt talinn nema um 6 prósentum af útgjöldum ríkja til heilbrigðismála en þó hefur þetta mat jafnvel farið upp í 9 prósent í sumum löndum. Við hverja aukningu meðallíkamsþyngdarstuðuls Íslendinga um eitt stig mun árlegur ytri heilbrigðiskostnaður á Íslandi hækka um tæpa tvo milljarða.

Rúmlega helmingur Íslendinga er yfir kjörþyngd og rúmlega 15 prósent eiga við offitu að stríða samkvæmt skilgreiningum WHO. Þó skal það tekið fram að einstaklingar eru líklegir til að draga úr líkamsþyngd í könnunum og þegar tekið er tillit til þessa er áætlað að allt að 23 prósent Íslendinga glími við offitu. Samkvæmt mælikvörðum WHO er því ljóst að um offitufarald er að ræða á Íslandi.

**Mest aukning hjá börnum**
Tinna Laufey telur að þyngdaraukningin hafi verið mjög hröð síðasta einn og hálfan áratug og hröðust sé hún hjá börnum. Börn fá síður sjúkdóma tengda offitu en fullorðnir en þróunin veldur verulegum áhyggjum þar sem offita á unga aldri eykur líkur á því að einstaklingar glími við offitu á fullorðinsárum. Erlendar rannsóknir sýna að of þung börn eru 50-60 prósentum líklegri til þess að vera líka of þung þegar fullorðinsaldri er náð. „Börn sem eru of feit standa ekki jafnfætis öðrum börnum. Í ljósi þess þarf að stuðla að heilbrigðum lífsstíl hjá börnum, burtséð frá samfélags- og efnahagslegri stöðu fjölskyldna þeirra, því að öðrum kosti búa þau við innbyggðan ójöfnuð allt sitt líf," segir Tinna Laufey. Hún telur að hér á landi séu mikil sóknarfæri vegna mikillar þátttöku íslenskra barna í skólakerfinu. Skólar og dagheimili séu mikilvægir mótunarstaðir sem geti ráðið úrslitum um hegðun barna þegar kemur að hreyfingu og mataræði.

**Leiðir til umbóta**
Ein meginniðurstaða Tinnu Laufeyjar í bókinni er að mikilvægt sé að skapa umhverfi sem auðveldar fólki að hreyfa sig, auk þess að virkja heilbrigða lifnaðarhætti almennt. Þetta sé afar mikilvægur þáttur til að sporna við offitu og auknum krónískum sjúkdómum sem henni fylgja.

Tinna bendir á að margt bendi til að aðgengi að almenningsgörðum, samgöngukerfi, leikvöllum, skólum og leikskólum hafi áhrif á viðhorf fólks til hreyfingar og hollustu. Samgöngumál sem beinast að einstaklingnum sjálfum og tækifærum hans til að hreyfa sig eru því mikilvægt áhersluatriði. Þetta skuli stjórnvöld taka til athugunar vegna þess að það að ganga eða hjóla stuttar vegalengdir sameinar hreyfingu og daglegt líf og stuðlar að heilbrigði fólks á öllum aldri. Tinna Laufey leggur einnig afar mikið upp úr því að beina forvarnaraðgerðum að börnum. Tryggja þurfi að þau fái sem bestar upplýsingar og geti það haft úrslitaáhrif á þróun mála til framtíðar. Ástæðan er meðal annars sú að þyngdartap getur verið mjög erfitt á fullorðinsárum og aðgerðir sem beinast að fullorðnum eru því oft mjög kostnaðarsamar miðað við þann árangur sem næst.

## SJÖ TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA

1. Gagnasöfnun um heilsu, heilbrigði og lífsstíl verði efld til muna og hún samræmd yfir lengri tímabil.
2. Í kjölfar stóreflldrar gagnasöfnunar verði leitað leiða til að styðja við bakið á rannsakendum, til dæmis með aðgengi að umræddum gögnum.
3. Stuðlað verði að því að öll börn og unglingar hafi auðvelt aðgengi að hollu mataræði á skólatíma.
4. Settar verði takmarkanir á markaðsdreifingu hitaeiningaríkrar fæðu sem beint er að börnum.
5. Tryggt verði að öll börn og unglingar hafi auðvelt aðgengi að aðstöðu til hreyfingar.
6. Ákveðnar matvörur, svo sem drykkir sem innihalda viðbættan sykur, verði skattlagðar í samræmi við almenna skattheimtu í landinu.
7. Umhverfis- og skipulagsmál verði miðuð að því að gera fólki kleift að stunda útiveru við ferðir á milli staða sem og í leik.

** Helstu tillögur sem settar eru fram í bókinni Holdafar – hagfræðileg greining.*



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

## SPURT & SVARAÐ
SAMVINNA LÖGREGLUNEMA

### *Finna ekki upp hjólið*



**PÉTUR BERG MATTHÍASSON** Stjórnmála- og lögsýslufræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra.

Íslenskir lögreglunemar eiga nú í fyrsta skipti samstarf um afbrotavarnir við lögreglunema á hinum Norðurlöndunum. **Hverju skilar svona samstarf?**
Þetta skilar sér í þekkingu nemenda á aðferðum lögreglu í nágrannalöndunum. Þar má oft finna atriði sem gætu nýst vel hér á landi svo menn séu ekki að finna upp hjólið aftur. Að auki myndast vonandi gott samband milli þessara nema, sem getur auðveldað upplýsingaflæði.

**Eru afbrotavarnir í svipuðum farvegi á Norðurlöndunum?**
Nám í lögregluskólunum á Norðurlöndunum er ólíkt, það er til dæmis þriggja ára nám í Noregi. Segja má að kennslan á sviði afbrotavarna standi fremst í Noregi og Svíþjóð.

**Er þetta upphafið að frekara samstarfi lögreglunema?**
Verkefnið hefur gengið mjög vel og við erum ánægð með það. Það sem var erfiðast var að samræma, til dæmis voru nemarnir í Noregi á öðru ári en Íslendingarnir og Finnarnir á fyrsta ári. Það eru miklir möguleikar fólgnir í frekara samstarfi, en við höfum ekki ákveðið hvort við höldum þessu áfram. Þetta sýnir þó að það er hægt að eiga svona samstarf.

Ferðafélag Íslands 80 ára

Ferðafélag Íslands verður 80 ára 27. nóvember nk.

Í tilefni af dagsins býður FÍ til afmælisveislu í sal félagsins Mörkinni 6 á milli kl. 18.00 - 20.00 þriðjudaginn 27. nóvember. Boðið verður kaffi og meðlæti í opnu húsi og tilvalið er að kíkja við og heilsa upp á góða félaga á þessum afmælisdegi félagsins.

Ferðafélag Íslands
www.fi.is • s.568-2533,

**bað innréttingar**


WLU 600

# Eitt flottasta úrval landsins

## Mikið úrval fyrir öll baðherbergi - til afgreiðslu af lager

**SÉR-TILBOÐ!**


WLU 06A 120 sm
Eik **58.900,-** stgr.


WLU 06A 120 sm
Hvítt háglans **58.900,-** stgr.


CT 75 75 sm
Hvítt háglans **44.900,-** stgr.


CT55 55 sm
Hvítt háglans **38.900,-** stgr.


WLU 125 45x30 sm
Hvítt háglans/eik **27.900,-** stgr.


WLU 126 50x40 sm
Hvítt háglans **28.900,-** stgr.


WLU 147 86x48 sm
Hvítt háglans / Eik **49.900,-** stgr.


WLU 900
Hvítt háglans


WLU 700 Svart háglans

**WLU**
2 stærðir af glerskápum
3 gerðir af handlaugaskápum

| | | | |
|---|---|---|---|
| **HANDLAUGARSKÁPAR** | | | |
| WLU 600 | 60 X 48 X 60 sm | **38.400.-** | stgr. |
| WLU 700 | 70 X 48 X 60 sm | **40.100.-** | stgr. |
| WLU 900 | 90 X 48 X 60 sm | **44.300.-** | stgr. |
| **HÁR-GLERSKÁPUR** | | | |
| WLU 350 | 35 X 40 X 195 sm | **25.700.-** | stgr. |
| **EFRI-GLERSKÁPUR** | | | |
| WLU 300 | 30 X 21 X 90 sm | **10.900.-** | stgr. |

**www.i-t.is**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**
*- fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
6.842 **+1,33%**

**Fjöldi viðskipta:** 561
**Velta:** 6.927 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FØROYA BANKI** | 4,50% | **EIK BANKI** | 1,83% |
| **ICELANDAIR** | 3,46% | **365** | 1,63% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | 2,79% | **FL GROUP** | 0,95% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,30 +1,48% ... Bakkavör 57,20 +1,42% ... Eimskipafélagið 36,85 +2,79% ... Exista 24,90 +0,81% ... FL Group 20,80 -0,95% ... Glitnir 24,55 +0,41% ... Icelandair 26,90 +3,46% ... Kaupþing 922,00 +2,44% ... Landsbankinn 37,10 +1,51% ... Straumur-Burðarás 15,50 +0,00% ... Össur 98,40 +0,41% ... Teymi 6,30 +2,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Ekki allt gull sem glóir

Fjölmargir fruminnherjar í Straumi-Burðarási 12. janúar 2006 keyptu hluti í bankanum á genginu 17,4 sem var skráð markaðsgengi við lokun markaða sama dag. Meðal þeirra var Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, sem nú hefur hætt störfum hjá bankanum. Keypti hún fimmtán milljónir hluta á þessu gengi. Það sama gerði Margit Robertet, sem hætti nýlega sem framkvæmdastjóri Lánasviðs. Eins og önnur fjármálafyrirtæki hefur markaðsvirði Straums lækkað undanfarið. Í lok dags í gær stóð gengið í 15,50. Það er því ljóst að allur ávinningur af þessum hlutabréfakaupum er gufaður upp. Hins vegar var starfsmönnum veittur söluréttur sem ver þá fyrir mögulegu tapi af þessum viðskiptum. Ætli kostnaður við fjármögnun þessara viðskipta leggist ekki á hluthafa Straums-Burðaráss?



### Hallur ekki allur

Hallur Magnússon, sviðsstjóri þróunarsviðs Íbúðalánasjóðs, hefur sagt upp störfum og hættir hjá sjóðnum um jólin. Mikið hefur mætt á honum þegar bankar hafa gagnrýnt stefnu stjórnvalda, að reka hér umfangsmikla lánastarfsemi til fasteignalána. Og Hallur hefur fengið gusurnar. Hann segir óráðið hvað taki við en hann hefur þó stofnað hlutafélag um sjálfan sig og segist tilbúinn til að fara í ráðgjafarbransann. Hallur er ekki ókunnur ráðgjafarstörfum en hann hefur meðal annars ráðlagt færeysku landsstjórninni um húsnæðiskerfi. Hallur hefur starfað hjá Íbúðalánasjóði í yfir átta ár. Hann hefur lagt stund á rekstrarfræði og stjórnun en er líka sagnfræðingur og þjóðfræðingur að mennt.

## MARKAÐSPUNKTAR

Félög í eigu Guðmundar og Hjálmars Kristjánssona hafa selt hlut sinn í Vinnslustöðinni á genginu 7,9. Kaupendur eru Ísfélag Vestmannaeyja og Kristinn ehf. Söluverð nemur rúmum 3,9 milljörðum króna.

Bandaríkjadalur nýtur vinsælda sem lántökumynt í viðskiptum með hávaxtamyntir, að því er greint er frá í Vegvísi Landsbankans. Ákveðnar myntkörfur, fjármagnaðar með dollara, eru sagðar hafa skilað 17 prósenta ávöxtun það sem af er ári.

Þá munu slæmar aðstæður á bandarískum fasteignamarkaði auka enn á væntan ábata af vaxtamunarviðskiptunum. Líkur eru taldar á frekari lækkun stýrivaxta vestra að sögn Vegvísis, en við það myndi dollar væntanlega enn veikjast.



**HASAR Á HLUTABRÉFAMARKAÐI** Gengi fjármálafyrirtækja tók víða snarpa dýfu á hlutabréfamörkuðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ /AP

# Snarpur snúningur á hlutabréfamarkaði

Helstu hlutabréfavísitölur tóku snarpa dýfu niður á við síðdegis í gær eftir slæmar fréttir úr fjármálaheiminum. Vísitölurnar höfðu fetað í fótspor Nikkei-vísitölunnar í Japan það sem af var degi og hækkað fram að því. Þá þóttu sölutölur frá Bandaríkjunum um síðustu helgi gefa góð fyrirheit um upphaf vikunnar.

Fréttirnar tengjast allar bandarískum undirmálslánamarkaði, sem höggvið hefur nær viðstöðulaust í afkomu fjármálafyrirtækja víða um heim og þykir ljóst að enn séu ekki öll kurl komin til grafar.

Í fyrsta lagi sagði bandaríski fjárfestingarbankinn Goldman Sach frá því að útlit væri fyrir að HSBC, einn stærsti banki Evrópu, gæti þurft að afskrifa allt að tólf milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði um 760 milljarða íslenskra króna, vegna tapaðra útlána. Við bættist að svissneski bankinn UBS sagði horfur á að tekjur fyrirtækisins myndu minnka sökum þess að lánsfé sé orðið mjög dýrt. Í þriðja lagi barst út að Citigroup íhugaði að segja upp allt að sautján þúsund starfsmönnum. Um 320 þúsund starfsmenn vinna hjá bankanum og því um lágt hlutfall að ræða sem sagt verður upp ef af verður.

Stjórnendur bankans leita enn logandi ljósi að nýjum forstjóra í stað Chucks Prince, sem tók poka sinn þegar fyrir lá að bankinn þyrfti að afskrifa 6,5 milljarða dala úr bókum sínum vegna vanskila á fasteignalánum. - jab

# Skýringar Kaupþings róa erlenda fjárfesta

**Kaupþing tilkynnti í gær um lok fjármögnunar vegna yfirtökunnar á hollenska bankanum NIBC. Skuldatryggingarálag (CDS) bankans lækkaði í kjölfarið um 65 punkta. Álag á skuldabréfaútgáfu hinna bankanna minnkaði líka. Kaupþing gerir ráð fyrir að kaupin á NIBC verði að fullu frágengin í janúar næstkomandi.**

Kaupþing hefur tilkynnt um lok fjármögnunar vegna yfirtökunnar á hollenska bankanum NIBC. Um leið greinir bankinn frá því að stöður í sérvörðum skuldabréfum (e. structured credit) verði minnkaðar og gerir ráð fyrir 85 milljóna evra gjaldfærslu á fjórða ársfjórðungi vegna þessa. Í tilkynningu bankans í gær er jafnframt greint nánar frá fjármögnun bankans og lausafjárstöðu.

Upplýsingarnar höfðu strax áhrif á alþjóðlegum fjármálamarkaði, en álag á skuldatryggingar bankans (CDS) hafði lækkað um 65 punkta um miðjan dag í gær. Álagið er mat fjárfesta á áhættu tengdri bankanum og hefur áhættumatið því minnkað sem þessu nemur. Álagið er engu að síður mjög hátt og hærra en á aðra evrópska banka, eða um 275 punktar. Þá nutu Landsbankinn og Glitnir einnig góðs af þróuninni, álag á bréf þeirra lækkaði um 50 og 35 punkta, í 145 hjá Landsbankanum og 205 punkta hjá Glitni.

Fram kemur í tilkynningu Kaupþings að bankinn hyggist gefa út nýtt hlutafé allt að 210 milljónum hluta vegna yfirtökunnar á NIBC. Seljandinn, hópur fjárfesta undir forystu J.C. Flowers & Co., fær í sinn hlut 140 milljónir hluta í Kaupþingi á meðalverðinu 105,67 sænskar krónur. Seljendur NIBC verða við þetta næststærsti hluthafi Kaupþings með um 15,9 prósenta hlut. Að auki greiðir Kaupþing fyrir NIBC 1.392 milljónir evra. „Á sínum tíma kvað samningurinn um kaupin á um ákveðna peningagreiðslu og 110 milljónir hluta til viðbótar. Nú er búið að breyta peningagreiðslunni og koma í staðinn 140 milljónir hluta,“ segir Jónas Sigurgeirsson, forstöðumaður samskiptasviðs Kaupþings. Verðið sem Kaupþing greiðir fyrir bankann nemur miðað við þetta um 2.750 milljónum evra. Þá ætlar Kaupþing að gefa út 70 milljónir hluta og selja í forgangsréttarútboði eftir að kaupin á NIBC eru frágengin. J.C. Flowers & Co. og Exista hafa gert samkomulag um að sölutryggja útboðið. Kaupþing gerir ráð fyrir að kaupin á NIBC verði að fullu frágengin í janúar 2008, en þau bíða engu að síður samþykkis fjármálayfirvalda bæði hér og í Hollandi.

Um miðjan desember á svo að vera fullu lokið samdrætti Kaupþing í stöðum í sérvörðum skuldabréfum, úr 1,6 milljörðum evra í 450 milljónir evra. „Samhliða áformar bankinn að loka 1,3 milljarða evru lausafjárlínu sem bankinn hefur veitt og mun þá ekki vera með slíkar skuldbindingar gegnum lánalínur í tengslum við stöður sínar í sérvörðum skuldabréfum (e. structured credit exposure),“ segir í tilkynningu bankans. Þá kemur fram að Kaupþing sé ekki með beinar stöður í bandarískum undirmálslánum (e. sub-prime) eða skuldavafningum (e. CDOs) sem innihaldi slík lán.

Kaupþing hefur hins vegar óbeina stöðu tengda undirmálslánum þar sem bankinn veitti lán til seljanda NIBC til að fjármagna eignatryggð skuldabréf tengd undirmálslánum sem skilin voru frá í kaupunum á NIBC. „Þetta lán hefur nú verið lækkað úr 236 milljónum Bandaríkjadala í 136 milljónir en nafnvirði undirliggjandi eigna nemur sem fyrr 689 milljónum Bandaríkjadala.“ Eftir þessi viðskipti á NIBC engar eignir í bandarískum undirmálslánum.

Fram kemur að bæði samstæða Kaupþings og móðurfélag hafi öruggt lausafé til að standa við allar skuldbindingar bankans í meira en 420 daga, en þar er með talin peningagreiðslan vegna kaupanna á NIBC. olikr@frettabladid.is



**Á AÐALFUNDI KAUPÞINGS FYRR Á ÁRINU** Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, er í pontu, en við háborðið situr Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri bankans. Kaupþing sló í gær á vangaveltur um getu bankans til að fjármagna yfirtöku hans á hollenska bankanum NIBC. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### CDS-ÁLAG Á BANKANA:

| Banki | CDS punktar | Dagamunur |
|---|---|---|
| Kaupþing | 275 | -65 |
| Glitnir | 205 | -35 |
| Landsbankinn | 145 | -50 |

*Heimild: Kaupþing*



# HÁTÍÐ ER Í BÆ

SAMSUNG ÞÝÐIR SNILLD!




EISA AWARD Best Product 2007-2008
HD-READY LCD-TV
Samsung LE40R81B/86BD

## *Frábær upplifun*

**40" LCD sjónvarpstæki**
**Samsung LE40R86WDX**

- Digital sjónvarpsmóttakari
- Upplausn: 1366 x 768
- 10 bita litvinnsla
- Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
- Svartími: 8 millisekúndur
- Contrast: 8000:1
- Sjónsvið: 178°/178°
- Mynd í mynd (1 tuner)
- 3 HDMI, Component, SCARTx2

HD ready




HD ready

SAMSUNG YFIRLIT:

| SKJÁSTÆRÐ: | HEITI / NÚMER: | LITUR: | VERÐ: |
|---|---|---|---|
| 19" | LE19R86WDX | HVÍTT OG SVART | 69.900.- kr |
| 23" | LE23R86WDX | HVÍTT OG SVART | 89.900.- kr |
| 26" | LE26R87BDX | SVART | 114.900.- kr |
| 32" | LE32R86WDX | HVÍTT OG SVART | 139.900.- kr |
| 37" | LE32R87BDX | SVART | 189.900.- kr |
| 40" | LE40R86WDX | HVÍTT OG SVART | 229.900.- kr |

# TOPP GÆÐI Á FRÁBÆRU VERÐI

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum.

ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | HÚSAVÍK |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 464 1515 |

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Feitt fólk sem hreyfir sig reglulega lifir lengur en grannir kyrrsetumenn.

# Heilsufar er málið – ekki holdafar

JÓN KALDAL SKRIFAR

Rétt eins og aðrir Vesturlandabúar hafa Íslendingar vaxið hratt á þverveginn undanfarna áratugi. Nú er svo komið að meirihluti fullorðinna landsmanna þykir of þungur, og það sem er öllu alvarlegra, börn eru sífellt að verða feitari og feitari. Þessi þyngdaraukning þjóðarinnar hefur bein áhrif á heilsu hennar og fjárhag. Í báðum tilfellum eru þau slæm. Þyngdin ein segir þó ekki alla söguna.

Í nýútkominni bók sinni Holdafar færir Tinna Laufey Ásgeirsdóttur hagfræðingur rök fyrir því að ef landsmenn halda áfram að bæta á sig kílóum geti það kostað þjóðarbúið frá tveimur til fjögurra milljarða í aukin útgjöld í heilbrigðiskerfinu árlega. Þetta eru hinar þungu fjárhagslegu afleiðingar; mun þyngri eru skert lífsgæði og ótímabær dauði þeirra sem eru alltof feitir.

Nú eru það hreint ekki ný fræði að of mörg aukakíló eru engum heilsusamleg; ætli tilkomumikil ístra hafi ekki hætt að vera tákn um velmegun og ríkidæmi fyrir hartnær einni öld. Hitt er mun nýrri uppfinning að til sé algildur mælikvarði sem heitir kjörþyngd (reiknuð út eftir kyni, hæð og aldri) og fólk eigi að berjast við að ná henni með öllum tiltækum ráðum. Í langflestum tilfellum er þyngdartap baráttumálið, hvort sem leiðin kallast megrun eða eitthvað annað.

Í þessari miklu rörsýn á þyngd einstaklinga vill alltof oft gleymast að það sem skiptir lykilmáli er ekki holdafar viðkomandi heldur heilsufar. Og það kann ef til vill að hljóma undarlega, en þetta tvennt þarf alls ekki að fara saman. Staðreyndirnar sýna að feitt fólk sem hreyfir sig reglulega lifir lengur en grannt kyrrsetufólk.

Vissulega munu þeir sem eru of þungir, reykja, næra sig á ruslfæði og sitja í sófanum fyrir framan sjónvarpið öll kvöld kveðja þetta jarðlíf snemma. En þeir sem eru of þungir, en stunda reglulega hreyfingu, borða hollan mat og eru reyklausir, eiga fyllilega jafn mikla möguleika á löngu lífi og hinir sem hafa tileinkað sér svipaðan lífsstíl en eru án aukakílóanna. Þeir með aukabyrðarnar setja sig fyrst í aukna hættu þegar þeir fara að berjast við að koma sér í vísitölukjörþyngdina með megrunum sem langoftast hafa í för með sér sveiflur í líkamsþyngd og það er vont fyrir heilsuna.

Í bók sinni bendir Tinna á að inngrip hins opinbera til að hafa áhrif á vaxtarlag landsmanna séu vandasöm.

Aukin skattheimta á sykraðar vörur myndi til dæmis litlu breyta eins og sést sjálfsagt best á því að gosdrykkjaþamb er óvíða meira en hér þrátt fyrir hátt verð.

Tinna segir réttilega að heilbrigðisyfirvöld verði fyrst og fremst að beina kröftum sínum að börnum.

Mikilvægt er að það sé gert á réttum forsendum. Hvað börn vega mörg kíló á vigtinni og stuðlar um kjörþyngd mega alls ekki vera ráðandi í því starfi. Þegar upp er staðið skipta frávik um nokkur stig þar mun minna máli en heilbrigður lífsstíll með fjölbreyttu fæði og hreyfingu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

Sterk hverfi





Samfylkingarfélagið í Reykjavík heldur fund um hverfisráðin og hlutverk þeirra, miðvikudaginn 28. nóvember kl. 20.30–22.00 á Hallveigarstíg 1.
Húsið verður opnað kl. 20:00.

Oddný Sturludóttir formaður Menntaráðs Reykjavíkur og Dofri Hermannsson varaborgarfulltrúi verða með framsögu.

Fundarstjóri: Dofri Hermannsson.

Kaffi og meðlæti
Allir velkomnir

Borgarmálaráð Samfylkingarinnar
Samfylkingarfélagið í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Útrás Össurar

Bloggrispur Össurar Skarphéðinssonar vekja oft athygli, ekki síst þær sem hann skrifar um miðjar nætur. Sú nýjasta fjallar um átökin innan borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna sem Össur kallar „harðvítugustu innanflokksátök seinni ára“, talar um „valdarán sexmenninganna í borgarstjórnarflokki íhaldsins, sem framið var til að svala særðum metnaði“ og gerir Júlíus Vífil Ingvarsson að Júlíusi Fífli. Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er búinn fá sig fullsaddan og minnir Össur á – „í fullri vinsemd“ vitaskuld – að hann sé nú í stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn og sé lítill sómi af þessum málflutningi. Mikið má langlundargeð sjálfstæðismanna vera ef þeir þurfa að ávarpa Össur í „fullri vinsemd“ mikið lengur.



### Guð í mannsmynd

Séra Sigurður Ægisson helgaði Sigurbirni Einarssyni biskup sunnudagshugshugvekju í Morgunblaðinu. Þar stóð meðal annars: „„„Hann er Guð í mannsmynd,“ sagði einhver í nýlegu blaðaviðtali og víst er að margir taki undir þá fullyrðingu.“ Sigurbjörn biskup er vissulega í hópi okkar frómustu manna en í ljósi fyrsta boðorðsins mætti þá ekki búast við að kirkjunnar menn hefðu eitthvað við téða fullyrðingu að athuga eða tækju að minnsta kosti ekki kinnroðalaust undir hana?

### Sérstök söguskýring

Egill Helgason rifjar upp þá tíð á bloggi sínu þegar haftastefnan réð hér ríkjum. Til að komast í utanlandsferð þurfti að að snapa sér gjaldeyri – sem var hægara sagt en gert – og menn voru ekki fyrr komnir á flugstöðina að þeir byrjuðu að teiga bjórinn forboðna og gerðu sig að fíflum í ölvímu á erlendri grund. Hins vegar, skrifar Egill „mátti kveikja í sígarettum áður en maður flaug – og líka á meðan fluginu stóð. Þetta var á árunum áður en forsjárhyggjan tók völdin“. Fyrirsögn færslunnar er: „Þegar Ísland var í Austur-Evrópu.“ Sem sagt áður en forsjárhyggjan tók völdin.



bergsteinn@frettabladid.is

# Að vera ósýnilegur



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Aldur

Merk kona sem fædd er árið 1927 sagði við mig fyrir nokkrum árum að margir sem hún þekkti virtust kvíða því að eldast. Sjálf væri hún þakklát fyrir að hafa fengið að lifa það að vera barn, unglingur, ung kona, miðaldra og gömul og hafa fundið á eigin skinni þær kenndir og umbrot sem fylgja hverju æviskeiði.

„Ég hef notið þess að vera til og það er ekkert að því í sjálfu sér að eldast,“ sagði hún.

„Hitt er verra hvað maður „lækkar í verði“ á öllum sviðum. Skoðanir manns skipta ekki máli, jafnvel ekki á þeim sviðum sem maður er sérfræðingur í. Ungt fólk og miðaldra talar ekki við mann eins og jafningja og hlustar á það sem maður hefur fram að færa af kurteisi og umburðarlyndi fremur en áhuga. Á sjúkrahúsinu hefur maður jafnvel á tilfinningunni að menn veigri sér við að framkvæma dýrar aðgerðir á þeim sem hafa náð mínum aldri rétt eins og maður sé gamall bíll sem tekur ekki að gera við.“

### Frelsi sem kemur á óvart

Í hinu opna samfélagi nútímans ræðum við af meira hispursleysi um okkur sjálf en áður tíðkaðist og má margt læra af reynslu annarra. Árið 2004 kom út í Danmörku bók um níu konur á aldrinum 59-72 ára sem ritstýrt var af Sabine Celeste Svendsen. Bókin heitir, Með aldrinum, og fram kemur að heiti bókarinnar vísar til þess að vera með aldrinum, ekki á móti honum. Tveimur árum síðar kom út bók um tólf konur á aldrinum 60-69 ára eftir Ninka-Bernadetta Mauritson. Sú bók heitir, Það sem lífið hefur kennt mér. Ég hef hvergi rekist á samsvarandi bækur um karlmenn, en þær hljóta að vera til – eða hvað?

Konurnar í þessum bókum hafa allar látið að sér kveða með einum eða öðrum hætti. Þetta eru leikskáld, leikkonur, rithöfundar og kennarar. Þarna er líka lögfræðingur, stjórnmálamaður, söngkona, verkalýðsleiðtogi og sirkusstjóri. Þessar konur ræða opinskátt um hvernig það er að eldast. Hvernig aldurinn fer með líkamann, útlitið og þrekið. En mörgum þykir vænt um hrukkurnar sínar, og líta á þær eins og flotta ferilskrá. Þær lýsa því hvernig smám saman rennur upp fyrir þeim að þær eru að verða „ósýnilegar“. Karlar horfa ekki lengur á eftir þeim, unga fólkið í stórmarkaðnum lætur eins og það sjái ekki að þær vantar aðstoð og á vinnumarkaðnum eru þær að verða eins og vara á síðasta söludegi; nothæfar en ekki æskilegar. Það sem þær leggja til mála vekur ekki áhuga með sama hætti og áður.

En þá gerist undrið! Þær uppgötva smám saman að þetta gerir þær frjálsar. Frjálsar á þann hátt sem þær voru á bernsku- og æskuárum, áður en samfélagið fór að móta þær. Þær uppgötva hvað álit annarra hefur verið mikil þvingun, finna það ekki fyrr en þessir ósýnilegu fjötrar falla. Allt í einu er ekkert ómögulegt eða óhugsandi. Þær geta tekið upp á hverju sem er, klætt sig með óhefðbundnum hætti, byrjað í námi, stofnað fyrirtæki og sagt skoðun sína umbúðalaust eða bara notið sín með karlinum sínum og barnabörnunum. Þessum konum finnst þær hvíla í sjálfum sér sem aldrei fyrr og njóta þess að vera til, bæði sem konur og einstaklingar. Þótt eitt og annað geti verið að, segja fleiri en ein af þessum konum að þær hafi aldrei verið hamingjusamari.

Svona getur lífið komið á óvart!

### Aldursflokkun

Í daglegu tali manna er íslenskt samfélag hólfað eftir aldri fólks og hverju hólfi fylgja ákveðin hughrif. Gjarnan er talað um aldraða eins og öldrun sé veikindi eða fötlun. Hún getur auðvitað verið það en það er ekki algilt um þennan aldursflokk frekar en aðra. Fólk getur verið heilsuveilt og þreklítið á öllum aldri.

Við tölum um þarfir og eiginleika barna, unglinga, ungs fólks og aldraðra eins og þetta sé staðlað fyrirbæri. Eini hópurinn sem ekki er aldursgreindur og aldrei talað um sem einsleitan er miðaldra fólk. Fjörutíu til sextíu ára hópurinn. Af hverju er ekki talað um verslanir og tónlist miðaldra fólksins? Af hverju auglýsa ekki ferðaskrifstofur „Draumaferðina“ fyrir miðaldra konuna eða karlinn? Skíðaferðina sem er klæðskerasniðin fyrir miðaldra hjónin?

Börn eru fólk á barnsaldri, unglingar fólk á unglingsaldri, ungt fólk, miðaldra fólk og aldrað fólk – erum við ekki öll fólk á sömu leið í gegnum lífið, bara komin misjafnlega langt?

# Merði Árnasyni svarað

UMRÆÐAN

Launaleynd



ILLUGI GUNNARSSON

Fyrir rúmlega 1.000 árum sátu þeir saman á Alþingi, Mörður Valgarðsson og Illugi svarti Hallkelsson. Eftir því sem ég best veit hafa menn með þessi nöfn ekki verið samtímis á þingi síðan. Fyrir þá sem hafa áhuga á sögulegum tilviljunum þá voru úrslit alþingiskosninga árið 2007 eilítil vonbrigði, það hefði óneitanlega verið gaman að menn með þessi nöfn hittust á þingi á þúsund ára fresti. Næsti möguleiki er þá árið 3007.

En Mörður Árnason er auðvitað ekki hættur í pólitík og það er vel. Hann skrifaði stutta grein hér í Fréttablaðið í gær þar sem hann kallaði eftir nánari skýringum á afstöðu minni til frumvarps um jafnan rétt karla og kvenna. Sérstaklega vegna ákvæða um launaleynd, en í 19. grein þess frumvarps er kveðið á um að starfsmönnum skuli ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum. Mörður telur að skilningur minn á þessu ákvæði sé gagnstæður tilgangi frumvarpsins. Það er því rétt að ég geri aðeins nánari grein fyrir því hver skoðun mín er.

Ég styð það að launþegar geti gert opinber laun sín. En mér finnst vanta þann rétt til starfsmanns að hann eða hún geti komið í veg fyrir að aðrir geti séð hver launin eru. Ég vil að starfsmaður geti komið í veg fyrir að vinnuveitandi taki einhliða þá ákvörðun að birta laun starfsmanns. Þetta tel ég að megi gera með því að starfsmanni sé heimilt að semja um launaleynd við launagreiðanda sinn, þó þannig að samningnum sé hægt að segja upp einhliða af hálfu starfsmanns kjósi hann eða hún svo. Þar með er ekki afsalað neinum rétti en möguleikar starfsmanns til að vernda upplýsingar um laun sín jafnframt tryggðir. Þetta má einnig leysa með því að setja í lög að launagreiðanda sé óheimilt að gefa upp laun starfsmanns, nema til skattsins og opinbers eftirlits, án þess að hljóta fyrst samþykki launþega.

Í lokin er rétt að taka það fram að undirritaður var einn þeirra þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem lýstu yfir fyrirvara vegna frumvarps félagsmálaráðherra. Frumvarpið verður rætt í nefnd og í þingsal og mun þá gefast tækifæri til að vinna fylgi þeim breytingum sem einstakir þingmenn telja að horfi til hins betra.

*Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.*

## VOPN Í BARÁTTUNNI

Champix er nýtt lyf sem hjálpar fólki sem vill hætta að reykja með því að festast við nikótínmóttaka í heilanum svo að nikótínið komist ekki að.

HEILSA 3




## FUNDAÐ UM FRIÐ

Andrés Ingi Jónsson átakafræðingur er einn þeirra sem tala á málþingi sem efnt er til vegna útgáfu bókarinnar Hnífur Abrahams eftir Óttar M. Norðfjörð, rithöfund og heimspeking.

BÆKUR 4



# allt



HÚSGAGNA LAGER SALA

LEÐUR SÓFASETT
HORNSÓFASETT
SÓFASETT MEÐ SKEMLI
TUNGUSÓFAR
TUNGU HORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUBORÐ OG STÓLAR
SKENKAR
SÓFABORÐ
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR
RÚM

VERÐDÆMI
LEÐURSÓFASETTT ÁÐUR ~~239,000~~
NÚ 89,900
HORNSÓFAR TAU ÁÐUR ~~198,000~~
NÚ 103,000
HORNSÓFAR LEÐUR ÁÐUR ~~249,000~~
NÚ 149,000

Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



Leikkonan Elma Lísa Gunnarsdóttir hreyfir sig mest í vinnunni en er annars hrifin af jóga og dansi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dansar og æfir jóga

***Leikkonan Elma Lísa Gunnarsdóttir þarf að vera í góðu formi í vinnunni. Hún er í tveimur söngleikjum um þessar mundir og líkir hverri sýningu við tvöfalda æfingu.***

„Ég er að leika í þrem til fjórum sýningum í hverri viku, þar af tvisvar í Legi eftir Hugleik Dagsson og hins vegar í Hér og nú einu sinni til tvisvar í viku en það er alveg rosaleg brennsla í báðum þessum sýningum,“ segir Elma Lísa. Hver sýning sé eins og tvöföld æfing. „Annars er ég mikil tarnamanneskja og fer þá gjarnan í jóga eða dans,“ segir Elma Lísa en hún æfði dans í tíu ár. „Ég er ekki alltaf í ræktinni en geri það þó á köflum. Annars hreyfi ég mig svo mikið í vinnunni að það finnst mér stundum vera bara alveg nóg.“

Elma Lísa segir Pilates jóga heilla sig mjög og stefnir á að byrja á slíku námskeiði í janúar. „Ég hef prófað það áður og það er alveg frábær hreyfing. Ég er nú hrifnust af því að æfa jóga og dans og er minnst í tækjunum. Svo finnst mér líka voðalega gott að synda,“ segir hún.

Spurð hvort hún passi upp á mataræðið á jólunum, segir Elma Lísa: „Ég er nú voðalega lítið í því að passa mig og borða bara það sem mér sýnist. Mín kenning er sú að ef maður er sem minnst að pæla í því þá heldur maður sér bara fínum. Ef maður er alltaf með þetta á heilanum eins og ég var stundum þá er þetta alltaf einhver barátta,“ segir hún og hlær og bætir því við að hún sé að fara að leika í nýjum söngleik eftir jól þar sem verði líka mikið dansað. „Manni líður náttúrlega miklu betur þegar maður er að hreyfa sig og hefur miklu meiri orku.“

Spurð hvort hún geri eitthvað fleira til að halda heilsunni í lagi segist hún vera algjör vítamínfíkill. „Ég held ég sé alveg orðin háð Spirulina til dæmis,“ segir leikkonan og hlær.

*sigridurh@frettabladid.is*



**Ólívuolía** er grundvallarhráefni í ítalskri matargerð. Einfaldleiki olíunnar lífgar oft upp á og dregur fram bragðgæði annars hráefnis sem notað er í matseldina auk þess sem ólívuolía þykir meinholl.




**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**Hátíðakökur og eftirréttir**
*Fimmtudagur 29 nóvember*
*Fimmtudagur 6. desember*
*kl 18:00 - 20:00*
**Leiðbeinandi:**
*Auður Ingibjörg Konráðsdóttir meistarakokkur*
**Staður:**
*Maður lifandi Borgartúni 24*
**Skráning:**
*madurlifandi@madurlifandi.is*
**Verð: 3.500**











# Holdafarið greint

***Offita hrjáir í auknum mæli íbúa Vesturlanda og eru Íslendingar ekki þar undanskildir. Dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir heilsuhagfræðingur hefur skrifað bók um málið.***

Meirihluti fullorðinna Íslendinga er yfir kjörþyngd og í bókinni er leitað svara við því hvaða hagfræðilegu áhrif þeir lifnaðarhættir sem orsaka offitu hafa. Einnig er leitað svara við fleiri spurningum og snerta holdafar enda heitir bókin „Holdafar – hagfræðileg greining“.

Lýðheilsustöð fól Tinnu að gera heilsuhagfræðilega úttekt á offituvanda Íslendinga, orsökum og mögulegum úrlausnum og er bókin afrakstur þeirrar vinnu. Í samantekt kemur meðal annars fram að hægt sé að stöðva framgang ofþyngdar og koma í veg fyrir hana með breyttri hegðun.

*- hs*



Í bókinni eru sjö tillögur að aðgerðum til að taka á offituvanda Íslendinga.

## Reykingar valda skalla

VÍSINDAMENN HAFA FUNDIÐ ENN EINA NEIKVÆÐA HLIÐ REYKINGA

Reykingar virðast auka líkur á skallamyndun ef marka má niðurstöður vísindamanna við Far Eastern Memorial-spítalann í Taipei.

Hingað til hefur skallamyndun karlmanna aðallega verið tengd erfðum og karlhormónum. Vísindamennirnir hafa þó komist að því að asískum karlmönnum, sem síður mynda skalla en karlar frá Vesturlöndum, sé hættara við að fá skalla ef þeir reykja.

Rannsóknin, sem náði til 740 taívanskra karlmanna sem að meðaltali voru um 65 ára gamlir, birtist í tímaritinu Archives of Dermatology. Vísindamennirnir söfnuðu saman upplýsingum um á hvaða aldri mennirnir fóru að mynda skalla og tóku saman ýmsa áhættuþætti. Niðurstaðan varð sú að ef mennirnir reyktu að minnsta kosti 20 sígarettur á dag voru meiri líkur á því að þeir mynduðu skalla, jafnvel þegar aðrir áhættuþættir höfðu verið teknir með í reikninginn. Vísindamennirnir leiða líkur að því að reykingarnar skemmi hársekkina eða hafi eyðileggjandi áhrif frumur í hársverðinum.

*- ve*











Hótelgestir í Peking eiga að geta fundið smokka á herbergjum sínum.

# Verjur með lyklunum

***Kínversk stjórnvöld hafa fyrirskipað hóteleigendum í Peking að birgja öll hótelherbergi sín af smokkum.***

Heilbrigðisyfirvöld í kínversku höfuðborginni hafa reyndar hvatt til þessa undanfarin ár, en hingað til hafa aðeins 133 af 700 hótelum í Peking brugðist við.

Samkvæmt upplýsingum frá opinberu fréttastofunni Xinhua greindust 973 einstaklingar með HIV/AIDS í Peking fyrstu tíu mánuði ársins, og er það 54 prósenta aukning frá árinu 2006.

Hóteleigendum er frjálst að rukka gesti sína fyrir þær verjur sem notaðar eru, en fyrirskipun stjórnvalda sýnir viðleitni þeirra til að fyrirbyggja frekara eyðnismit í Kína.

Í lok október höfðu 4.663 eyðnismitaðir einstaklingar verið skráðir í Peking einni frá árinu 1985; þar af 171 útlendingur, 964 heimamenn og 3.524 frá öðrum svæðum í Kína.

*- þlg*

## Úrlausnir fyrir reykingafólk

ÝMSIR AÐILAR BJÓÐA UPP Á REYKLEYSISMEÐFERÐ OG STUÐNING

- ■ Reyksíminn – Ráðgjöf í reykbindindi 800 6030/ www.8006030.is
- ■ Heilsugæslustöðvar um land allt
- ■ Viltu hætta að reykja? – Krabbameinsfélag Reykjavíkur
- ■ Aðstoð við að hætta að reykja – Heilsustofnun NLFÍ
- ■ Reyklaust líf/ Reykjalundi
- ■ Reyklaus.is, ný gagnvirk heimasíða
- ■ Hjartavernd, áhættumat www.hjarta.is
- ■ Reykleysisnámskeið í Mývatnssveit, Dagbjört Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur
- ■ Aðstoð til reykleysis fyrir fólk sem á von á barni – Miðstöð mæðraverndar í Reykjavík.





# Lyf í reykingabaráttunni

***Champix er nýtt lyf sem nýtist fólki sem vill hætta að reykja.***



Bolli Þórsson læknir á Hjartavernd segir nýja lyfið geta hjálpað fólki við að hætta að reykja. Hins vegar hjálpi það aðeins þeim sem eru staðráðnir í að hætta.

„Við sjáum greinilega að þetta hjálpar fólki til að hætta að reykja, en þetta er þó ekkert töfralyf,“ segir Bolli Þórsson, læknir hjá Hjartavernd, um lyfið Champix sem er nýlega komið á markað.

„Champix dregur úr fráhvarfseinkennum og minnkar löngun fólks í sígarettur,“ útskýrir Bolli en leggur áherslu á að lyfið sem er lyfseðilsskylt eigi ekki að nota nema fólk sé staðráðið í að hætta að reykja. „Ég tel að það sé mikilvægt að menn noti lyfið með stuðningi. Þeim gengur best að hætta að reykja sem standa ekki einir í því,“ segir Bolli en stuðning má fá víða, til dæmis hjá heimilislækni eða hjá sérfræðingum í Hjartavernd.

Virkni lyfsins er eftirfarandi: Í heilanum er nikótínmóttaki sem nikótínið festist við og verður til þess að fólk fær vellíðunartilfinningu við að reykja. Lyfið keppist við nikótínið og festist einnig við móttakana þannig að nikótínið kemst ekki að. Við það dregur úr nautninni við að reykja. Hins vegar heldur lyfið uppi miðlungsmagni af dópamíni og heldur þannig aftur af fráhvarfseinkennum um leið og það dregur úr reykinganautn.

Bolli segir ýmsar rannsóknir sýna fram á að Champix auki líkur á að fólk hætti að reykja og sé eitthvað betra en önnur lyf. „Það má segja að þetta sé pilla númer tvö á markaðnum, og virknin af þessu lyfi er heldur betri en því fyrra sem heitir Zyban, en það er þó ekki alger grundvallarmunur á þeim,“ segir Bolli. Rannsóknir hafa sýnt fram á að Champix eykur líkur á langtímaárangri þrefalt miðað við lyfleysu og fleiri þátttakendum heppnaðist að hætta með því að nota það en Zyban auk þess sem minni áhætta var á alvarlegum aukaverkunum. Champix er þó ekki gallalaust. Helsta aukaverkunin er ógleði. „Þess vegna byrja menn með hálft milligramm til að venjast því og stækka skammtinn í eitt milligramm,“ segir Bolli sem er hlynntur því að fólk noti lyfið sem hjálpartæki við að hætta að reykja enda veitist það mörgum mjög erfitt að losna undan nikótínfíkninni.

*solveig@frettabladid.is*




Champix er nýtt lyf á markaðnum sem hjálpar fólki að hætta að reykja.


## Göngugreining ehf.
**Við erum búin að opna!**



Ragnheiður Ásta Einarsdóttir, sjúkraþjálfari B.sc.
rae@gongugreining.is

**Finnurðu fyrir þreytu og pirringi í fótum? Eða óþægindum í:**
- Baki
- Mjöðmum
- Kálfum
- Hásinum
- Tábergi
- Hnjám
- Ökklum
- Hælum
- Iljum

Sefur barnið þitt illa vegna þreytu og verkja í fótum?

**Tímapantanir**
Hringið í síma 8619028 til þess að panta tíma.
Við erum í Síðumúla 33 á 3. hæð.

**Fagleg og góð þjónusta**
www.gongugreining.is












**Bókastandur** getur komið sér vel í ýmsum aðstæðum. Gott er að hafa bókastand fyrir uppskriftabókina þegar verið er að elda eða baka og einnig getur verið gott fyrir námsmenn að nota bókastand til að koma í veg fyrir bakverk.





Lestu um nýju bækurnar á bokmenntir.is

Bókmenntavefurinn

Borgarbókasafn. Sími 563 1717. www.borgarbokasafn.is



Hvað er að frétta?

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar



FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Andrés Ingi Jónsson átakafræðingur og Óttar M. Norðfjörð rithöfundur eru meðal þátttakenda á málþingi vegna útgáfu bókar Óttars Hnífur Abrahams.

# Þingað um átök og frið

***Átök íslams, kristni og gyðingdóms út frá stjórnmálalegum og trúarlegum forsendum, ásamt möguleika á friði, er aðalumfjöllunarefni málþings sem efnt er til vegna útgáfu bókarinnar Hnífur Abrahams.***

„Hugmyndin að bókinni kviknaði þegar ég vann að mastersritgerð minni í heimspeki við Háskóla Íslands. Ritgerðin fjallaði um átök ólíkra menningahópa og hvort sé hægt að segja eitthvað um þessi átök eða hvort maður verði bara að loka augunum og vona það besta,“ segir Óttar M. Norðfjörð, sem sendi nýlega frá sér sína fyrstu spennusögu, Hníf Abrahams.

Bókin er sagnfræðileg spennusaga sem fjallar að miklum hluta um þróun eingyðistrúar í heiminum, íslam, kristni og gyðingdóm, átök á milli þessara hópa og hvort friður sé í augsýn. „Í kjölfar útgáfunnar kom upp sú hugmynd hjá útgefendunum, Sögur ehf., að halda málþing, með yfirskriftinni: „Er möguleiki á friði? Við fengum til liðs við okkur Þórhall Heimisson, prest, sem mun fjalla um trúarlegar forsendur og meðal annars hvernig þessi eingyðistrúarbrögð, íslam, kristni og gyðingdómur, mætast í Abraham, Andrés Inga Jónsson, átakafræðing, sem mun fjalla um stjórnmálalegt ástand meðal þessara hópa á tuttugustu öldinni og Sigríði Þorgeirsdóttur, heimspeking og dósent við Háskóla Íslands, sem mun fjalla um gagnrýni Vesturlandabúa á hinn arabíska heim og öfugt og hvort friður sé í augsýn ef við slökum á kröfum. Auk þess er Sigríður mikill femínisti og mun skoða ástandið út frá þeim forsendum,“ segir Óttar og gefur Andrési Inga orðið: „Ég mun fjalla um hvernig þessi átök hafa þróast á tuttugustu öldinni og meðal annars hvernig stjórnmálamönnum hættir til að einfalda hlutina. Til dæmis má nefna umpólanir á afstöðu til hóps eins og talibana sem voru bandamenn Bandaríkjanna í kalda stríðinu en nú þeirra verstu óvinir. Markmiðið er að varpa fram spurningum um hvaða lausnir geta leitt til friðar.“

Bók Óttars hefur verið líkt við skrif Dans Brown og hefur fengið glæsilega dóma. Auk þess sem kvikmyndarétturinn var nýlega seldur. Að sögn Óttars er næsta bók líka sagnfræðileg spennusaga, sem í þetta sinn gerist á Íslandi.„Ég skemmti mér konunglega við svona sögugrúsk og ef vel gengur fer ég að gera drög að þriðju bók,“ útskýrir Óttar, en sögupersónur úr Hnífi Abrahams koma einnig fyrir í næstu bók .

Málþingið Er möguleiki á friði? verður haldið á Kaffi Kúltúra í Alþjóðahúsinu á Hverfisgötu 4. desember kl. 20.00.

*rh@frettabladid.is*

## Hátíð á Hala

PÉTUR GUNNARSSON KYNNIR BÓKINA Í FÁTÆKTARLANDINU, ÞROSKASAGA ÞÓRBERGS.

Bókamessa verður í Þórbergssetri á Hala í Suðursveit sunnudaginn 2. desember. Hún hefst klukkan 14 á því að Pétur Gunnarsson rithöfundur kynnir bókina Í fátæktarlandinu, þroskasaga Þórbergs. Eftir tónlistaratriði les Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi ráðherra, upp úr nýrri bók sem nefnist Skaftafell í Öræfum - Íslands þúsund ár eftir dr. Jack D. Ives fjallavistfræðing. Kaffihlaðborð verður klukkan 15.20 og að því loknu les Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur ljóð kvenna. Aðgangur er ókeypis og opið verður inn á sýningar í Þórbergssetri. *- gun*



GRÆNN MARKAÐUR

ALLT TIL INNPÖKKUNAR!
KÖRFUR, SATÍNBORÐAR, KRULLUBÖND, GJAFAÖSKJUR, POKAR, GJAFAPAPPÍR Á RÚLLUM, SILKIPAPPÍR, SELLÓFAN OG FLEIRA

GRÆNN MARKAÐUR









EINGÖNGU SALA TIL FYRIRTÆKJA
www.flora.is - info@flora.is - Réttarhálsi 2 - 110 Rvk - S: 535-8500




**Alspá 445 5000**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Visa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

## Önnur þjónusta




## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. Vélaverkstæði JS. Vesturhrauni 3. Garðbæ. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.



Nýr Krazy Blautbúningur ásamt 16 Lítra loftkút og tveimur 12 lítra kútum, flotvesti ásamt öllum græjum. Gott verð. Uppl. í s. 438 1063.

Innréttingar og tæki fyrir ísbúð og grill Ísvélar, ískista fyrir kúluís, grillborð, kælar, frystar, borð og stólar og m.fleira. Vörumerki og stórt neonskilti geta fylgt. Uppl. í 8618011 og 6995112

3.ja sæta sófi ljóst microf. sem nýr 40þ. toppgrind 15þ og tré-rennibekkur kenso með járnasetti.20þ. uppls. 557-4413/823-8494/661-9513

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Eldavél á 5þ. Eldavélaháfur á 10þ. Flúorljós á 2þ. Ný borðuppþvottavél á 12 þ. Frystiskápur á 10þ. Nýtt 14" TV með DVD á 10þ. Þvottavél á 10þ. Örbylgjuofn á 3þ. Glerskápur á 3þ. Barstólar á 3þ. Chicco barnavagn á 5þ. S. 896 8568.

## Gefins

Siemens Ísskápur fæst gefins gegn því að vera sóttur og strauborð. Uppl. í s. 663 2797.

## Verslun






Flottir öklaskór fyrir dömur í úrvali. Stærðir. 35 - 40 Verð 12.500.- Misty skór Laugavegi 178 sími 551 2070

## Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

## Tölvur






**Umboðssala**
Allt í umboðssölu - BMS-Tölvulausnir. Sími 565 7080, Suðurlandsbraut 8

## Vélar og verkfæri




CMT handfræsitennur og sagarblöð í miklu úrvali. Ásborg, vélar+verkfæri. Smiðjuvegi 11 S. 564 1212

## Til bygginga

STÁLGRINDARHÚS EHF

**www.stalgrind.is**
Við leggjum metnað í að sameina vönduð hús, góða þjónustu og gott verð. S. 661 9651 & 690 8050 eða á www.stalgrind.is

Ný mótaborð (dokar) til sölu 1.545 kr/m2 m.vsk, uppl. í s: 847-3798 Halldór og ulfurinn.is

# HEILSA

## Heilsuvörur



– 5 - 7 Kíló á 9 Dögum – Clean 9 Verð. 14.690 kr Uppl. í síma 697 8928 Sigga.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Viltu heilnudd ? Hafðu samband í síma 823 7541.

## Ökukennsla

ELÍAS SÓLMUNDARSON - 692 9179 Kenni alla daga á Chevrolet Lasetti. elias@gardaskoli.is

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu. Nýlegur rauður sófi, hægindastóll m/skemli og sófaborð. Uppl. í s. 697 5863, Díana.

## Heimilistæki

Nýlegt Miele ryksuga með ryksugupokar, kr. 6.000,-. Sími 5341456.

## Dýrahald

Hvolpar til sölu heilsufarskoðaðir og örmerktir. Uppl. í síma 8470733

Til leigu pláss fyrir 1-5 hesta í víðidal í vetur. Uppl. í s. 698 7720.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu flott 4 herb íbúð ásamt bílskýli í Setbergshv. HF. Húsgögn fylgja. Leigutími 4-6 mán.S. 8933534

Til sölu ný standsett 50 fm. 2. herb. íbúð í Efstasundi 85. V. 17,4 m. Komið og skoðið hjá Gunnari í s. 861 5777.

Erum með laust herbergi til leigu á góðum stað í miðborg Rvk. Æskilegur aldur 20-30 ára. Uppl. í s. 866 8607 (Kolla) e. kl. 17.

2 herb. íbúð í 108 fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. 85þús. Eldri en 25. Uppl. í s. 898 7868

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir iðnaðarhúsnæði með innkeyrsluhurð til leigu á höfuðborgarsvæðinu ca 50-100fm 6992707

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**Fellihýsi - Fornbílar!**
Eigum nokkur pláss eftir í upphituðu fyrsta flokks húsnæði á Eyrarbakka. Vefmyndavélar. S. 564 6500.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

## Gisting

Langtíma leiga - Longterm rental Hótel miðsvæðis í Reykjavík. Hotel in central Reykjavík Öll herbergi með baði. All rooms with private facilities Vikan frá kr. 34.000 m/morgunmat. One week starting at ISK. 34.000 incl. breakfast. Mánuður frá kr. 120.000 m/morgunmat. One month starting at ISK. 120.000 incl. breakfast. Uppl./info hótelstjóri/hotel manager sími: 562 3350

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Ísbúðin Áfheimum**
**Óskar eftir að ráða starfsfólk í kvöld- og helgarvinnu. Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. í s. 899 9495, Jónína.**

**Keiluhöllin í Öskjuhlíð**
**Óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 864 6112 og á www.keiluhollin.is**

sbarro

**Hefur þú áhuga á ítalskri matargerð?**
**Sbarro auglýsir eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf í eldhúsi og við afgreiðslu. Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli þjónustulund, vera stundvís og eiga auðvelt að vinna með öðru fólki. Vinnutími er samkomulagsatriði. Góð laun í boði. Æskilegt er að starfsmaður tali íslensku. Umsækjendum er bent á að sækja um rafrænt á www.sbarro.is eða hafa samband við Steina í síma: 696-7021.**




**Sölufólk óskast**
Jólakort Blindrafélagsins eru komin út. Af því tilefni vantar okkur duglegt og áreiðanlegt sölufólk. Tilvalið verkefni fyrir íþróttafélög eða annan félagsskap. Hafið endilega samband í síma 525-0000 eða sendið tölvupóst á blind@blind.is

**Garðabær - Okkar bakarí**
**Poszuknije pracownika sprzedawce. Angielski wymagany. Informcja 891 8258, Þóra & albo 565 7170**

**Bakaríið Brauðberg Hraunbergi 4**
**Óskar eftir að ráða starfskraft í útkeyrslu. Vinnutími frá kl. 6.30-10.30. Nánari uppl. veita Gunnar í s. 897 8101.**

REYKJAVÍK PIZZA COMPANY

**Reykjavík Pizza Company**
Erum að leita að jákvæðum hressum bílstjórum. Áhugasamir hafi samband við Ólaf milli kl. 13-18 virka daga í s. 664 8075.

**Grillturninn Sogavegi 3**
**Vantar duglegt og samviskusamt fólk til starfa frá 01/12 Reykleysi og yfir 18 ára aldur væri kostur en ekki skilyrði. Laun samkvæmt samkomulagi. Nánari upplýsingar veita Sandra í s. 690 8486 og Ögmundur í síma 867 7517. Einnig er hægt að sækja um á grillturninn.is**

SUSHIBARINN.Laugavegur 2, is looking for an employee that can make sushi. Information at Sushibarinn

Borgargrill óskar eftir að ráða fólk í vinnu. í boði er dagvinna ásamt kvöld og helgarvinnu. Góð laun fyrir duglegt fólk. Upplýsingar í símum 695-6869 og 820-5851

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. fatlaðra. Góð sölulaun. S. 824 4768.

**Verslunin Tiger**
Starfsfólk óskast til almennra verslunarstarfa. Einnig vantar fólk í jólaösina. Uppl. veitir Sandra í s. 660 8211 eða í tiger.sandra@simnet.is

Maður óskast í málningavinnu. Menn og málning ehf. S. 694 4008.

Starfskraftur óskast á kassa í matvöruverslun í Austurbænum. Vinnutími virka dag 9.30-18.30, frí laugardag og sunnudag, hlutastarf kemur til greina. Uppl. Kjöthöllin Háaleitisbraut, 58-60. S. 553 8844.

**Efnalaug**
Starfsmann vantar nú þegar í efnalaug verður að vera Íslenskumælandi, góð laun fyrir góðan starfskraft. Uppl. í s. 862 1903.

## Atvinna óskast

27 ára karlmaður óskar eftir framtíðarvinnu hjá góðu fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Hefur unnið sem lagerstjóri og sölumaður. Flest kemur til greina. Þórmundur. Sími: 8227968

23 ára, dugleg og samviskusöm. Leita af vel launaðri vinnu í 9 mánuði. Uppl. í s. 868 9194.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, bilstjórar o.fl. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Fundir



Opinn félagsfundur Vífils, félag einstaklinga með kæfisvefn Í kvöld Kl: 20,oo -22,30 Múlalundur vinnustofa SÍBS Hátúni 10c 1005 Reykjavík Dagskrá: 1.Ávarp formanns. 2. Fræðsluerindi: Þórarinn Gíslason, yfirlæknir á LHS. Svefnrannsóknir á Íslandi 1987-2007 Hvað er framundan ? 3. Tónlistaratriði: Nemendur úr Tónlistarskóla Garðabæjar. 4.Önnur mál Kaffiveitingar:kr.500,- Kaffispjall. Fjölmennið-opinn fundur.. Stjórnin.

## Tilkynningar

**Handverksfólk um allt land! Lesið þetta!**
**Fallegur jólamarkaður á besta stað í Reykjavík opnar 1. des, og verður opið alla daga til jóla. Leigðir verða út sölubásar á mjög góðu verði, og fyrir handverksfólk utan af landi bjóðum við frí herbergi á efri hæð hússins allan tímann sem markaðurinn stendur yfir. Nánari upplýsingar veittar í 899 2784.**

## Einkamál



Til sölu Ford 150 Harley Davidson 4x4. Árg. 2007, 4 dyra, 5 manna , f ullt af aukahlutum, krómpakki, spoiler, DVD, bankspúst,

loftinntak, tölvukubbur ofl. Simi 898 1377.

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

## Styrktarfélag vangefinna
## Búseta

Starfsmaður óskast til starfa á heimili í Barðavogi. Um er að ræða 80% starf á kvöldin og um helgar. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Hlutverk starfsfólks er fyrst og fremst fólgið í því að leiðbeina og styðja íbúa í daglegu lífi.

Nánari upplýsingar veitir Þóra Þórisdóttir í síma 5531726 og 822-0158

*Heilbrigðisstofnun Suðurlands*

## Sjúkraliði - heimahjúkrun
Hveragerði- Þorlákshöfn

Heilbrigðisstofnun Suðurlands auglýsir eftir sjúkraliða í heimahjúkrun. Umsækjendur þurfa að búa yfir góðri reynslu og hæfileikum til að starfa sjálfstætt.

Um er að ræða 70% starfshlutfall sem unnið er á 4-6 tíma dagvöktum og 4 tíma kvöld- og helgarvöktun í Hveragerði og Þorlákshöfn.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.
Umsóknarfrestur er til 11. des. 2007.
Umsækjandi þarf að geta hafið störf nú þegar.

Umsóknir ásamt upplýsingum um nám og fyrri störf sendist til:
Guðnýjar Gísladóttur, hjúkrunarstjóra
Heilsugæslustöð Hveragerðis, Breiðumörk 25b,
810 Hveragerði, sími 4805250.

---

Heilbrigðisstofnun Suðurlands var stofnuð 1. sept. 2004 við sameiningu heilsugæslustöðva á Suðurlandi og Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi. Þjónustusvæði hinnar nýju stofnunar nær til um 20000 íbúa á Suðurlandsundirlendinu.
Um er að ræða 8 heilsugæslustöðvar, eitt sjúkrahús á Selfossi með 55 súkrarúm auk þess sem stofnunin rekur Réttargeðdeildina á Sogni í Ölfusi.
Alls eru um 220 stöðugildi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

### FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

## Styrktarfélag vangefinna

Haustfundur félagsins verður haldinn laugardaginn 1. desember kl. 10.00-12.00 á Grand Hóteli

**Á dagskrá fundarins eru kynningar á:**
1. Breyttum lífstíl
2. Þekkingarsetri

Fundurinn er öllum opinn og eru félagsmenn og aðrir áhugasamir hvattir til að mæta.

**Stjórnin**

### TILKYNNINGAR

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum
**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Rannsóknarboranir við Litla - Meitil, Sveitarfélaginu Ölfusi.
Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **28. desember 2007.**

**Skipulagsstofnun**

## Sölumaður fasteigna

**Öflug og rótgróin fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu óskar að ráða**

harðduglegan sölumann nú þegar. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sölumennsku og fasteignamarkaði, ásamt hreinu sakarvottorði og hæfni í mannlegum samskiptum. Löggilding í fasteignasölu er kostur. Góð vinnuaðstaða og árangurstengd laun í boði. Áhugasamir sendi umsóknir til Fréttablaðsins á netfangið box@frett.is fyrir 29. nóv. n.k. merkt "fasteignasali".

FISKISTOFA

**NÝTT STARF**

## VERKEFNASTJÓRI VIÐ BROTA- OG RANNSÓKNADEILD

**Laus er til umsóknar ný staða verkefnastjóra brotamála á veiðieftirlitssviði Fiskistofu.**

Verkefnastjóri ber ábyrgð á rannsókn brotamála í samráði við yfirmenn. Ber ábyrgð á skýrslugerð og annast þjálfun eftirlitsmanna hvað varðar skýrslugerð og meðferð brotamála. Verkefnastjóri annast samskipti við lögreglu og önnur stjórnvöld vegna brotamála ásamt því að sinna öðrum verkefnum.

Umsækjendur þurfa að vera framsæknir og færir um að takast á við krefjandi verkefni. Góð íslenskukunnáttu og færni í rituðu máli er áskilin auk hæfileika til að leiðbeina og stjórna öðrum. Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólapróf og þekkingu á sjávarútvegi. Reynsla af löggæslustörfum er kostur.

Upplýsingar veita Eyþór Björnsson, forstöðumaður veiðieftirlitssviðs, og Hrefna Gísladóttir í síma 5697900.

Umsóknir óskast sendar til Fiskistofu eða á netfang starfsmannastjóra: gerdurb@fiskistofa.is merktar "Verkefnastjóri brotamála" fyrir 10. desember n.k.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Fiskistofu við ráðningar. Umsóknir sem berast að umsóknarfresti loknum verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Upplýsingar um Fiskistofu má finna á heimasíðu:
**http://www.fiskistofa.is**

### TIL SÖLU

**Til sölu**

Ýmis tæki til veitinga- og verslunarreksturs, s.s djúpsteikingarpottur, 20 gastró gufuofn, 90 & 120 cm pönnur, uppþvottavél, eftirlitsmyndavélakerfi, 15 myndavélar, kælar frá frostverki og margt fleira.

Upplýsingar gefur Árni í síma 897 6966.



BÓNUS BÝÐUR BETUR

# Umsjón með kassasvæði í Holtagörðum

## Leitað er að traustum starfskrafti

Vinnutími samkomulag. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir tali við Halldór verslunarstjóra Bónus í Holtagörðum, eða sæki um á **www.bonus.is.**

BÓNUS

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

# Yfirmaður Serrano og Síam í Hafnarfirði

**Serrano mun opna veitingastað í Hafnarfirði á næsta ári við hliðiná veitingastaðnum Síam. Við leitum að yfirmanni til að stjórna báðum stöðum, Serrano og Síam í Hafnarfirði.**

### Starfssvið
- Ráðningar starfsfólks og umsjón með starfsmannamálum
- Uppgjör
- Afgreiðslustörf
- Umsjón með vöktum og gerð vaktaplana
- Pantanir og birgðahald
- Skýrslugerð til eigenda

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Reynsla af störfum í verslun eða á veitingastöðum
- Viðkomandi verður að vera mjög þjónustulundaður
- Viðkomandi verður að vera sterkur í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af rekstri mikill kostur.

Góð laun í boði auk árangurs- og veltutengdra bónusa.

Vinsamlegast sækið um á www.serrano.is/atvinna eða sendið umsóknir á steingerdur@serrano.is
Allar nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstóri Serrano, í síma 899-8947

serrano

Serrano er ungt íslenskt fyrirtæki. Staðurinn í Hafnarfirði verður fjórði Serrano staðurinn, en auk þess rekur fyrirtækið veitingastaðinn Síam. Fyrirtækið er búið að vera í miklum vexti undanfarið og framundan eru virkilega spennandi tímar.

## Kambsvegur 23

104 Reykjavík
6-7 herb.hæð m.sérinng. og bílskúr

**Stærð: 160,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 6-7**
**Byggingarár: 1960**
**Brunabótamat: 21.740.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Skeifan



**Opið Hús**

**Opið hús mið. 28.nóv. kl.17:30-18:00**

**Verð: 40.900.000**

Um er að ræða fallega 129.6 miðhæð í þríbýli ásamt 30,8 fm bílskúr á frábærum stað.Úr forstofu er gengið inn í forstofuherbergi, gestasalerni og þvottahús.Eldhús er mikið endurnýjað með borðkrók.Stofa og borðstofa eru parketlagðar með útgengi út á suðursvalir.Svefnálman skiptist í hjónaherbergi með fataherbergi, 2 barnaherbergi með skápum og síðan er l minna herbergi. Parket er á þessum herbergjum. Baðherbergið sem þar er er einnig nýstandsett. Eigninni fylgir bílskúr og góður garður.



Elín
Sölufulltrúi
**695-8905**
elin@remax.is



Ásdís Ósk
Lögg. fasteignasali
**863 0402**
asdis@remax.is

## Ljósalind 2

201 Kópavogur
Falleg og vel staðsett íbúð

**Stærð: 123,0 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2000**
**Brunabótamat: 20.150.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Skeifan



**Opið Hús**

**Opið hús í dag kl. 18:00-18:30**

**Verð: 33.500.000**

Komið er inn í flísalagða forstofu. Inn af forstofu er geymsla. Úr forstofu er gengið í sjónvarpshol og gang með fataskápum. Sjónvarpshol, stofa, borðstofa og eldhús eru nánast eitt rými, parket á öllu nema eldhúsi sem er flísalagt. Innaf eldhúsi er þvottahús/búr með vaski og hillum. Útgengt úr borðstofu út á 20 fm svalir. Baðherbergi er flísalagt og með baðkari og sturtu. Rúmgott hjónaherbergi með föstum skápum. Tvö barnaherbergi með parketi og skápum. Í sameign er sérgeymsla og hjólageymsla.



Arnbjörn
Sölufulltrúi
**892 9818**
arnbjorn@remax.is



Ásdís Ósk
Lögg. fasteignasali
**863 0402**
asdis@remax.is

## Lindasmári 39

201 Kópavogur
Falleg eign fyrir stóra fjölskyldu

**Stærð: 165 fm**
**Fjöldi herbergja: 5-7**
**Byggingarár: 1994**
**Brunabótamat: 23.750.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Skeifan



**Opið Hús**

**Opið hús mið. 28.nóv. kl. 18:30 -19:00**

**Verð: 38.500.000**

5 - 7 herbergja íbúð í 3ja hæða fjölbýlishúsi  Eignin er á efstu hæð í velviðhöldum stigagangi.Íbúðin er á 2 hæðum. 1.Hæð; Flísalögð forstofa.2 stór barnaherbergi og 1 hjónaherbergi sem öll eru parketlögð með góðum beikiskápum. Flísalagt baðherbergi með bæði baðkari og sturtu.Stofa með útgengi á suðursvalir og eldhús með borðkrók.Inn af eldhúsinu er geymsla/þvottahús. 2.Hæð; Komið er upp á stigapall sem hefur verið skipt í sjónvarpshol og stórt hjónaherbergi með innang. 6,3 fermetra fataherb.



Elín
Sölufulltrúi
**695-8905**
elin@remax.is



Ásdís Ósk
Lögg. fasteignasali
**863 0402**
asdis@remax.is

## Höfðabraut 2

300 Akranes
Góð jarðhæð á Akranesi

**Stærð: 150,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1959**
**Brunabótamat: 15.300.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Skeifan



**Opið Hús**

**Opið hús í dag kl 18:00-18:30**

**Verð: 18.500.000**

Íbúðin er 128 fm en bílskúrinn 22 fm. Komið er inn í stóra forstofu með máluðu gólfi. Til hægri er stórt barnaherbergi með parketi á gólfi og fataskápum. Úr forstofu er gengið inn í stórt hol og á vinstri hönd er gengið inn í eldhús sem er með upprunalegri innréttingu. Beint á móti eldhúsi er stofan.Við enda holsins er baðherbergi, hjónaherbergi og barnaherbergi. Nýlegt eikarparket er á allri íbúðinni nema á baðherbergi sem er flísalagt. Mjög hagstæð lán hvíla á íbúðinni sem hægt er að yfirtaka.



Rúnar Þór
Sölufulltrúi
**867 1516**
runarthor@remax.is



Ásdís Ósk
Lögg. fasteignasali
**863 0402**
asdis@remax.is

# Kvíslartunga 96-98

270 Mosfellsbær

Verð: 38.650.000

RE/MAX Skeifan







**Um er að ræða 218 fm  vel skipulagt parhús á 2 hæðum á góðum stað í Leirvogs-tungu.**
**Húsið skilast fullbúið að utan og fokhelt að innan í vor/sumar 2008, einnig er hægt að fá húsið lengra komið eftir nánara samkomulagi við byggingaraðila**

**Neðri hæð:** bílskúr, eldhús, stofa, borðstofa, þvottahús, baðherbergi, svefnherbergi
**Efri hæð:** 3 rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi, fataherbergi, tölvukrókur, sjónvarpshol, geymsla og svalir.

**Leirvogstunga** er glæsilegt sérbýlishúsahverfi sem eingöngu er byggt lágreistum einbýlis-, rað- og keðjuhúsum. Alúð er lögð við að fella húsin að landslaginu enda eru lífsgæði og nálægð við náttúru lykilorð við allt skipulag og framkvæmd. Göngustígakerfi liggur um alla Leirvogstungu, að útivistarsvæðunum innan hennar, íþróttasvæðinu Tungubökkum og útivistarsvæðum við Leirvog. Þá er stutt á golfvöllinn og hesthúsin eru handan Köldukvíslar. Mikið er um opin svæði, göngu- og reiðleiðir, leiksvæði, íþróttasvæði, og góð aðstaða fyrir hvers kyns afþreyingu og frístundir s.s. veiði, hesta-mennsku, golf og flug.

- **Stærð: 218 fm**
- **Fjöldi herbergja: 6**
- **Byggingarár: 2008**
- **Bílskúr: Já**

*Allar nánari upplýsingar má finna á www.leirvogstunga.is*



Arnbjörn
Sölufulltrúi
**892 9818**
arnbjorn@remax.is



Ásdís Ósk
Lögg. fasteignasali
**863 0402**
asdis@remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX Skeifan • Faxafen 8 • 108 Reykjavík • Sími: 412 3400

**JÚLÍA TÍMÓSJENKO, ÚKRAÍNSKUR STJÓRNMÁLAMAÐUR, ER 47 ÁRA Í DAG.**

*„Vesturlönd létu eins og kurteis heiðursmaður eða jafnvel reyndur elskhugi í því að reyna að verja Úkraínu þó svo Rússland hagaði sér eins og getulaus nauðgari.“*

***Júlía Tímósjenko var forsætisráðherra Úkraínu frá 24. janúar til 8. september 2005 og var hún einn af leiðtogum appelsínugulu byltingarinnar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 27. NÓVEMBER 2005**

## *Heimsins fyrsta andlitságræðsla*



Isabelle Dinoire varð fyrsti andlitsþegi heims þennan dag fyrir tveimur árum. Hún missti andlitið þegar hundur hennar réðst á hana þar sem hún svaf í maí árið 2005 en þá var hún 38 ára gömul. Tvö skurðlæknateymi framkvæmdu aðgerðina og voru þau undir stjórn dr. Bernards Devauchelle í Amiens í Frakklandi og dr. Jean-Michel Dubernard frá Lyon. Nef, varir og hluti af höku voru grædd á Dinoire. Hún var heiladauð þegar ágræðslan var gerð. Litlu munaði að ónæmiskerfi hennar hafnaði hinum nýju andlitshlutum í tvígang en henni var gefið lyf sem dregur úr virkni ónæmiskerfisins. Eftir það sýndi líkami hennar lítil höfnunareinkenni gagnvart hinu nýja andliti. Í fyrstu átti Dinoire erfitt með að tala en nú skilja hana allir.

Læknar sögðu aðgerðina hafa heppnast vel og að Dinoire yrði sífellt næmari í andlitinu og geti hreyft andlitsvöðvana meira með hverjum mánuðinum sem líður.

Aðgerðin var afar umdeild á sínum tíma þar sem hún fól í sér ýmsa áhættuþætti. Erfitt getur verið að segja til um áhrif lyfja sem draga úr virkni ónæmiskerfisins en þau gætu jafnvel orsakað krabbamein. Einnig er alltaf hætta á að líkami sjúklingsins hafni ágræðslunni þannig að ástand sjúklingsins versni. Að lokum eru ýmsir sálrænir erfiðleikar sem sjúklingar þurfa að glíma við þegar þeir aðlagast nýju útliti og sjálfsmynd. Markmið aðgerða af þessu tagi er þó að auka lífsgæði sjúklinga og í tilfelli Dinoire var ávinningurinn talinn það mikils virði að úr varð að aðgerðin var gerð.

### MERKISATBURÐIR

**1804** Trampe greifi tekur við embætti amtmanns í Vesturamti en vegna húsnæðiseklu varð hann að láta sér nægja að setjast að í tukthúsinu.

**1857** Póstskipið Sölöven ferst undan Svörtuloftum við Snæfellsnes og Drei Annas undan Mýrum. Bæði skipin fórust með allri áhöfn og farþegum.

**1896** Grímur Thomsen skáld deyr á Bessastöðum þá 76 ára.

**1956** Vilhjálmur Einarsson vinnur til silfurverðlauna í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne.

**1990** Breskir íhaldsmenn kjósa John Major sem eftirmann Margaret Thatcher.



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór B. Ólason,**

rafvélavirki, Framnesvegi 62, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum, Fossvogi, þriðjudaginn 20. nóvember, verður jarðsunginn frá Neskirkju í dag, þriðjudaginn 27. nóvember kl. 13.00.

**Hulda Heiðrún Eyjólfsdóttir**
**Valgerður Halldórsdóttir** **Helgi H. Steingrímsson**
**Sigríður Halldórsdóttir** **Gylfi Þorkelsson**
**Óli F. Halldórsson** **María Björk Daðadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Maggý Lárentsínusdóttir**

Skólastíg 23, Stykkishólmi,

lést á Sankti Franciskusspítalanum í Stykkishólmi 19. nóvember sl. Jarðarförin fer fram frá Stykkishólmskirkju fimmtudaginn 29. nóvember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á orgelsjóð Stykkishólmskirkju.

**Ágúst Bjartmars**
**Petrína Bjartmars** **Sumarliði Bogason**
**Kristján Bjartmars** **Jóhanna Rún Leifsdóttir**
**Lárentsínus Ágústsson** **Heiðrún Leifsdóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Elsku mamma mín, amma okkar og langamma,*

**Karólína Pétursdóttir**

Hjallaseli 55 (Seljahlíð), áður til heimilis að Bogahlíð 13,

sem lést laugardaginn 17. nóvember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 28. nóvember kl 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakk-aðir. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Félag einstakra barna.

**Pétur Þór Jónsson,**
**Karólína Pétursdóttir** **Örn Einarsson**
**Elena Kristín Pétursdóttir** **Þorvaldur Magnússon**
**Arna Hildur Pétursdóttir** **Ragnar Börkur Ragnarsson**
**og barnabarnabörn.**



†

*Bróðir okkar*

**Ólafur Sigurðsson,**

Bergstaðastræti 34 B, Reykjavík,

lést þann 4. nóvember sl. að Vífilsstöðum. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til starfsfólks hjartadeildar LHS og Hrafnistu Vífilsstöðum.

**Ásgeir Sigurðsson**
**Þorsteinn Sigurðsson.**



**AFMÆLI OG NÝ VERSLUN** Eddu Heiðrúnu finnst ákaflega gaman að vera fullorðin og hefur nú opnað verslunina Súkkulaði og rósir í tilefni fimmtugsafmælisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**EDDA HEIÐRÚN BACKMAN:** OPNAR VERSLUN Í TILEFNI FIMMTUGSAFMÆLIS

# Súkkulaði og rósir í Reykjavík

Hin ástsæla leikkona og leikstjóri, Edda Heiðrún Backman, er fimmtug í dag og hefur af því tilefni opnað verslun sem heitir Súkkulaði og rósir. „Ég ætla að gefa Reykvíkingum eðalkonfekt ásamt bók og listaverki mánaðarins,“ útskýrir Edda Heiðrún, sem segir tilurð búðarinnar dálítið sérstaka. „Mig dreymdi að ég skrifaði kennitöluna mín sem breyttist í kennitölu fyrirtækis og ég tók því sem vísbendingu og dreif mig í þetta,“ útskýrir Edda Heiðrún. „Ég vil bara gera það sem mér finnst skemmtilegt og vera þar sem fólk tjáir tilfinningar sínar. Bara meiri ást, meiri rósir og meira súkkulaði,“ segir Edda Heiðrún og minnist búðarleikja æsku sinnar með gleði.

„Búðin er eins konar draumur um að leggja eitthvað á vogarskálarnar fyrir miðbæinn,“ segir Edda Heiðrún sem hefur löngum tengst miðbænum í gegnum ýmis störf. „Þetta er búð sem fólk getur reitt sig á hvað varðar gæði, hlýju og alúð, fljóta og góða þjónustu og hér þjóna ég 101-viðskiptapakkanum líka. Þú getur komið og ýmist keypt eina rós eða dýrar og fallegar gjafir í formi listaverka, bókmennta og fleira. En þetta miðast náttúrulega út frá því hvernig ég vel,“ segir Edda Heiðrún, en búðin er algjörlega hennar hugarfóstur. Auk þess að opna búð hefur Edda Heiðrún leikstýrt verkinu Hjónabandsglæpir í Þjóðleikhúsinu sem var tekið upp aftur í haust og er hún því langt frá því að sitja auðum höndum. „Það er æðislega gaman að vera fullorðin. Ég vildi óska þess að ég væri að halda upp á hundrað ára afmælið mitt. Að fá að lifa og lifa skemmtilegu, innihaldsríku lífi – það er ekkert dásamlegra til. Að lifa sem flest ár því betra,“ segir Edda Heiðrún sem er líka að halda upp á lífið og segist vera afar þakklát fyrir yndislega fjölskyldu og góða vini. „Það er eðlilegt að mér líði þannig en mér finnst aldurinn frábær! Ég hef það afskaplega gott og er full af orku, jákvæðni og gleði og svo bara sjáum við til. Ég trúi á kraftaverk og ef það er eitthvað sem mér finnst leiðinlegt þá eru það leiðindi og ég ætla því að reyna að hjálpa fólki að njóta lífsins,“ segir Edda Heiðrún glettin.

Afmælisdagurinn verður að sjálfsögðu haldinn hátíðlegur og er mikil dagskrá framundan.

„Ég byrja á því að halda upp á afmælið í búðinni. Það verður fimm daga afmælisveisla en frá fjögur til sex á daginn er fólki boðið hingað. En á morgun verð ég með nánustu ættingjum og vinum og um kvöldið er húllumhæ á Hilton-hótelinu,“ segir Edda Heiðrún og bætir því við að Súkkulaði og rósir er til húsa að Hverfisgötu 52.

hrefna@frettabladid.is



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Guðjónsson**

rafvirkjameistari, Hjúkrunarheimilinu Eir áður Brautarlandi 6, Reykjavík,

lést 21. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju 29. nóvember kl. 13.00.

**Arndís Guðjónsdóttir**
**Guðjón Magnús Jónsson** **Sigríður Þorláksdóttir**
**Margrét Katrín Jónsdóttir**
**Hrönn Guðjónsdóttir** **Björn Baldvinsson**
**Magnea Ólöf Guðjónsdóttir** **Halldór Kjartansson Björnsson**
**Arndís Guðjónsdóttir** **Magnús Örn Guðmarsson**
**Jón Þór Guðjónsson** **Eva Björg Torfadóttir**
**Hrafn Eyjólfsson**
**Hrafnhildur Eyjólfsdóttir** **Halldór Ingi Hákonarson**
**Jón Örn Eyjólfsson**
**og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Kr. Árnason**

skipstjóri, Hrafnistu, Hafnarfirði,

sem lést 18. nóvember sl. verður jarðsunginn frá Háteigskirkju miðvikudaginn 28. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd eða Krabbameinsfélagið.

**Friðrik Sigurðsson** **Margrét Hlíf Eydal**
**Steinar Sigurðsson** **Helga Sigurjónsdóttir**
**Árni Þór Sigurðsson** **Sigurbjörg Þorsteinsdóttir**
**Þórhallur Sigurðsson** **Ene Cordt Andersen**
**Sigurður Páll Sigurðsson**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

**Santa Fe**

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- Öflugt fjórhjóladrif með 50/50 driflæsingu
- 6 Öryggisloftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu undir rúðuþurkum
- Tölvustýrð loftkæling
- Skriðstillir (Cruise Control)
- 17" álfelgur
- Fáanlegur 7 manna

**Santa Fe beinskiptur, bensín 188 hö**
**Verð kr. 3.740.000**

**Santa Fe sjálfskiptur, dísel 150 hö**
**Verð kr. 4.190.000**

*Hefur gæðin*

# Veglegur sportjeppi

Santa Fe er með mikið rými og er því eins og sniðinn fyrir fólk með lifandi áhugamál. Sjálft farangursrýmið er 969 ltr og því þykir farangursrýmið einstaklega gott. Þá er þessi veglegi sportjeppi aðeins búinn fyrsta flokks þægindum og kraftmiklum jeppaeiginleikum og hefur sem dæmi 2 tonna dráttargetu. Komdu í reynsluakstur.

Santa Fe er bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga að mati Bandalagi Íslenskra Bílablaðamanna. Santa Fe er sönnun þess að Hyundai hefur gæðin.

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL ÁRSINS
2007
BÍLABLAÐAMANNA




Bíll á mynd: Hyundai Santa Fe beinskiptur, bensín 288 hö verð kr. 3.740.000

Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Mauraeðli Mörlendinga

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** MÍGUR Í SALTAN SJÓ



Nýverið fór Morley Safer á stúfana fyrir hönd bandaríska fréttaskýringaþáttarins 60 Minutes og kynnti sér vinnusiðferði bandarísku aldamótakynslóðarinnar. Í ljós kom að viðhorf ungmennanna gagnvart vinnunni er byggt á allt öðrum forsendum en foreldrarnir höfðu tamið sér á sínum yngri árum þegar Ameríka var byggð með höndunum einum saman.

Í stað þess að slíta sér út með blóði, svita og tárum þá er aldamótakynslóðinni meira annt um sjálft sig heldur en fyrirtækið. Bandarísku aldamótakynslóðinni þykir ekki fínt að fórna sér fyrir vinnuna og kýs að eyða tíma sínum í vini, veislur og fjölskyldu. Vinnan þarf að lúta í lægra haldi fyrir lífinu sjálfu.

Vinnusiðferði íslensku þjóðarinnar hefur hins vegar lítið breyst frá því að forfeðurnir voru múlbundnir við vinnu og létu sér nægja torfkofa og súpukjöt fyrir tólf tíma vinnudag. Maura-siðferðið svokallaða lifir góðu lífi og væntanlega myndi íslenska „efnahagsundrið“ hrynja ef siðferði bandarískra ungmenna yrði tekið upp af íslenskum jafnöldrum þeirra.

Hér eru fáar drottningar en margir maurar sem eyða bróðurpartinum af lífi sínu í vinnunni og hafa lítinn sem engan tíma til að sinna sjálfum sér, hvað þá öðrum. Þetta fyrirkomulag er einfaldlega greypt í þjóðarsálina og öll andstaða við það hálshöggvin eins og Jón Arason forðum daga. Vinnutíminn er lágmark fimmtíu klukkustundir og helst lengur enda þarf að hafa eitthvað á milli handanna þegar íbúðarlánin, matarverðið og yfirdráttarvextir hafa hirt bróðurpartinn af launinum.

Á Íslandi gildir sú regla að sá sem ekki vinnur yfirvinnu er aumingi. Og hann verðskuldar vart sinn sess meðal þegnanna. Þeim maur sem framleiðir hvað mest og leggur líf sitt og limi að veði er hins vegar umbunað með flatskjá og stundum – en aðeins stundum – notuðum Range Rover og þá helst svörtum.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fáanlegt með vélini.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.

Verð frá kr.: 15.990

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200




Myndband af lögregluinnrás í mótorhjólaklúbb Fáfnis.

# „Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg og VefTV – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

vísir.is

...ég sá það á visir.is




**!** **Sýning**
*Pétur Pétursson sýnir um þessar mundir átta nýleg málverk í húsgagnaversluninni GÁ-húsgögn, Ármúla 19. Allar myndirnar á sýningunni eru landslagsmálverk og flestar eiga sér fyrirmynd í landslagi Snæfellsness.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Rithöfundar halda austur*

Fimm rithöfundar halda af stað í ferðalag um Austurland á morgun. Rithöfundarnir eru þau Vigdís Grímsdóttir, Pétur Blöndal, Kristín Svava Tómasdóttir, Þráinn Bertelsson og Jón Kalman Stefánsson.

Höfundar þessir standa allir í bókaútgáfu nú fyrir jólin og hafa því margt nýstárlegt og spennandi fram að færa. Bók Vigdísar Grímsdóttur um Bíbí Ólafsdóttur er ævisaga sterkrar alþýðukonu sem bugast aldrei hvað sem á móti blæs. Bíbí hefur lifað tímana tvenna og miðlar Vigdís sögu hennar til lesenda á sinn dularfulla og seiðandi hátt. Í bókinni Sköpunarsögur ræðir Pétur Blöndal við tólf landskunna rithöfunda og skyggnist þar með inn í ferlið sem á sér stað frá óljósri hugmynd að fullsköpuðu ritverki. Þráinn Bertelsson sendi nýverið frá sér sakamálasöguna Englar dauðans en hún þykir í senn æsispennandi og áleitin í umfjöllun sinni um neðanjarðarheim fíknar og ofbeldis. Skáldið unga, Kristín Svava Tómasdóttir, hefur fengið mikla umfjöllun í kjölfar útgáfu ljóðabókarinnar Blótgælur, enda hefur bókin verið kölluð besta frumraunin á sviði ljóðagerðar í langan tíma. Saga Jóns Kalmans Stefánssonar, Himnaríki og helvíti, hefur hlotið einróma góða dóma. Bókin gerist vestur á fjörðum um aldamótin 1900 og segir frá örlagaríkum róðri.

Fyrsti viðburðurinn á ferðalagi höfundanna fer fram annað kvöld kl. 20 á Skriðuklaustri. Þar lesa þau úr bókum sínum og spjalla við gesti. Frá Skriðuklaustri liggur leið þeirra norður á Vopnafjörð þar sem þau munu lesa í Kaupvangi kl. 20.30 á fimmtudagskvöld og á Eyrinni á Þórshöfn á föstudagskvöld kl. 20. Síðasti viðkomustaður rithöfundanna áður en þeir snúa aftur á suðvesturhornið er Seyðisfjörður en þar munu þeir lesa upp úr bókum sínum í Skaftfelli á laugardag kl. 20.30. Aðgangseyrir að upplestrarkvöldunum er 1.000 kr. - vþ


**VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR** Hún ferðast um Austurland og kynnir bók sína um Bíbí Ólafsdóttur.


**KORPÚLFSSTAÐIR** Hýsa blómlegt listastarf.

# List mæld í metrum

Á Korpúlfsstöðum er rekin sjónlistamiðstöð á vegum Sambands íslenskra myndlistarmanna, Samtaka hönnuða og Reykjavíkurborgar. Í sjónlistamiðstöðinni eru nú vinnustofur hátt í fjörutíu starfandi myndlistarmanna og hönnuða. Í byggingunni er einnig rekið útibú frá Myndlistarskólanum í Reykjavík þar sem börn og unglingar hafa sótt námskeið. Félagsstarf aldraðra í Grafarvogi fer fram á Korpúlfsstöðum auk þess sem kylfingar láta sjá sig þar sem Korpúlfsstöðum að ógleymdum golfurunum sem þeytast um velli hlýrri mánuði ársins. Því má með sanni segja að þetta gamla kúabú hafi öðlast nýtt og menningarlegt hlutverk á undanförnum árum.

Senn dregur til tíðinda á Korpúlfsstöðum þar sem borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, opnar næstkomandi laugardag í stóra sýningarsal byggingarinnar samsýningu ríflega helmings þeirra listamanna sem á Korpúlfsstöðum starfa.

Titill sýningarinnar er Meter þar sem verkin, sem unnin eru í margvíslega miðla, eiga það öll sameiginlegt að vera unnin út frá mælieiningunni metra. Því mælast verkin öll einn metri á alla kanta, hvort sem þau eru í tvívídd eða þrívídd. Sýningin stendur aðeins yfir um næstkomandi helgi og verður opin frá 13 til 17 laugardag og sunnudag.

Vinnustofur þeirra listamanna og hönnuða sem starfa á Korpúlfsstöðum verða einnig opnar almenningi á laugardag og kennir þar ýmissa grasa. Á Korpúlfsstöðum er unnið að listsköpun út frá ólíkum forsendum og má því sjá málverk, teikningar, grafík, grafíska hönnun, leirlist, textíl, hreyfimyndagerð, landslagsarkitektúr, leikmyndahönnun, glerlist og höggmyndir á vinnustofunum. Það er því til mikils að vinna fyrir áhugafólk um listir enda hér á ferð tækifæri til þess að fylgjast með vinnuferli listafólks.

Sjónlistirnar fá þó ekki einar að njóta sín því ritlistin lætur líka til sín taka. Rithöfundar munu lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum og hægt verður að kaupa sér kaffiveitingar í portinu í suðurhluta hússins. - vþ

# Fjölbreyttur Beethoven

**Síðustu háskólatónleikar ársins fara fram í Norræna húsinu kl. 12.30 á morgun. Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Gerrit Schuil píanóleikari flytja þar þætti úr sónötum eftir tónskáldið dáða Ludwig van Beethoven.**

Sónötur Beethovens fyrir píanó og fiðlu eru tíu talsins og allar tileinkaðar mektarmönnum frá samtíð tónskáldsins.

Fyrstu þrjár sónöturnar, ópus 12, eru samdar á árunum 1797 til 1798 og eru tileinkaðar ítalska tónskáldinu Antonio Salieri. Sónötur númer 4 og 5 eru tileinkaðar greifanum Moritz von Fries og voru samdar litlu síðar eða á árunum 1800 til 1801. Sú síðarnefnda hefur hlotið heitið Vorsónatan.

Sónötur númer 6, 7 og 8 eru allar ópus 30 og eru samdar aðeins ári síðar eða 1802. Þær eru tileinkaðar Alexander fyrsta Rússakeisara. Tveimur árum síðar samdi Beethoven sónötu ópus 47. Hún er tileinkuð Rudolphe Kreutzer og er jafnan nefnd Kreutzersónatan, en hún og Vorsónatan eru langþekktastar af sónötunum tíu. Átta árum síðar leit síðasta sónatan, ópus 96, dagsins ljós. Hún er tileinkuð erkihertoganum Rudolph von Österreich. Á tónleikunum á morgun verða leiknir valdir þættir úr fimm af sónötunum.

„Það myndi taka nokkra daga að flytja allar sónötur Beethovens og því lá það fyrir að við yrðum að velja tiltekna þætti úr þeim til þess að flytja á tónleikunum. Við reyndum þó að hafa það að leiðarljósi við valið að þættirnir séu sem fjölbreyttastir og veiti þannig góða mynd af sónötunum þar sem þær eru fremur ólíkar innbyrðis," segir Guðný um efnisskrá tónleikanna.


**GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR** Leikur á Háskólatónleikum í Norræna húsinu á morgun.

Tónleikaröðin Háskólatónleikar hefur farið fram í haust við góðan orðstír. Tónleikarnir á morgun verða þeir síðustu á árinu, en þráðurinn verður tekinn upp að nýju í febrúar næstkomandi. „Tónleikarnir eru stuttir og laggóðir og því þarf að sníða efnisskrá þeirra með það í huga. Þeir eru hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk til þess að lyfta sér aðeins upp í hádegishléinu sínu og njóta menningar áður en það heldur aftur til vinnu," segir Guðný.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.30 og standa yfir í hálftíma.

Aðgangseyrir er 1.000 kr., eldri borgarar og öryrkjar fá helmingsafslátt og nemendur Háskóla Íslands þurfa ekki að greiða fyrir aðgang.

vigdis@frettabladid.is







# Sýningar hverfa af sviðinu

Tvö verk hverfa af sviðum Þjóðleikhússins á næstu dögum: Hamskiptin og Leg renna brátt sitt skeið eftir gott gengi: Leg var frumsýnt á liðnum vetri en Hamskiptin komu upp í haust eftir stuttan sýningartíma í London og halda nú aftur til Lundúna þar sem sýningar hefjast að nýju.


**LEIKLIST** Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri

Ýmsir hafa furðað sig á að leiksýningar sem samkvæmt auglýsingum eru leiknar fyrir fullu húsi hverfi af sýningarskránni. Fáir miðar eru til á síðustu sýningar verkanna beggja: Leg er leikið 28. og 29. nóvember, en Hamskiptin verða sýnd 30. nóvember og 3. desember. Samningar við Lyric Hammersmith-leikhúsið gerðu ráð fyrir að sýningum við Hverfisgötuna yrði hætt 1. desember og leikmyndin sett í gám og siglt með hana til Bretlands. Hefjast sýningar ytra upp úr áramótum. Elva Ósk verður í hópnum sem leikur fyrir breska áhorfendur en þau Björn Thors og Unnur Ösp taka við hlutverkum Gísla og Nínu.

Tinna Gunnlaugsdóttir leikhússtjóri segir sýningar á Legi orðnar fjörutíu auk fjögurra forsýninga: „Góð aðsókn var á flestar sýningarnar í vor og þegar hlé var gert á sýningum var hætt fyrir fullu húsi. Í haust fór miðasalan hægt af stað en tók svo verulega vel við sér. Sérstaklega hafa skólahópar verið duglegir að nýta sér sérkjör í miðaverði og stórir hópar frá flestum framhaldsskólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu hafa nú séð sýninguna. Stemningin á sýningum þegar unglingar úr sama skóla koma í stórum hóp í leikhúsið hefur oft verið alveg mögnuð og allt ætlað að springa af fögnuði í lok sýningar. Vissulega væri gaman að geta haldið sýningum áfram eftir áramót, það gerist ekki oft að sýningar hitta svona gjörsamlega í mark hjá þeim aldurshópi sem oft og einatt hefur verið erfitt að draga í leikhúsið, en aðstæður eða aðstöðuleysi á stóra sviðinu vega þungt samfara því mati að framboð af lausum sætum á þær fjörutíu sýningar sem sýndar hafa verið á því sex mánaða tímabili sem sýningar hafa staðið hafi verið viðunandi og ættu þeir sem á annað borð höfðu áhuga á að sjá sýninguna að hafa haft til þess tækifæri."

Segir Tinna aðstöðuleysi til geymslu á leikbúnaði ráða miklu um að sýningum er hætt. „Geymsluplássið er því miður af ákaflega skornum skammti og setur plássleysi starfinu því ákaflega þröngar skorður. Þjóðleikhúsið er barn síns tíma í þessu tilliti eins og margoft hefur komið fram í umræðunni." Við upphaf ráðningar sinnar tók Tinna þá ákvörðun að stytta sýningarskeið og þétta sýningarhaldið, meðal annars til að minnka umskipunarkostnað sem er samfara því að hafa margar sviðsetningar á stóra sviðinu í senn. Hefur hún reyndar látið vinna áætlanir um að byggja við húsið beinlínis til að bæta úr aðstöðu baksviðs í Þjóðleikhúsinu sem hefur verið í endurbyggingu í hartnær tvo áratugi. Þéttara sýningarhaldi fylgir sá böggull „að áhorfendur mega helst ekki draga það um of að tryggja sér miða ef þeir ætla ekki að missa af áhugaverðum sýningum í Þjóðleikhúsinu. Nú er undirbúningur fyrir jólasýninguna, Ívanov, kominn á fullan skrið. Verður hún sýnd þétt frá jólum og fram á þorra, að minnsta kosti, samhliða sýningum á Skilaboðaskjóðunni, en mikil aðsókn er einnig á þá sýningu. Svo er von á Sólarferð á stóra sviðið um miðjan febrúar, Engisprettum í mars og Ástin er diskó, lífið er pönk í apríl."

Tinna segir fulla ástæðu til að hvetja leikhúsgesti til að draga það ekki um of að sjá sýningar á stóra sviði Þjóðleikhússins. „Þeir gætum misst af frábærri upplifun. Leikhús er lifandi listform og eftir að sýningum á tilteknu leikriti lýkur er sýningin horfin af sjónarsviðinu fyrir fullt og allt og lifir aðeins áfram í huga þeirra sem nutu."

pbb@frettabladid.is


**LEIKLIST** Sýningum á Legi er að ljúka en nýtt verk eftir Hugleik í leikstjórn Stefáns Jónssonar verður sýnt eftir áramót.
MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



**TÓNLIST** Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari stóð fyrr á þessu ári fyrir myndarlegu átaki í hljóðritunum á smærri verkum Sveinbjörns Sveinbjörnssonar sem brátt koma í verslanir í útgáfu Naxos.

# Verk eftir Sveinbjörn komin á disk

Væntanlegur er diskur á forlagi Naxos-útgáfunnar sem mörgum er kunn með verkum eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson sem kunnastur er hér á landi fyrir þjóðsönginn sem tónskáldið samdi við ljóð Mattíasar Jochumssonar. Það er Nína Margrét Gautadóttir píanóleikari sem stóð fyrir hljóðritunum á nokkrum verka Sveinbjarnar fyrr á þessu ári en nú eru liðin 160 ár frá fæðingu hans. Sveinbjörn var brautryðjandi í íslensku tónlistarlífi og eins og þeir fáu sem vildu eiga feril á því sviði lista starfaði hann mest erlendis, bjó í Danmörku og Skotlandi. Verk hans urðu því fæst hluti af íslenskum tónbókmenntum eins og þeirra sem störfuðu hér heima. Hann samdi talsvert af tónlist og það eru píanó-tríó og fiðlusónata sem eru helstu verkin á disknum auk lýrískra smáverka. Auk Nínu leika á disknum þau Auður Hafsteinsdóttir, Sigurgeir Agnarsson og Sigurður Bjarki Gunnarsson. Eru tvö verkanna sem þau spila frumhljóðritanir. Verkefnið var styrkt af Tónskáldasjóði Ríkisútvarpsins, Hljómdiskasjóði FÍT og Þjóðhátíðarsjóði.

Nína og félagar munu fylgja útgáfu disksins eftir með tónleikahaldi er nær dregur jólum en hann verður fáanlegur í öllum betri hljómplötuverslunum og ætti í raun að vera skylduhlustun hjá áhugamönnum um íslenskar tónmenntir frá upphafi borgaralegrar tónlistarsköpunar hér á landi. pbb@frettabladid.is



**HANDRIT** Útlagar koma fyrir í mörgum íslenskum miðaldahandritum.

# Hvers vegna útlagar?

Joonas Ahola frá Háskólanum í Helsinki heldur fyrirlesturinn The Saga Outlaw and Medieval Iceland annað kvöld kl. 20. Fyrirlesturinn verða haldinn í húsi Sögufélagsins við Fischersund 3.

Í fyrirlestrinum mun Joonas greina frá efni doktorsverkefnis síns við Þjóðfræðideild Háskólans í Helsinki, en verkefnið fjallar um útlaga í íslenskum miðaldahandritum. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku og er öllum opinn.

Joonas veltir fyrir sér mikilvægi frásagna um útlaga í íslenskum fornritum á þeim tíma sem þau voru rituð. Farið verður ofan í saumana á merkingu útlagafrásagna í Íslendingasögunum í stuttu máli og rætt hvað nútímarannsóknir geta sagt okkur um mismunandi þýðingu textanna fyrir ritara þeirra og áheyrendur. - vþ

# *Systkinin Gröndal djassa á Domo*

Söngkonan Ragnheiður Gröndal sat fyrir svörum í viðtalsþætti Evu Maríu Jónsdóttur síðastliðið sunnudagskvöld. Viðtalið fór vel fram í alla staði og var aðdáendum söngkonunnar kærkomið tækifæri til þess að heyra hana viðra skoðanir sínar á ýmsum málefnum.

En alltaf er það jafn ljúft að hlusta á þessa ungu hæfileikakonu kyrja lög. Því skal tónleikum hennar annað kvöld á vegum djassklúbbsins Múlans tekið fagnandi, en þar kemur hún fram ásamt bróður sínum Hauki Gröndal og hljómsveit.

Á efnisskrá tónleikanna verða eftirlætislög þeirra systkina með söngkonunni góðkunnu Billie Holiday. Billie er heimsþekkt fyrir magnaðar túlkanir sínar á djasstónlist á milli- og eftirstríðsárunum.

Meðleikarar þeirra systkina verða þeir Ásgeir Ásgeirsson á gítar, Þorgrímur Jónsson á bassa og Erik Qvick á trommur.

Múlinn er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna og Jazzvakningar. Klúbburinn heitir í höfuðið á helsta djassgeggjara þjóðarinnar, Jóni Múla Árnasyni sem jafnframt var heiðursfélagi og verndari Múlans. Tónleikarnir fara fram annað kvöld á Domo bar í Þingholtsstræti og hefjast kl. 21. Aðgangseyrir er 1.000 kr. - vþ



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Þessi vinsæla og fjölhæfa söngkona kemur fram á Domo annað kvöld.

# Kór leitar félaga

Karlakórinn Stefnir í Mosfellsbæ hefur hafið nýjan starfsvetur. Síðastliðinn vetur gerði kórinn víðreist og fór meðal annars til Rússlands og Finnlands.

Fyrirhugaðar eru söngferðir um Norður- og Austurland og einnig á erlendar slóðir með vorinu. Stefnir getur enn bætt við sig góðum mönnum í allar raddir og eru áhugasamir hvattir til að sækja um sem fyrst með því að hafa samband við Hörð í síma 694 7525 eða með því að senda línu á netfangið stefnir@stefnir.is. - vþ


Afnemum VSK af öllum húsgögnum

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri

Mikið úrval af glæsilegum húsgögnum

Sófar
Tungusófar
Borðstofuhúsgögn
Hornsófar
Relax sófar

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 2. desember

HAGKAUP Skemmtilegast að versla

> UMDEILT HÁR

Breska söngkonan Joss Stone tjáði sig nýlega um það hvers vegna hún skiptir svo oft um háralit. „Ástæðan er sú að ég vil undirstrika að ég hljóma eins, sama hvort ég er ljóshærð eða fjólublá eða blá," segir Joss, sem finnst athyglin sem hár hennar hefur vakið „pirrandi".



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Britney ættleiðir kínverska tvíbura

Britney Spears áformar að ættleiða kínverska tvíbura, samkvæmt heimildum breska slúðurblaðsins News of the World. Hún hefur sagt vinum sínum að hún hafi fundið sér ættleiðingarskrifstofu og sé langt komin í ferlinu. Sömu vinir halda að kínversku börnunum sé þannig ætlað að fylla skarð Jaydens James og Seans Prestons í lífi Britneyjar, en eins og margir vita missti söngkonan forræði yfir sonum sínum tveimur til fyrrverandi eiginmanns síns, Kevin Federline, í haust. Ekki er annað vitað um kínversku tvíburana en að þeir munu vera sex ára gamlir.

News of the World greinir einnig frá því að Britney hafi á dögunum reitt fram andvirði ríflega þriggja milljóna íslenskra króna, til þess að borga fyrir sína eigin jarðarför. Heimildarmaður blaðsins og vinur söngkonunnar segir: „Það lítur ekki út fyrir að Britney hafi hugsað þetta til enda. Ættleiðing og jarðarför? Þetta tvennt á ekki beint samleið!"

Miðað við þá skipun dómarans í máli Britneyjar og Kevins Federline að Britney verði að gangast undir lyfjapróf og fá kennslu í barnauppeldi þykir honum hún ekki nógu hæf móðir. Það er því spurning hvort ættleiðingarskrifstofan sé á sama máli.



**ÆTTLEIÐING OG JARÐARFÖR** Britney Spears vill ættleiða kínverska tvíbura og hefur þegar greitt þrjár milljónir inn á sína eigin jarðarför.

# Grænlenskur andi í Rauða eplinu

Í Ingólfsstræti var nýlega opnuð verslunin Rauða eplið sem býður upp á fatnað úr danska hönnunarmerkinu Isaksen Design. „Við vorum á röltinu í Kaupmannahöfn og kíktum inn í þessa búð. Okkur leist svo vel á að við ákváðum að skella okkur í rekstur," segir hinn 23 ára gamli Guðjón Häsler sem rekur verslunina í slagtogi við móður sína, Kristínu Guðjónsdóttur.

„Danskar mæðgur hanna fötin en þær eru ættaðar frá Grænlandi og sækja innblástur í grænlenska náttúru. Þær nota til dæmis mikið ull, skinn og leður," segir Guðjón og bætir við að einnig gæti asískra áhrifa. Helstu litirnir í fatalínunni eru hvítt, svart og rautt en þeir litir eru táknrænir í grænlenskri menningu og vísa til anda forfeðranna.

Isaksen Design fagnar fimm ára afmæli sínu um þessar mundir og hefur náð gríðarlegum vinsældum á þessum stutta tíma. „Rauða eplið er nítjánda búðin í heiminum til að selja vörurnar. Merkið er að finna víðs vegar um Norðurlöndin og nýbúið er að opna verslun í New York," segir Guðjón sem ætlar seinna að bæta við fylgihlutum eftir aðra danska hönnuði.

„Búðin sjálf er öll hin glæsilegasta, við gerðum allt sjálf," segir Guðjón sem er lærður rafvirki. „Við höfum ekkert auglýst ennþá en samt fer þetta þrælvel af stað og búin að vera rífandi sala," segir Guðjón og hvetur alla til að líta inn í Rauða eplið í Ingólfsstræti 12.

- eá



**GUÐJÓN HÄSLER** Hefur opnað fataverslunina Rauða eplið með danskri/grænlenskri hönnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Þurfa hjálp við uppeldið

**Brad Pitt og Angelina Jolie gætu verið að stefna geðheilsu barna sinna í hættu. Fjölskylduráðgjafinn Sloane Veshinski gagnrýndi parið nýlega fyrir endalaust flakk um heiminn með börnin.**

Sjónvarpsstöðin Fox News tók nýlega viðtal við fjölskylduráðgjafann Sloane Veshinski. Hún sagði að endalausar ferðir Angelinu Jolie og Brad Pitt gætu haft slæm áhrif á börnin þeirra fjögur, Maddox, Zahöru, Pax og Shiloh. „Lítil börn þurfa rútínu; endalausir flutningar geta gert þeim erfitt um vik að tengjast öðrum í kringum sig tilfinningaböndum og að ná að stofna til vináttu við önnur börn," segir Veshinski.

Jolie-Pitt-fjölskyldan hefur nú þegar búið í New York, New Orleans, Los Angeles, Chicago og Prag og fregnir herma að þau séu nú að leita að húsi á Spáni. Veshinski segir að bæði flutningarnir og ný tungumál geti gert börnunum erfitt að kynnast jafnöldrum sínum.

„Börnin gætu átt erfitt með að tengjast leikfélögum. Í framtíðinni gætu þau verið greind með ADHD – athyglisbrest með ofvirkni – af því að heimur þeirra breytist hraðar en þau geta áttað sig á," segir Veshinski.

Angelina hefur áður sagt að fjölskyldan hafi mikla ánægju af að ferðast. „Við eigum hús í New Orleans, en við eigum ekki bara eitt heimili. Sem er gott. Við sem fjölskylda elskum að ferðast og erum heppin að geta gert svo mikið af því," sagði hún. En Veshinski segir ævintýraþrána stangast á við þörf barnanna fyrir stöðugleika í lífinu.

„Þau eru foreldrar sem eru ómeðvitaðir um grundvallarþarfir barnanna sinna. Brad og Angelina þurfa leiðbeiningar um hvað þarf til að börnin fái gott uppeldi, út frá sálfræðilegu sjónarhorni," segir Veshinski.



**JOLIE-PITT SLÆMIR FORELDRAR?** Fjölskylduráðgjafinn Sloane Veshinski segir Angelinu og Brad þurfa leiðbeiningar með uppeldið og óttast um framtíð barna þeirra. Hér eru þau með dætur sínar tvær, Zahöru og Shiloh.

# Bjart yfir gestum í útgáfuteiti

Bókaútgáfufélögin Bjartur og Veröld héldu sameiginlegt útgáfuteiti um helgina. Þangað komu margir góðir gestir til að fagna jólauppskeru félaganna í útgáfumálum, meðal annars þeir Guðni Ágústsson og Sigmundur Ernir sem höfðu áður fagnað útkomu bókar sinnar í Bókabúð Máls og menningar.



**PÉTUR ÁSTVALDSSON OG SÍMON JÓN JÓHANNSSON**



**ANETTA INGIMUNDARDÓTTIR, ANNA CYNTHIA OG MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR**



**GUÐNI ÁGÚSTSSON, MARGRÉT HAUKSDÓTTIR OG SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON**

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL R.

# Mjúka deildin




## Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.
Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.



**Hitajöfnunarsæng** 140x200
**Jólatilboð**
**24.900,-** Áður kr. 30.550,-
**18,5%** afsláttur




**Hitajöfnunarsæng** 220x200
**Jólatilboð**
**38.150,-** Áður kr. 46.811,-
**18,5%** afsláttur



**TempraKon dúnkoddi** 50x70
**Jólatilboð**
**6.744,-** Áður kr. 7.934,-
**15%** afsláttur



**TempraKon dúnsokkar**
**Jólatilboð**
**5.015,-** Áður kr. 5.900,-
**15%** afsláttur



**Athletic heilsukoddi**
**Jólatilboð**
**7.200,-** Áður kr. 8.470,-
**15%** afsláttur

**Betra BAK**

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

**Akureyri**
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| RENDITION | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 7 og 10 | 16 |
| MR. WOODCOCK | kl. 6 | L |
| ROGUE ASSASSIN | kl. 10.30 | 16 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DAN IN REAL LIFE | kl. 3.40 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| DAN IN REAL LIFE LÚXUS | kl. 3.40 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| WEDDING DAZE | kl. 3.40-5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| BALLS OF FURY | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 4 - 6 | |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 10 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THIS IS ENGLAND | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| RENDITION | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| WEDDING DAZE | kl. 3 | 10 |
| EASTERN PROMISES | kl. 10.40 | 16 |
| SYNDIR FEÐRANNA SÍÐUSTU SÝN. | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| VEÐRAMÓT SÍÐUSTU SÝN. | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10:20 | 14 |
| ELIZABETH | kl. 5.30 | |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DAN IN REAL LIFE | kl. 8 - 10 | 10 |
| RENDITION | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| WEDDING DAZE | kl. 6 | |
| ROGUE ASSASSIN | kl. 6 | |

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 DIGITAL | [illegible] |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5 - 8 | [illegible] |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5 - 8 | VIP |
| JESSE JAMES | kl. 8 | [illegible] |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 8 - 10:30 | [illegible] |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 8 - 10:30 | [illegible] |
| ÍÞRÓTTAHETJAN [illegible] | kl. 6 | [illegible] |
| STARDUST | kl. 5:30 | [illegible] |
| ASTRÓPÍA | kl. 6 | [illegible] |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | [illegible] |
| AMERICAN GANGSTER | kl. [illegible] DIGITAL | [illegible] |
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 | [illegible] |
| THE INVASION | kl. 10 | [illegible] |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 - 10:20 | [illegible] |
| MR. WOODCOCK | kl. 8 - 10 | [illegible] |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 6 - 8 - 10:10 | [illegible] |
| ÍÞRÓTTAHETJAN [illegible] | kl. 6 | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 8 | [illegible] |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 - 10:30 | [illegible] |
| WEDDING DAZE | kl. 8 | |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10 | [illegible] |

GEFÐU GJAFABRÉF Í BÍÓ Í JÓLAGJÖF




# Sveppi gefur út bíómyndaspil

Dagskrárgerðarmaðurinn Sverrir Þór Sverrisson, betur þekktur sem Sveppi, hefur gefið út spurningaspilið Bíóbrot þar sem reynir á kvikmyndaþekkingu þátttakenda.

„Ég gerði þetta með þremur æskufélögum mínum úr Breiðholtinu. Við vorum að spila ensku útgáfuna af spilinu, Real Clue, og fannst bráðvanta svona kvikmyndaspil á íslensku. Höfðum því samband við framleiðandann og fengum leyfi til að gefa það út á Íslandi,“ segir Sveppi, en spilið hefur verið í bígerð í um tvö ár. Hönnunarfyrirtækið Koma hannaði nýtt útlit spilsins. „Það er nauðsynlegt að borðið í svona borðspilum sé flott,“ segir Sveppi, „Við breyttum því og gerðum það veglegra. Ég er ljómandi sáttur við útkomuna.“

Bíóbrot inniheldur margs konar verkefni sem spilaaðdáendur ættu að þekkja vel. Meðal annars þurfa keppendur að teikna og leika kvikmyndatitla eða annað tengt bíómyndum, í bland við hefðbundnar vísbendingaspurningar. „Þú þarft ekki að vera kvikmyndagúrú til að spila Bíóbrot, spurt er út í myndir sem flestir ættu að hafa séð,“ segir Sveppi. „Við breyttum talsvert frá ensku útgáfunni. Tókum út spurningar um gamlar klassískar myndir sem við sjálfir þekktum ekki og settum í staðinn inn íslenskar myndir, leikara og leikstjóra.“

Kvikmyndaspilið Bíóbrot fæst í verslunum BT.



**BÍÓBROT** Borðspil fyrir kvikmyndaáhugafólk.



**SVEPPI** Fannst vanta kvikmyndaspil á íslensku.

# Skemmtikraftar ársins

**Tímaritið Entertainment Weekly hefur krýnt skemmtikrafta ársins 2007. J.K. Rowling trónir á toppnum innan um bæði gömul andlit og ný.**

Entertainment Weekly hefur skipt skemmtikröftunum niður í nokkra flokka, sem virðast sækja innblástur sinn í hefðir í kringum útskriftir úr skólum þar ytra. Þannig er að finna hóp ræðumanna á listanum, vinsælustu persónurnar, undrabörnin, bekkjartrúðana, umtalaðasta hópinn og að lokum, drottningu listans.

Undir ræðumennina falla þekkt andlit á borð við George Clooney, Will Smith og Angelinu Jolie, sem þykja öll hafa áorkað miklu á árinu. Jolie hefur til dæmis vakið mikla athygli í myndinni A Mighty Heart, og þá ekki síðri sem móðir skrímslisins Grendels í Bjólfskviðu.

Matt Damon, Johnny Depp og Kanye West slást í för með Katherine Heigl og Carrie Underwood hvað varðar vinsælustu skemmtikraftana, en þau hafa öll sett mark sitt á árið með kvikmyndaleik eða tónlistarútgáfu. Undrabörnin eru hins vegar þau Zac Efron, sem lék meðal annars í Hairspray, og söngkonan Rihanna, sem er Íslendingum vel kunnug. Þeim til samlætis eru leikkonan Miley Cyrus, sem leikur í gríðarlega vinsælum þætti að nafni Hannah Montana vestanhafs, og Shia LaBeouf úr Transformers.

Bekkjartrúðarnir eru úr öllum áttum, en þeirra á meðal eru Will Ferrell, Simpson-fjölskyldan og Vanessa Williams, sem hefur vakið mikla athygli með frammistöðu sinni sem hin illskeytta Wilhelmina Slater í þáttunum Ugly Betty.

Í hópi umtalaðasta fólksins þekkja Íslendingar helst Amy Winehouse og Gerard Butler, sem lék í Bjólfskviðu Sturlu Gunnarssonar hér á landi.

Það er hins vegar J.K. Rowling sem slær alla út, en eins og flestir vita lauk bókaflokknum um Harry Potter á þessu ári. Entertainment Weekly útskýrir valið á eftirfarandi hátt: „Það sem hún gerði var mjög, mjög erfitt og hún gerði það mjög, mjög vel og gladdi þannig hundruð milljóna barna og fullorðinna mjög, mjög mikið.“



**J. K. ROWLING** Rithöfundurinn J. K. Rowling trónir á toppi lista Entertainment Weekly yfir skemmtikrafta ársins. Einum vinsælasta bókaflokki allra tíma lauk þegar hún sendi frá sér síðustu bókina um Harry Potter.

NORDICPHOTOS/GETTY



ANGELINA JOLIE



VANESSA WILLIAMS



GERARD BUTLER



KATHERINE HEIGL



RIHANNA

## TRÚÐAR OG UNDRABÖRN

Á lista Entertainment Weekly yfir skemmtikrafta ársins 2007 kennir ýmissa grasa. Þar er að finna þekkt andlit á borð við George Clooney og Matt Damon, sem var einmitt kosinn kynþokkafyllsti maðurinn af People um daginn, og nýgræðlinga eins og Zac Efron og Miley Cyrus, sem enn eru Íslendingum ókunn að mestu. Listinn teygir sig frá teiknuðum stjörnum Simpson-fjölskyldunnar til Amy Winehouse, sem þykir enn eiga hrós skilið fyrir hæfileika sína, þó að meira hafi borið á öðrum afrekum hennar upp á síðkastið.

# Enskur pöbb í Austurstræti

„Þetta er eitthvað sem hefur vantað hérna niðri í bæ,“ segir Arnar Þór Gíslason veitingamaður sem opnar enskan pöbb í Austurstræti á fimmtudaginn. Barinn verður til húsa í Austurstræti 12, þar sem Deco var áður, og kallast einfaldlega Enski barinn, The English Pub.

„Þetta er alvöru enskur pöbb með teppi á gólfunum eins og fólk ætti að þekkja að utan,“ segir Arnar þegar hann er beðinn að lýsa staðnum. Arnar segir að staðurinn ætti að henta vel fyrir þá sem vilja kíkja við eftir vinnu til að fá sér eina kalda ölkrús. Þá muni einnig verða mikið lagt upp úr góðri stemningu yfir fótboltaleikjum.

Guinness-bjórinn verður að sjálfsögðu í hávegum hafður á enska pöbbnum en Arnar lofar einnig fjölda annarra tegunda, sem og glæsilegu úrvali af viskí. Á miðjum barnum verður svo lukkuhjól sem gestir staðarins geta spreytt sig á. „Fólk borgar þúsundkall fyrir að snúa hjólinu og getur unnið allt frá einu skoti og upp í tuttugu bjóra,“ segir Arnar sem hyggst einnig selja fólk bjór í metratali: „Já, fólk getur keypt sér metra af bjór. Það eru tíu litlir bjórar á einum planka. Það er hugmynd sem við fengum frá Berlín og skapar alltaf mikla stemningu.“



**ENSKI PÖBBINN** Arnar Þór Gíslason á nýjum bar sínum í Austurstræti, The English Pub, sem hann opnar á fimmtudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Breska fyrirsætan **Katie Price**, betur þekkt sem **Jordan**, er búin að leysa jólagjafavandamál ársins. Hún ætlar að gefa eiginmanni sínum, **Peter Andre**, ný brjóst í jólagjöf. Brjóstin munu þó prýða hana sjálfa en verða eiginmanninum eflaust uppspretta jólagleði. Jordan fer þar með í sína fjórðu brjóstaaðgerð, en hún ætlar víst að minnka við sig í þetta skiptið.



**Daniel Craig** er mættur aftur í líkamsrækt til að komast í form áður en tökur hefjast á næstu Bond-mynd. Hann vakti athygli hjá kvenþjóðinni víða um heim í síðustu mynd, Casino Royale, en segist hafa verið fljótur að slá slöku við í ræktinni. Craig ábyrgist hins vegar að vera aftur kominn í form þegar tökur hefjast. „Þegar þessi gaur fer úr skyrtunni á hann að líta út eins og hann gæti drepið einhvern," segir Craig.



Naglanum **Vinnie Jones** var hent út af bar í Cork á Írlandi á dögunum, eftir að hafa hrætt starfsfólkið. Vinnie fór þar með setningar úr næstu glæpamynd sinni fyrir drykkjufélaga sína, en ekki vildi betur til en svo að rekstrarstjóranum varð illa við og bað hann um að fara þar sem hann hélt að þar væri glæpamaður á ferð. „Við gátum ekki hætt að hlæja og þegar við útskýrðum hver Vinnie er dó hann næstum því af skömm," segir vinur leikarans.



**Byron Velvick**, fyrrverandi piparsveinn úr þættinum **The Bachelor**, komst í hann krappan á dögunum. Kærasta hans, **Mary Delgado**, sem hann trúlofaðist einmitt í lokaþætti The Bachelor árið 2004, hefur verið handtekin í Flórída og sökuð um heimilisofbeldi. Þolandinn ku vera Byron sjálfur sem gengur nú um með sprungna vör.




**Álímingarvélar og allar gerðir iðnaðarprentara.**
Álímingarvélar, límmiðaprentarar, bleksprautuprentarar, filmuprentarar, kassaprentarar og laserprentarar.
**Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir**



**Vélmark ehf.**
upplýsingar í síma: 445-9930.


# Hús Flea brann

Hús Flea, bassaleikara Red Hot Chili Peppers, brann til kaldra kola í eldum sem hafa geisað í Malibu í Kaliforníu. Flea var sem betur fer ekki staddur heima hjá sér þegar bruninn varð því hann hafði flutt á annan stað og hafði auglýst húsið til sölu fyrir rúmar þrjú hundruð milljónir króna.

Alls hafa um fimmtíu glæsivillur eyðilagst í eldinum og var Hollywood-stjörnunum Minnie Driver og Matthew McConaughey gert að yfirgefa heimili sín ásamt tíu þúsund manns til viðbótar, þrátt fyrir að hægt hafi á vindinum á svæðinu. Fleiri þekktar persónur sem búa í Malibu hafa verið varaðar við eldunum, þar á meðal Britney Spears, Courtney Love og Sting.



**RED HOT CHILI PEPPERS** Flea, bassaleikari Red Hot Chili Peppers, er annar frá hægri á myndinni.

Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, lýsti í síðasta mánuði yfir neyðarástandi vegna eldanna sem hafa verið afar skæðir.

# Hrund Ósk syngur með Park Projekt

Söngkonan Hrund Ósk Árnadóttir heldur tónleika á Domo í kvöld ásamt hljómsveitinni Park Projekt sem er skipuð Pálma Gunnarssyni, Gunnlaugi Briem, Agnari Má Magnússyni og Kristjáni Edelstein.

Hrund Ósk kom fyrst fram á sjónarsviðið þegar hún vann Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir nokkrum árum. Eftir menntaskólanám tók við nám í Söngskólanum í Reykjavík og tónleikahald á hinum ýmsu djass- og blúshátíðum vítt og breitt um landið. Núna standa yfir upptökur á fyrstu plötu hennar. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.



**HRUND ÓSK ÁRNADÓTTIR** Hrund Ósk heldur tónleika á Domo í kvöld. MYND/SVEINN THORARENSEN




990 krónur*

# Reykskynjarar á þúsund kall (rafhlaða innifalin)!

## Hvers virði er fjölskyldan?

Reykskynjarar eru ódýrir. Auðvelt er að setja þá upp og halda þeim við. Þeir eru mikilvægasta öryggistæki heimilisins. Skerandi vælið í þeim hefur bjargað fjölmörgum mannslífum. Samt eru talsverð brögð að því að reykskynjara vanti á íslensk heimili.

**Eftir hverju ert þú að bíða?**

Þú færð reykskynjara, slökkvitæki, eldvarnateppi og annan eldvarnabúnað í byggingavöruverslunum, sérverslunum, hjá tryggingafélögunum og víðar.

**Er þér þá nokkuð að vanbúnaði?**

Ítarlegar upplýsingar um eldvarnir heimilanna birtust í Eldvarnablaðinu sem kom út með Morgunblaðinu 23. nóvember. Blaðið er að finna á www.lsos.is. TM er samstarfsaðili LSS í Eldvarnaátakinu 2007.

LANDSSAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA www.lsos.is

TM TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN www.tm.is

*dæmi um verð í byggingavöruverslun 31.10.07 – á ekki við reykskynjarann á myndinni.

## > KR TV beint frá Tyrklandi?

Íslandsmeistarar KR í körfubolta leika síðari leik sinn við tyrkneska liðið Banvit BC í Evrópukeppninni ytra í dag. KR tapaði fyrri leiknum með 17 stiga mun þannig að það verður á brattann að sækja fyrir Vesturbæinga. Leikurinn hefst klukkan 16.00 að íslenskum tíma og reynt verður að sýna leikinn beint á KR TV sem nálgast má á heimasíðu KR-inga, kr.is. Aðalmaður KR-sjónvarpsins, Ingi Þór Steinþórsson, er staddur ytra og mun lýsa af sinni alkunnu snilld gangi tæknimálin upp í Tyrklandi.



# sport

sport@frettabladid.is

**LANDSLIÐSMAÐURINN EINAR HÓLMGEIRSSON:** KOMINN Á FULLA FERÐ EFTIR ENN EIN MEIÐSLIN

# *Stefni á að mæta í toppformi á EM*

Stórskyttan og landsliðsmaðurinn Einar Hólmgeirsson er kominn á fulla ferð með félagi sínu Flensburg á nýjan leik. Einar hefur verið meira og minna meiddur síðasta árið og hann meiddist síðast í Evrópuleik gegn Ciudad Real fyrir nokkrum vikum. Þá fékk Einar langþráð tækifæri með Flensburg sem endaði á þann sorglega hátt að hann var borinn af velli eftir að hafa staðið sig mjög vel gegn Ólafi Stefánssyni og félögum.

Einar var í fínu formi með Flensburg á sunnudag þegar hans gamla félag, Grosswallstadt, kom í heimsókn. Einar var sínum gömlu félögum óþægur ljár í þúfu og skoraði fjögur mörk með þrumuskotum í 35-28 sigri Flensburg.

„Það var verulega gaman að mæta Grosswallstadt. Þetta var í fyrsta skipti sem ég mæti liði sem ég hef áður spilað með og það var sérstakt. Það var ekki verra að setja nokkur á gamla markvörðinn minn en hann átti ekki möguleika,“ sagði Einar léttur en hann fór nánast beint í loftið eftir að honum var skipt inn af bekknum. „Ég er settur inn á til þess að skjóta og er með skotleyfi. Það var engin ástæða til þess að bíða eftir einu né neinu.“

Einar fær væntanlega fleiri tækifæri til þess að láta ljós sitt skína í næstu leikjum þar sem félagi hans í landsliðinu, Alexander Petersson, er meiddur á ökkla og verður frá næstu þrjár vikurnar vegna þessa en Alex hefur verið á undan Einari í goggunarröðinni sem skytta hjá Flensburg.

„Það er leiðinlegt að missa Alex en sem betur fer verður hann ekki of lengi frá. Ég verð aftur á móti að nýta tækifærið vel fyrir sjálfan mig og sýna hvað í mér býr,“ sagði Einar en hann segist samt vera nokkuð frá sínu besta formi.

„Ég er í ágætu líkamlegu formi en það vantar enn talsvert upp á spilformið hjá mér og það eðlilega. Þetta er samt allt á réttri leið og stefnan hjá mér er að verða kominn í toppform í janúar þannig að maður geti hjálpað landsliðinu eitthvað á EM.






**GULL OG ÍSLANDSMET** Erla Dögg Haraldsdóttir synti frábærlega á Íslandsmótinu á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Afrekalisti Evrópu í sundi:

## Erla Dögg er framarlega

**SUND** Frammistaða Erlu Daggar Haraldsdóttur að undanförnu hefur ekki aðeins leitt af sér fjölda Íslandsmeta heldur er stelpan einnig framarlega á nýjum afrekalista yfir evrópskt sundfólk.

Erla Dögg setti fjögur Íslandsmet á nýafstöðnu Íslandsmóti í 25 metra laug og þau skila henni öll inn á Evrópulistann. Erla Dögg er í 16. sæti í 100 metra fjórsundi, í 28. sæti í bæði 50 og 100 metra bringusundi og þá er hún í 35. sæti í 200 metra fjórsundi.

Erla Dögg hefur slegið alls níu Íslandsmet frá því um miðjan október og það hefur verið frábært að fylgjast með þessari frábæru sundkonu úr Njarðvík að undanförnu. - óój



**ELST** Hanna Hálfdanardóttir lék við hlið þriggja systra sinna gegn KR um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

1. deild kvenna í körfu:

## Fjórar systur í sama liði

**KÖRFUBOLTI Hann var örugglega sögulegur leikur Hauka og KR í 1. deild kvenna í körfubolta um helgina en þá léku fjórar systur saman í Haukaliðinu.**

**Þetta eru þær Hanna (22 ára), Bára Fanney (19), Árný Þóra (15) og Margrét Rósa (13) Hálfdanardætur en foreldrar þeirra, Hálfdan Markússon og Sóley Indriðadóttir, léku bæði með Haukaliðinu á sínum tíma.**

**Haukaliðið vann leikinn 83-55, Hanna var með 16 stig, 10 fráköst og 4 stolna bolta og Bára skoraði 11 stig og gaf 4 stoðsendingar en þær tvær yngstu voru að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki. Margrét Rósa var með 1 stig og 2 fráköst á 8 mínútum og Árný tók 4 fráköst og stal 2 boltum á 13 mínútum.** - óój

# Vil skilja sáttur við KR

**Miðjumaðurinn Bjarnólfur Lárusson stendur á tímamótum á sínum ferli. Hans krafta er ekki lengur óskað hjá KR og hann er sjálfur að íhuga framtíðina. Hann segist ekki vera viss um hvert hann fari eða hvort hann haldi áfram.**

**FÓTBOLTI** Logi Ólafsson, þjálfari KR, tjáði miðjumanninum Bjarnólfi Lárussyni það á dögunum að hann væri ekki inni í framtíðaráætlunum sínum og honum væri þar af leiðandi frjálst að róa á önnur mið. Bjarnólfur hefur því leikið sinn síðasta leik fyrir KR en hann hefur verið í herbúðum félagsins síðustu þrjú ár.

„Þessi tíðindi komu mér nokkuð á óvart en ég virði ákvörðun Loga og er sáttur við að menn komi hreint fram. Þannig að þetta er alveg í góðu af minni hálfu og ég legg mikið upp úr því að fara sáttur frá félaginu,“ sagði Bjarnólfur en hann á tvö ár eftir af samningi sínum við félagið. Hann verður ekki seldur til annars félags heldur er stefnan að ganga frá starfslokasamningi en vinnan við hann er ekki hafin.

„Ég tek svo stöðuna á mínum málum þegar ég hef skilið endanlega við KR. Það hefur verið ágætt að hvíla sig eftir mjög erfitt sumar. Ég er í raun ekkert farinn að spá í framhaldið og er alls ekki að flýta mér neitt. Ég er enn á byrjunarreit og hef ekkert spáð í hvert ég fari eða hvort ég haldi áfram. Það er margt annað sem ég er að gera og ég þarf að spá í mörgum hlutum áður en ég tek einhverja ákvörðun um framhaldið,“ sagði Bjarnólfur en hann neitar því ekki að síðasta sumar hafi tekið sinn toll.

„Það tók mjög mikið á. Ekki bara síðasta sumar heldur síðustu tvö ár þar sem gengið hefur verið misjafnt og mikið æft líka. Það er kominn tími á smá hvíld núna og ég ætla ekkert að taka neina ákvörðun um mína framtíð fyrr en eftir áramót. Ég stend á ákveðnum tímamótum og þarf að skoða vel í hvað ég vilji eyða tíma mínum í framtíðinni.“

Bjarnólfur kom á sínum tíma til KR frá ÍBV en það var Magnús Gylfason sem fékk Bjarnólf til félagsins eftir að hafa þjálfað hann í Eyjum. Þrátt fyrir oft og tíðum erfiða tíma sér Bjarnólfur ekki eftir því að hafa komið til KR.



**FRAMTÍÐIN ÓRÁÐIN** Bjarnólfur Lárusson er ekki búinn að ákveða hvert hann fari eða hvort hann hreinlega haldi áfram í fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Alls ekki. Þetta er búinn að vera skemmtilegur tími þó svo að þetta hafi oft verið erfitt. Ég hefði viljað sjá betri árangur KR á þessum tíma. Hér hef ég aftur á móti kynnst mikið af góðu fólki og séð margt gott í kringum félagið. Ég hef notið þess að vera í KR og vil skilja í góðu við félagið,“ sagði Bjarnólfur en er hann sáttur við eigin frammistöðu hjá félaginu?

„Já og nei. Ég hefði viljað gera betur að mörgu leyti en mér fannst ég standa mig ágætlega á köflum. Það hefur ekki verið auðvelt að spila fyrir KR og ég get ekki neitað að þetta hefur ekki gengið eins vel og ég vonaðist til þó svo að ég sé ekki ósáttur við mitt framlag,“ sagði Bjarnólfur Lárusson.

henry@frettabladid.is



**FJÖR Í SYDNEY** David Beckham er í Ástralíu með liði sínu LA Galaxy. NORDICPHOTOS/GETTY

Ruud Gullit um Beckham:

## Ætlar að spila í 90 mínútur

**FÓTBOLTI** Ruud Gullit stjórnar liði LA Galaxy í fyrsta sinn í kvöld þegar liðið mætir Sydney FC í æfingaleik í Sydney en búist er við að 80 þúsund manns mæti á leikinn.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég get séð hvar mínir leikmenn geta bætt sig. Þetta er líka gott tækifæri fyrir okkur að kynnast betur,“ sagði Gullit. Hann sagði enn fremur að aðalstjarna liðsins, David Beckham, stefndi á að spila allar 90 mínúturnar en Beckham lék aðeins fimm leiki með Galaxy á síðasta tímabili vegna meiðsla. - óój

Knattspyrnulandsliðið:

## Mætir Færeyjum í æfingaleik

**FÓTBOLTI** Færeyska knattspyrnusambandið greinir frá því á heimasíðu sinni að landslið Færeyinga muni leika æfingaleik gegn Íslandi í lok mars á næsta ári. Leikurinn mun fara fram í Kórnum í Kópavogi.

Þetta verður fyrsti landsleikur karlalandsliðsins sem fram fer innan dyra. - hbg

Landsliðsmaðurinn Vignir Svavarsson er búinn að semja við þýska úrvalsdeildarliðið Lemgo til tveggja ára:

# Rétta félagið mikilvægara en launatölurnar

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Vignir Svavarsson hefur náð samkomulagi við þýska félagið Lemgo um að hann spili með félaginu næstu tvö árin. Vignir á aðeins eftir að gangast undir læknisskoðun hjá Lemgo og mun hann gera það í desember. Það verða því aftur tveir félagar hjá Lemgo næsta vetur en fyrir hjá félaginu er Logi Geirsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson var í röðum félagsins áður en hann ákvað að ganga í raðir danska liðsins GOG.

„Þetta er mjög spennandi allt saman. Félagið er búið að ráða Markus Baur sem þjálfara og ætlar sér að vera í toppbaráttunni á helstu vígstöðvum á komandi árum. Það verður spennandi að taka þátt í þessari uppbyggingu hjá félaginu,“ sagði Vignir við Fréttablaðið í gær.

Lemgo hafði fyrst samband fyrir um mánuði en fleiri þýsk félög sýndu Vigni áhuga og þar á meðal var Magdeburg. Vignir segist vera sáttur við samninginn sem hann fær hjá félaginu.

„Þetta er betri samningur en hjá Skjern. Ég hefði líka getað farið annað og fengið meiri pening en það skipti ekki mestu fyrir mig. Ég skoðaði félagið, umgjörðina og framtíðaráform frekar en tölurnar. Að fara í rétta félagið skipti mig meira máli en launatölurnar,“ sagði Vignir. „Fyrst ég ætlaði að fara frá Skjern þá setti ég stefnuna á að fara í toppfélag í Þýskalandi. Annars hefði ég verið áfram hjá Skjern enda gott að vera í Danmörku.“

Vignir segir að þessi félagaskipti séu rökrétt skref fram á við eftir nokkur góð ár í Danmörku. „Auðvitað er þýska deildin talsvert sterkari en sú danska og þarna gefst mér tækifæri til þess að bæta mig enn frekar sem handboltamaður. Það verður líka gaman að hitta Loga hérna enda einstaklega skemmtilegur strákur þar á ferðinni.“ - hbg



**Á LEIÐ TIL LEMGO** Vignir Svavarsson mun spila með Loga Geirssyni á næstu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Í KVÖLD KL. 19:30

# LYON BARCELONA

MEISTARADEILDIN

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

# STÓR LEIKIR



FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í DESEMBER OG JANÚAR.

Í DAG KL. 17:15
CSKA MOSKVA – PSV Sýn

Í KVÖLD KL. 19:30
LYON – BARCELONA Sýn
SEVILLA – ARSENAL Sýn Extra
MAN. UTD. – SPORTING Sýn Extra 2

Á MORGUN KL. 19:30
LIVERPOOL – PORTO Sýn
ROSENBORG – CHELSEA Sýn Extra
WERDER BREMEN – REAL MADRID Sýn Extra 2

Upphitun hefst kl. 19:00
Umfjöllun um alla leiki kvöldsins kl. 21:40

sýn
*besta sætið*

GOTT FÓLK



**BROSMILDUR** LeBron James leikur vel þessa dagana. NORDICPHOTOS/GETTY

LeBron James hjá Cleveland:

## Þreföld tvenna leik eftir leik

**KÖRFUBOLTI** LeBron James náði þrefaldri tvennu annan leikinn í röð þegar Cleveland vann 111-106 sigur á Indiana.

James sem var með 30 stig, 11 fráköst og 10 stoðsendingar var með 37 stig, 12 fráköst og 12 stoðsendingar í 111-108 sigri á Toronto kvöldið áður. Danny Granger hjá Indiana gætti James næstum allan leikinn og komst vel að orði í leikslok.

„Hann er eini leikmaðurinn sem ég hef séð sem er eins og hann hafi verið sérstaklega hannaður til þess að spila körfubolta,“ sagði Granger.

James hefur verið ótrúlegur í síðustu sex leikjum þar sem hann hefur skorað 37,5 stig, tekið 10,2 fráköst og gefið 9,5 stoðsendingar að meðaltali í leik. James er sem stendur stigahæsti leikmaður NBA-deildarinnar (31,3 í leik) en hann er einnig í 6. sæti í stoðsendingum (8,1), í 9. sæti í stolnum boltum (2,07), 20. sæti í vörðum skotum (1,57) og í 26. sæti í fráköstum (8,3).

Það þarf því ekki að koma mörgum á óvart að þessi 23 ára leikmaður sem er á sínu fimmta ári í NBA-deildinni er efstur í framlagi í erfiðustu körfuboltadeild í heimi. - óój



**EKKERT GEKK** Derby vann aðeins einn leik undir stjórn Billy Davies í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin í fótbolta:

## Sex lið hafa nú skipt um stjóra

**FÓTBOLTI Billy Davies er hættur þjálfun Derby í ensku úrvalsdeildinni en nýliðarnir eru neðstir með aðeins einn sigur í fyrstu 14 leikjunum.**

**Davies var búinn að vera í starfinu í 18 mánuði en lið Derby hefur átt í miklum erfiðleikum í upphafi tímabilsins og hefur meðal annars fengið á sig 33 mörk.**

**Davies er sjötti stjórinn í ensku deildinni sem hættir eða missir starfið sitt í vetur en hinir voru Steve Bruce (Birmingham City), Chris Hutchings (Wigan Athletic) Sammy Lee (Bolton Wanderers), Martin Jol (Tottenham Hotspur) og José Mourinho (Chelsea).** - óój

Hollenski landsliðsþjálfarinn Marco van Basten á sérstakar minningar frá leik gegn íslenska landsliðinu:

# Lék sinn fyrsta landsleik gegn Íslandi

**FÓTBOLTI** Marco van Basten, landsliðsþjálfari Hollendinga, sagðist eiga sérstakar minningar um leik gegn Íslandi eftir að þjóðirnar höfðu dregist saman í undankeppni HM 2010.

Van Basten lék einmitt sinn fyrsta landsleik 18 ára og 311 daga gamall þegar þjóðirnar mættust síðast í A-landsleik í Groningen 7. september 1983. Van Basten lék alls 58 landsleiki frá 1983 til 1992 þegar hann varð að leggja skóna á hilluna aðeins tæplega 28 ára gamall. Marco van Basten skoraði 24 mörk í þessum leikjum en hann náði ekki að skora í þessum leik þökk sé frábærri markvörslu Þorsteins Bjarnasonar í íslenska markinu. Hann vakti engu að síður mikla athygli fyrir frammistöðu sína.

„Ísland náði ekki góðum árangri í undankeppninni en þeir náðu 1-1 jafntefli við Spánverja á heimavelli sem sýnir að Ísland er erfiður andstæðingur. Þegar Holland spilaði síðast við Ísland þá lék ég minn fyrsta landsleik og Ísland er því sérstakur andstæðingur fyrir mig,“ sagði Van Basten eftir að ljóst var að þjóðirnar yrðu saman í riðli í undankeppni fyrir HM í Suður-Afríku sem hefst næsta haust.

Van Basten skoraði í næstu tveimur landsleikjum sínum á eftir, mark Hollendinga í 1-1 jafntefli í vináttuleik við Belga tveimur vikum síðar og síðan eitt marka liðsins í 3-2 sigri á Írum í Dublin en það var Ruud Gullit sem skoraði hin tvö. Hollendingar unnu leikinn við Íslendinga fyrir rúmum 24 árum 3-0 og öll mörkin komu á fimm mínútna kafla um miðjan fyrri hálfleik. Ruud Gullit og Ronald Koeman voru báðir meðal markaskorara hollenska liðsins í leiknum en Frank Rijkaard sem lék fyrri leikinn á Laugardalsvellinum var ekki með að þessu sinni. Ísland náði 1-1 jafntefli í fyrri leiknum sem fram fór 1. september 1982. - óój



**FRÁBÆR LEIKMAÐUR** Marco Van Basten hóf landsliðsferilinn gegn Íslandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sex lið geta komist áfram í kvöld

**Fimmta umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld með átta leikjum. AS Roma, Sevilla, Barcelona, Rangers, Internazionale og Fenerbahçe geta öll tryggt sér sæti í 16 liða úrslitunum þangað sem ensku liðin Manchester United og Arsenal eru þegar komin.**

**FÓTBOLTI** Línurnar eru farnar að skýrast í Meistaradeildinni í fótbolta en næstsíðasta umferðin hefst í kvöld með leikjum í E til H-riðli. Ensku liðin Manchester United og Arsenal hafa þegar tryggt sér sæti í sextán liða úrslitum og það má búast við því að fleiri lið tryggi sér sæti eftir leiki þessarar viku. Þau sex sæti sem eru enn laus í þessum fjórum riðlum geta verið frátekin eftir leiki kvöldsins.

Manchester United er eina liðið sem hefur unnið alla fjóra leiki sína en liðið fær portúgalska liðið Sporting Lissabon í heimsókn á Old Trafford í kvöld. Gengi United á heimavelli hefur verið frábært en liðið hefur unnið þar átta heimaleiki í röð og hefur ekki tapað í Leikhúsi draumanna í síðustu 11 Evrópuleikjum sínum. Leikurinn er í F-riðli og þar geta Rómverjar tryggt sér seinna sætið í boði með því að vinna Dynamo Kyiv í Úkraínu. Roma gæti einnig komist áfram burt séð frá úrslitunum í Kænugarði tapi Sporting í Manchester.

Cristiano Ronaldo og Nemanja Vidic koma væntanlega aftur inn í United-liðið en þeir voru fjarri góðu gamni í tapinu á móti Bolton um helgina. Ronaldo mun þarna mæta sínu gamla félagi en hann skoraði einmitt sigurmarkið í fyrri leik liðanna í Lissabon. Alex Ferguson gaf það út í gær að bæði Ronaldo og Nani myndu byrja leikinn gegn sínu gamla félagi. „Ef við vinnum þennan leik þá vinnum við riðilinn og við ætlum að gera allt til þess að það gangi eftir,“ sagði Sir Alex fyrir leikinn.

Eiður Smári Guðjohnsen er í leikmannahópi Barcelona sem verður án Thierry Henry gegn Lyon í kvöld. Brasilíumaðurinn Ronaldinho kemur einnig aftur inn í hópinn en hann var ekki með í 3-0 sigri á Recreativo um helgina þar sem Eiður Smári var í byrjunarliðinu. Bracelona er í góðum málum ósigrað á toppi riðilsins en frönsku meistararnir verða að vinna ætli þeir að halda voninni um sæti í 16 liða úrslitunum á lífi. Lyon er stigi á eftir Rangers sem gæti tryggt sér sætið með því að vinna Stuttgart á útivelli á sama tíma og Barcelona vinnur í Frakklandi.

Arsenal er komið áfram í næstu umferð en toppsætið í H-riðlinum er undir þegar liðið heimsækir Sevilla í kvöld. Heimamenn geta tryggt sér sæti í næstu umferð með sigri en þangað komast þeir einnig ef Slavia Prag nær ekki að vinna Steaua í hinum leik riðilsins.

„Við ætlum ekki að hugsa um það sem er liðið, hvorki tapið í London né tapið gegn Mallorca um helgina. Við ætlum okkur að sýna rétta andlit Sevilla og að við getum spilað flottan fótbolta. Það er góður andi í liðinu og við höfum margoft spilað best gegn stóru liðunum,“ sagði Frederic Kanoute, sóknarmaður Sevilla, á blaðamannafundi fyrir leikinn.

Lið Arsenal og Barcelona hafa enn ekki fengið á sig mark í Meistaradeildinni í ár, markatala Börsunga er 7-0 í leikjunum fjórum en markatala Arsenal-liðsins er 16-0 í sex leikjum.

Internazionale fær Fenerbahçe í heimsókn og það er ekki bara sigur og þrjú stig í boði því sigurliðið tryggir sér farseðilinn í 16 liða úrslitin. Hollenska liðið PSV heimsækir CSKA Moskvu og á enn möguleika með sigri en jafntefli og tap hjá Hollendingunum þýðir að stig tryggir bæði Inter og Fenerbahçe sæti í 16 liða úrslitunum.

ooj@frettabladid.is



**SAMAN Í KVÖLD** Portúgalarnir Cristiano Ronaldo og Nani mæta sínu gamla liði á Old Trafford í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

**LEIKIR KVÖLDSINS**

| | | |
|---|---|---|
| Stuttgart-Rangers (E-riðill) | | 19.45 |
| Lyon-Barcelona (E) | Sýn | 19.45 |
| Dynamo Kyiv-Roma (F) | | 19.45 |
| Man. Utd-Sporting (F) | Sýn | Extra2 |
| CSKA Moskva-PSV (G) | Sýn | 17.30 |
| Internazionale-Fenerbahçe (G) | | 19.45 |
| Sevilla-Arsenal (H) | Sýn Extra | 19.45 |
| Steaua-Slavia (H) | | 19.45 |

Keflavíkurkonur hafa unnið alla leiki sína á tímabilinu í kvennakörfunni síðan þær fengu nýjan fyrirliða:

# Ingibjörg fer fyrir meiðslahrjáðu liði

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Keflavíkur hefur verið mikið í sviðsljósinu það sem af er vetri. Ekki bara fyrir það að hafa unnið tvo fyrstu titla vetrarins sem og fyrstu átta leiki sína í Iceland Express-deildinni heldur einnig fyrir að hafa misst tvo sína bestu leikmenn í meiðsli.

Í stað þess að gefa eftir við að missa landsliðskonuna Bryndísi Guðmundsdóttur eða bandaríska bakvörðinn Keshu Watson þá hafa aðrir leikmenn í liðinu tekið við keflinu. Þær Bryndís og Watson voru saman með 50,2 stig, 12,7 fráköst og 10,6 stoðsendingar að meðaltali í leik þannig að hér er enginn smá missir á ferðinni.

Sá leikmaður sem hefur farið fyrir Keflavíkurliðinu í þessum áföllum er Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir sem hefur hækkað sig í nánast öllum tölfræðiþáttum og er sem dæmi að skora 9,9 stigum meira að meðaltali í leikjunum án þeirra Bryndísar og Keshu heldur en hún gerði þegar þær voru báðar heilar.

Ingibjörg er auk þess að taka 4,1 fleiri fráköst og gefa 0,6 fleiri stoðsendingar. Þetta sést líka vel á framlaginu hennar sem hefur hækkað um 5,3 stig síðan Keflavíkurliðið missti þær Bryndísi og Keshu. Í síðasta leik á móti Val var Ingibjörg Elva með 16 stig, 10 fráköst, 6 stoðsendingar og 4 stolna bolta og hjálpaði þar sínu liði að vinna upp 13 stiga forskot Valskvenna frá því í upphafi leiks.

Ingibjörg Elva sem er aðeins 19 ára gömul tók við fyrirliðabandinu í haust eftir að ljóst var að fyrirliðinn Birna Valgarðsdóttir og varafyrirliðinn Svava Ósk Stefánsdóttir yrðu báðar í barneignarleyfi.

Síðan Ingibjörg Elva varð fyrirliði liðsins hafa Keflavíkurstúlkur unnið alla tólf leiki sína í deild, bikar og Meistarakeppni. Í síðustu tveimur leikjum hefur hún ekki aðeins skorað 13,5 stig að meðaltali heldur einnig gefið 6 stoðsendingar í báðum leikjum.

Þrír aðrir leikmenn Keflavíkurliðsins hafa einnig hækkað sig mikið í framlagi síðan Bryndís og Kesha meiddust. Hrönn Þorgrímsdóttir hefur hækkað sig mest við þessar breytingar á Keflavíkurliðinu en hún hefur skilað 6,3 fleiri framlagsstigum í leik og hefur nýtt það vel að fá mun meiri spilatíma í forföllum Bryndísar og Keshu. Þær Rannveig Randversdóttir (+4,5) og Halldóra Andrésdóttir (+3,0) koma síðan næstar á eftir Ingibjörgu og Hrönn. - óój



**FLOTTUR FYRIRLIÐI** Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir hefur leitt sitt lið til sigurs í öllum 12 leikjum tímabilsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Allt sem þú þarft…
Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.
FRÉTTABLAÐIÐ
…alla daga

## > Dustin Hoffman

Dustin tjáði sig eitt sinn um Óskarsverðlaunahátíðina í spjallþætti. Hann sagði hátíðina vera fáránlega, skítuga og engu betri en fegurðarsamkeppni. Þrátt fyrir þessi ummæli hefur Dustin verið sjö sinnum tilnefndur til verðlaunanna og tvisvar hlotið þau, fyrst fyrir myndina Kramer vs. Kramer og níu árum síðar fyrir Rain Man. Dustin leikur í I Heart Huckabees á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR SÉR MIKINN MUN Á SMÁBÆJARÞÁTTUM

# *Ekki er öll vitleysan eins*

Fyrir skemmstu gluggaði ég í nýútkomna bók Hugleiks Dagssonar um eineygða köttinn Kisa og leyndarmálið. Í henni má finna þarfa umfjöllun um mörg áleitin mál, en fæst þeirra jafn aðkallandi og hvort tíma þjóðarinnar er betur varið í áhorf Mæðgnanna eða Everwood.

Þessar tvær þáttaraðir, sem báðar hafa verið á dagskrá Sjónvarpsins undanfarin ár, eiga vissulega ýmislegt sameiginlegt. Þær gerast báðar í bandarískum smábæjum og hverfast að mestu um fjölskyldumál. En nálgun þáttanna á umfjöllunarefni sín er svo ólík að himinn og haf skilur að.

Everwood er drepleiðinleg tilfinningavella. Á sínum skástu stundum er þátturinn bara væminn en oftast er hann óbærilegur.

Mæðgurnar eru aftur á móti snjallar og sniðugar. Í hverjum þætti eru umræðuefnin gáfuleg og tilvísanir í klassík og poppmenningu má finna í hverju atriði (nirðir gleðjast yfir tilvísunum enda eru þær áhrifarík aðferð til að auka sjálfstraust njarðanna og gera þá háða þættinum). Þrátt fyrir að Mæðgurnar takist á við tilfinningar af öllum stærðum og gerðum gera þær það ávallt með kímnigáfuna að vopni og koma þannig í veg fyrir banvænan skammt af væmni.

Fyrir þá sem halda að þeir séu of svalir til að horfa á Mæðgurnar má benda á að enginn annar en rokkgoðið ódauðlega Sebastian Bach birtist reglulega í þáttunum. Fyrir þá sem ekkert vita í sinn haus þá er Sebastian Bach söngvari hljómsveitarinnar Skid Row sem hélt vel heppnaða tónleika í Laugardalshöll árið 1990 og virðist nú eiga upp á pallborðið hjá unga fólkinu að nýju eftir um fimmtán ára lægð. Í Mæðgunum leikur Bach rokkhundinn útlifaða Gil og stendur sig með stakri prýði.

Sumsé, Mæðgurnar rokka, Everwood ekki.



**RORY GILMORE** Það er leitun að metnaðarfyllri persónu á öldum ljósvakans.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.05** **Söngvaskáld** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.05** **NCIS** STÖÐ 2



▶ **20.00** **I Heart Huckabees** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** **Side Order of Life** SIRKUS



▶ **21.00** **Innlit / útlit** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (37.52)

**18.00 Geirharður bojng bojng** (24.26)

**18.25 Nægtaborð Nigellu** (11.13) e.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Mæðgurnar** (18.22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar á unglingsaldri. Aðalhlutverk. Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.

▶**21.05 Söngvaskáld** Eivör Pálsdóttir flytur nokkur af lögum sínum að viðstöddum áhorfendum í Sjónvarpssal. Dagskrárgerð. Jón Egill Bergþórsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Ríki í ríkinu** (6.7) Breskur spennumyndaflokkur í sjö þáttum. Flugvél springur í flugtaki í Washington og í framhaldi af því lendir sendiherra Breta í borginni í snúnum málum og virðist engum geta treyst. Meðal leikenda eru Jason Isaacs, Ben Daniels, Neil Pearson og Sharon Gless. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20 Glæpurinn** (7.20) e.

**00.20 Kastljós**

**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 I Heart Huckabees**

**08.00 New York Stories** (e)

**10.00 Í takt við tímann**

**12.00 Indecent Proposal** (e)

**14.00 New York Stories** (e)

**16.00 Í takt við tímann**

**18.00 Indecent Proposal** (e)

▶**20.00 I Heart Huckabees** Stjörnum hlaðin gamanmynd. Ungur maður er í tilvistarkreppu og sjálfsleit. Aðalhlutverk. Dustin Hoffman, Isabelle Huppert.

**22.00 Point Blank**

**00.00 Straight Into Darkness**

**02.00 Bodywork**

**04.00 Point Blank**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Töfravagninn, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar

**08.15 Oprah**

**09.00 Í fínu formi**

**09.15 The Bold and the Beautiful**

**09.35 Wings of Love** (72:120)

**10.20 Numbers** (23:24)

**11.10 Veggfóður**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 America´s Got Talent** (14:15)

**14.35 America´s Got Talent** (15:15)

**15.20 Sjáðu**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2**

**17.28 The Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**19.25 Simpsons** (10:21)

**19.50 Friends 4** (7:24)

**20.15 Amazing Race NÝTT** (3:13) Liðin ferðast til Víetnam þar sem þau þurfa að leita að vísbendingu í fangelsi sem þekkt er sem Hanoi Hilton.

▶**21.05 NCIS** (13:24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag.

**21.50 Kompás**

**22.25 60 mínútur**

**23.10 Prison Break** (3:22) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Nýtt fangelsi og ný flóttatilraun. Í lok síðustu þáttaraðar lentu flóttamennirnir í klóm laganna varða í Mexíkó og hafa nú verið lokaðir inni í í skelfilegasta fangelsi Mexíkó og þótt víðar væri leitað. Bönnuð börnum.

**23.55 The Closer NÝTT** (1:15) Það er komið að þriðju seríu þessara geysilegu vinsælu þátta þar sem Kyra Sedgwick fer á kostum í hlutverki yfirlögreglukonunnar Brendu Leigh Johnson sem þarf stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni. Bönnuð börnum.

**00.40 Big Dipper**

**02.10 Medium** (11:22)

**02.55 Numbers** (23:24)

**03.40 NCIS** (13:24)

**04.25 Amazing Race NÝTT** (3:13)

**05.10 Simpsons** (10:21)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**14.15 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Liverpool og Besiktas í Meistaradeild Evrópu sem fór fram þriðjudaginn 5. nóvember.

**15.55 Íslenska landsliðið**

**16.45 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**17.15 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik CSKA Moskva og PVS í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu.

**19.20 Meistaradeildin**

**19.30 Meistaradeild Evrópu** (Lyon - Barcelona) Bein útsending frá leik Lyon og Barcelona í Meistaradeild Evrópu. Sýn Extra. Sevilla - Arsenal Sýn Extra 2. Man. Utd - Sporting

**21.40 Meistaradeildin**

**22.20 Meistaradeild Evrópu** (Sevilla - Arsenal) Útsending frá leik Sevilla og Arsenal sem fór fram þriðjudaginn 27. nóvember.

**00.10 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd. - Sporting) Útsending frá leik Man. Utd og Sporting í Meistaradeild Evrópu sem fór fram þriðjudaginn 27. nóvember.

**02.00 Meistaradeildin**

## SÝN2

**07.00 Coca-Cola Championship**

**14.40 Everton - Sunderland**

**16.20 Newcastle - Liverpool**

**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**18.30 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**19.00 Fulham - Blackburn** (Enska úrvalsdeildin)

**20.40 West Ham - Tottenham** (Enska úrvalsdeildin)

**22.20 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**23.15 Bolton - Man. Utd.**

## SKJÁREINN

**07.30 Dýravinir** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.00 Vörutorg**

**17.00 Bak við tjöldin - American Gangster**

**17.25 World Cup of Pool 2007** (e)

**18.15 Dr. Phil**

**19.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**20.00 According to Jim** (10:18) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim fær ekki svefnfrið þegar Dana flytur inn á heimilið með barnið sitt á meðan Ryan er ekki heima.

**20.30 Allt í drasli** (9:13) Hreinlætisdívurnar Margrét Sigfúsdóttir og Eva Ásrún Albertsdóttir heimsækja subbuleg heimili og taka til hendinni. Að þessu sinni kíkja þær inn til fimm manna fjölskyldu sem býr með tveimur hundum og þremur köttum í einbýlishúsi í Grafarvogi.

▶**21.00 Innlit / útlit** (10:13) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.

**22.00 State of Mind** (4:8) Bandarísk þáttaröð um sálfræðing sem á sjálfur í miklum sálarflækjum. Ann lendir í rifrildi við ótrúa eiginmanninn þegar þau reyna að skipta eignunum. En það eru ekki allir árekstrar slæmir.

**22.50 Krókaleiðir í Kína** Íslensk þáttaröð í fjórum hlutum þar sem fylgst er með feðgum á ferð um Kína.

**23.40 C.S.I. New York** (e)

**00.40 Charmed** (e)

**01.40 C.S.I.**

**02.25 Vörutorg**

**03.25 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

**SÝN KL. 19.30**

### Lyon - Barcelona



Í kvöld fer fram fimmta umferðin í Meistaradeild Evrópu og eru þrír leikir í beinni útsendingu á Sýn, Sýn Extra og Sýn Extra 2. Á Sýn verður sýnd viðureign Lyon og Barcelona en með sigri getur Barcelona unnið riðilinn. Eiður Smári var í byrjunarliðinu um helgina og verður spennandi að sjá hvort hann fær tækifæri í kvöld. Á Sýn Extra fer fram viðureign Sevilla og Arsenal og leikur Man.Utd og Sporting verður sýndur á Sýn Extra 2.

## ▶ CROSSING JORDAN

**Sirkus kl. 22.45**

Enn er fylgst með störfum réttarlæknisins dr. Jordan Cavannaugh og félaga hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. í þættinum í kvöld virðast óeirðir vera í vændum í Boston eftir að lögreglan skýtur 8 ára dreng til bana. Drengurinn var skotinn 33 sinnum en enginn skilur hvernig þessi skelfilegi atburður gat átt sér stað.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði: Friðargæsla á 21. öldinni
**22.15** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (66:260)
**16.30 Hollyoaks** (67:260)
**17.00 The George Lopez Show** (18:22)
**17.30 Johnny Zero** (4:13)
**18.15 Windfall** (11:13)
**19.00 Hollyoaks** (66:260)
**19.30 Hollyoaks** (67:260)
**20.00 The George Lopez Show** (18:22) (e)

**20.30 Johnny Zero** (4:13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.

▶ **21.15 Windfall** (11:13) (e)

**22.00 Side Order of Life** (7:13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. Þættinum hefur verið líkt við Grey's Anatomy og Ally McBeal. 2007.

**22.45 Crossing Jordan** (3:17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavannaugh og félaga hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Bönnuð börnum.

**23.30 Janice Dickinson Modelling Agency** Janice Dickinson vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikaþáttar hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. Nú er komin að annarri þáttaröðinni þar sem Janice heldur áfram að leita að flottustu fyrirsætum Bandaríkjanna. 2006.

**00.15 E-Ring** (17:22)
**01.00 Kenny vs. Spenny**
**01:20 Ren & Stimpy**
**01:45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson er í Flórída. Hann ræðir mál líðandi stundar yfir hafið við gesti í myndveri ÍNN.

**20.30 Kötturinn í sekknum** Lilja Þórisdóttir bregður sér í hlutverk ofurneytandans og reynir að fá okkur hin til að vera virkir neytendur.

**21.00 Íslensku vigarráðgjafarnir** Þú ert það sem þú borðar. Íslensku vigarráðgjafarnir leiða okkur í allan sannleik um það.

**21.30 Til heimabrúks** Þórhildur Þorleifsdóttir spjallar við gesti sína um menningarpólitísk málefni og veltir upp ýmsum spurningum.

## DR 1

**12.25** Dødens detektiver **12.50** Søren Ryge - Ketty og Jens Børre **13.20** DR Explorer i Australien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **15.30** Den lyserøde panter **15.35** Tintin **16.00** Store Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag i Århus **19.30** Rig ved et tilfælde **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Måske skyldig - fædrenes synder **22.10** Forbrydelsen **23.10** SPAM

## NRK 1

**15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Extra **16.25** Flag Stories - in English **16.30** Krokomax **17.00** Harry och hans hink med dinosaurier **17.10** Småkryp **17.20** Tippe **17.30** Seaside hotell **17.45** Rekordbyrån **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Toppform **21.00** Rätta virket

## SVT 1

**15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Erstatterne **15.50** Mini-kryp **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Veterinær på safari **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dyrlege Due **17.10** Småspøkelsene **17.20** Hysj **17.30** Gitas lysfest **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen: Fjordlier **18.55** Kongeparet på nært hold **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Heroes



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Á næstu grösum er yndislegur staður sem ég hef borðað á í 20 ár. Nýlega fékk ég meiriháttar mat á nýja staðnum, Fiskmarkaðnum. En Iða er í uppáhaldi, þar borða ég sushi með manninum mínum tvisvar í viku.“*

Svava Johansen, eigandi NTC

# Hannes ánægður með brandara Óttars

„Þetta er bara brandari og ég tek honum vel,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson en nýlega kom út annað bindi ævisögu hans sem Óttar Martin Norðfjörð skrifar. Annað bindið heitir Hólmsteinn: Holaðu mig dropi, holaðu.

Hannes sagðist ekki hafa keypt bókina en óskaði Óttari velgengni á þessu sviði og kvaðst ekki ætla að erfa þetta við höfundinn. „Ég er nú enda fylgjandi málfrelsinu og það verður að virka í báðar áttir,“ segir Hannes. „Og ef hann getur notað nafnið mitt á framabraut sinni þá er það honum velkomið,“ bætir Hannes við, en þegar Fréttablaðið náði tali af honum sat hann ásamt umbrotsmanni og var að velja myndir í afmælisbók Davíðs Oddssonar sem á að koma út á sextugsafmæli seðlabankastjórans 17. janúar næstkomandi. „Ég er að hjálpa þeim í SUS með bókina, þetta eru ljósmyndir sem hafa margar hverjar aldrei sést áður,“ útskýrir Hannes.

Gísli Marteinn Baldursson festi kaup á fyrstu bók Óttars um Hannes, Hannes: Nóttin er blá, mamma, og færði Hannesi að gjöf en í samtali við Fréttablaðið vildi borgarfulltrúinn ekki gefa upp hvort hann hygðist endurtaka leikinn, það yrði bara að koma á óvart. Blóðungur Óttars kæmi alveg eins til greina og aðrar bækur. „Hannes á allar góðar gjafir skildar,“ segir Gísli. - fgg



**LAS EKKI ÞÁ SÍÐUSTU** Hannes Hólmsteinn las ekki fyrsta bindi ævisögunnar og bjóst ekki við því að kaupa það nýjasta.

**GEFUR EKKERT UPP** Gísli Marteinn vildi ekki upplýsa hvort hann hygðist gefa Hannesi annað bindi sögunnar.



**ANNAÐ BINDI KOMIÐ ÚT** Óttar Martin hefur gefið út annað bindi ævisögu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar sem ber heitið Holaðu mig dropi, holaðu.



**LÁRÉTT**
2. sæti 6. hvort 8. hvers vegna 9. hlé 11. öfug röð 12. rusl 14. hökutoppur 16. tónlistarmaður 17. frjó 18. umrót 20. frá 21. mergð.

**LÓÐRÉTT**
1. tel 3. skammstöfun 4. svelgja 5. persónufornafn 7. forhlaup 10. hald 13. gras 15. hamingja 16. nögl 19. átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. ef, 8. hví, 9. lot, 11. on, 12. drasl, 14. skegg, 16. kk, 17. fræ, 18. los, 20. af, 21. ótal.

**LÓÐRÉTT:** 1. held, 3. eh, 4. svolgra, 5. sín, 7. forskot, 10. tak, 13. sef, 15. gæfa, 16. kló, 19. sa.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Patreksfirði.
2. Nicolas Sarkozy.
3. Sara Dögg Ásgeirsdóttir.







GUÐNI GUNNARSSON: HELDUR GÓÐU SAMBANDI VIÐ SÚPERMAN

# Jóga-Guðni komst ekki í brúðkaup Ofurmennisins

„Nei, því miður, við komumst ekki,“ segir Guðni Gunnarsson ropeyoga-kennari sem varð að afþakka boð í brúðkaup sjálfs Ofurmennisins um síðustu helgi. Einn frægasti skjólstæðingur Guðna, Brandon Routh, þekktastur fyrir leik sinn sem Súperman, gekk að eiga unnustu sína, leikkonuna og framleiðandann Courtney Ford. Að sjálsögðu fékk Guðni boðskort frá Ofurmenninu en hann undirbjó Routh andlega og líkamlega fyrir frægðina sem talið var fullvíst að myndi banka upp á eftir frumsýningu Superman fyrir tveimur árum.

Guðni átti því miður ekki heimangengt sökum anna en að sögn hans fór brúðkaupið fram á búgarði eins af framleiðendum Súperman-myndarinnar, Jon Peters og þótti víst ákaflega fallegt. Samkvæmt vefmiðlum þar vestra lét ríkisstjórinn í Kaliforníu, Arnold Schwarzenegger, loka lofthelginni yfir búgarðinum til að koma í veg fyrir ágang paparazza.

Guðni fékk póst frá stórstjörnunni á laugardagsmorgun áður en brúðkaupið fór fram þar sem leikarinn spurði hvort það væri alveg útilokað að þau kæmust. „Við höfðum þá ekki alveg gefið það frá okkur en síðan áttuðum við okkur bara á því að þetta væru of mikil ferðalög,“ útskýrir Guðni en töluverðar framkvæmdir hafa átt sér stað við Ropeyoga-setrið í Listhúsinu við Engjateig. „Hann sýndi þessu auðvitað mikinn skilning,“ bætir Guðni við.

Guðni segist ekki hafa sent Brandon og Courtney brúðkaupsgjöf því hann stefnir á að fara vestur um haf í byrjun næsta árs. Og þá ætlar hann að hafa eitthvað smáræði í farteskinu til að gefa brúðhjónunum. „Kannski bara hangikjöt, malt og appelsín og skyrdollu,“ segir Guðni og hlær og bætir því síðan við að íslenskt listaverk komi einnig til greina.

Ropeyoga-kennarinn segir að hann hafi ekkert nema gott um Courtney að segja, hún sé hörkudugleg og með bein í nefinu. Þá sagði hann jafnframt að Brandon stefndi að því að koma aftur hingað til lands næsta vor en hann dvaldist hér drykklanga stund á síðasta ári og fór þá í ferðalag í kringum landið ásamt Guðna og fjölskyldu. „Við sjáum bara til hvernig það fer,“ segir Guðni. Stefnt er að því að hefja framleiðslu á framhaldsmynd um ævintýri Súperman á næsta ári og mun Brandon klæðast rauðu skikkjunni aftur.

freyrgigja@frettabladid.is



**SAT FASTUR HEIMA** Guðni Gunnarsson segir að brúðkaup Ofurmennisins og unnustu þess hafi verið fallegt og honum hafi þótt leiðinlegt að komast ekki í það en það hafi einfaldlega verið brjálað að gera heima. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**SAMAN Í FJÖGUR ÁR** Brandon Routh og Courtney Ford hafa verið saman í fjögur ár og gengu í það heilaga á búgarði Jons Peters á laugardaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Eyþór Arnalds**, bæjarfulltrúi í Árborg, þykir ganga lengra en margur í samstöðu með óléttri eiginkonu sinni. Eyþór og **Dagmar Una Ólafsdóttir** eiga sem kunnugt er von á barni og lætur Eyþór sig ekki muna um að sækja hvern tímann á fætur öðrum í meðgöngujóga með frúnni. Eyþór stendur sína plikt.



**Aron Pálmi Ágústsson** er aftur orðinn laus og liðugur. Fréttablaðið greindi frá því fyrir skemmstu að hann væri kominn með kærustu upp á arminn. Sú var bráðhugguleg íslensk námsmær en sambandið virðist ekki hafa enst, ef marka má hjúskaparstöðuna sem Aron gefur upp á Facebook-síðu sinni.



Götuspilarinn **Jójó** ætlar að vera í hlutverki jólasveinsins í miðborg Reykjavíkur á fullveldisdaginn 1. desember. Það er, ef veður leyfir. Hann ætlar að gefa vegfarendum eintak af geisladiski sem Vífilfell styrkti hann til að framleiða. Á disknum hefur Jójó fengið nokkra þekkta poppara með sér í lið og syngur til að minna landsmenn á þá sem minna mega sín.



Sjónvarpsmaðurinn **Logi Bergmann Eiðsson** hefur fallist á að snúa aftur með spjallþátt sinn, Logi í beinni, á Stöð 2 næsta haust. Logi í beinni fer þó í frí um áramót þegar Meistarinn tekur við enda þykir honum fullmikið af því að góða að stjórna tveimur skemmtiþáttum í einu. Þótt Logi elski að vera á skjánum og flestir elski Loga á skjánum er nú allt gott í hófi. - hdm



# Næturvaktin við það að slá áhorfsmetið

Ef fram fer sem horfir slær Næturvaktin áhorfsmet Idol-stjörnuleitar og verður vinsælasta sjónvarpsþáttaröð Stöðvar 2 frá upphafi. Samkvæmt áhorfsmælingum sem Stöð 2 lét gera fyrir sig mælist Næturvaktin nú með 36 prósenta áhorf og er ekki útilokað að sú tala fari hækkandi eftir því sem nær dregur endalokum ævintýra þeirra Daníels, Ólafs Ragnars og Georgs á bensínstöðinni við Laugaveg. „Þetta eru auðvitað mjög flottar áhorfstölur,“ segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpstjóri Stöðvar 2, en þegar hefur verið tilkynnt um framhald sjónvarpsþáttanna sem fengu tvenn Eddu-verðlaun á dögunum.

Og það á að hamra járnið á meðan það er heitt. Síðasti þáttur Næturvaktarinnar verður frumsýndur sunnudaginn 9. desember og strax daginn eftir kemur öll serían út á tvöföldum dvd-disk. Þar verður að finna aukaefni, svo sem heimildarmyndina um gerð Næturvaktarinnar. „Þetta er í fyrsta skipti sem við leggjumst út í útgáfuna svona strax því yfirleitt hafa áhorfendur þurft að bíða í heilt ár eftir íslenskum sjónvarpsþáttum,“ segir Pálmi. Sena gefur diskinn út og er búist við miklum áhuga, átta þúsund eintök voru pöntuð í fyrsta upplagi og er gert ráð fyrir að salan fari allt upp í tólf þúsund. - fgg



**STRAX ÚT Á DVD** Leikstjórinn Ragnar Bragason hlýtur að vera kampakátur með velgengni Næturvaktarinnar en tvöfaldur mynddiskur með öllum þáttunum verður gefinn út 10. desember.



**GULLKÁLFUR** Næturvaktin reyndist happafengur fyrir Stöð 2 því allt stefnir í að hún verði vinsælasti sjónvarpsþáttur stöðvarinnar frá upphafi.


"BJARNI HAUKUR ER AÐ FARA Í FRÍ, BYRJAR AFTUR Í FEBRÚAR"
Pabbinn
Í LEIKSTJÓRN SIGGA SIGURJÓNS
TIL HAMINGJU PABBI! UPPSELT Á 82 SÝNINGAR!
★★★★★
SH/BYLGJAN
Pampers
AUKASÝNINGAR
Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI
7. & 8. DESEMBER. ÖRFÁ SÆTI LAUS
Miðasala Íslensku óperunnar er opin alla virka daga frá 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Einnig er símasala opinn frá kl. 10. Lokað á mánudögum. Auk þess er miðasala á netinu allan sólarhringinn á opera.is. Einnig er hægt að nálgast miða á midi.is Sími miðasölu er 511-4200.
www.pabbinn.is
THORSSON
PRODUCTIONS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

**STÚDENTABLAÐIÐ**

H HÁSKÓLINN
M MENNING
P PÓLITÍK

*fylgir Fréttablaðinu 16. desember*



**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Gerræði kvenna*

Herra getur bæði átt við karla og konur," æptu þeir sem voru ósammála Steinunni Valdísi um að hugsanlega væri kominn tími til að endurskoða starfsheitið ráðherra. Sjálf hafði ég ekki hugmynd um að það hefði tíðkast að nota orðið herra yfir konur jafnt sem karla en kinkaði þó kolli enda þótti mér ógnvænleg tilhugsun að titlinum yrði breytt. Ástæðan er ekki að mér finnist umræðan ekki eiga rétt á sér heldur takmarkað traust mitt á nýyrðasmiðum samtímans.

**HJÚKRUNARFRÆÐINGAR** voru eitt sinn kallaðir hjúkrunarkonur svona á meðan aðeins konur unnu við slík störf. Væntanlega hefur þótt líklegra að karlmannleg ending eins og fræðingur myndi auka virðingu fyrir stéttinni og margt til í því. Sá sem tæki upp á því að kalla verkfræðing verkkarl eða hagfræðing hagkarl myndi líklega skapa sér óvinsældir.

**FÓSTRUSKÓLI** var eitt sinn starfræktur á Íslandi. Síðar komst fólk að þeirri niðurstöðu að Fóstruskólinn væri alveg ónothæft sökum þess hve kvenlegt það væri. Þá hef ég heyrt að fólki hafi þótt gersamlega útilokað að einhver gæti nokkur tímann borið virðingu fyrir manneskju sem gegndi jafn kvenlegu starfsheiti og fóstra. Því var heitinu breytt í leikskólakennari, sem er vissulega karlkyns orð og því gengið að því sem vísu að bæði kynin geti notað það og fyrir því sé borin virðing. Aldrei virðist hafa komið til tals að karlar gætu verið fóstrur eða bara fóstri.

**FLUGÞJÓNAR** urðu svo til þegar karlmenn fór að langa að starfa við það sama og flugfreyjur. Það hefði auðvitað verið bölvuð hneisa að láta karla bera kvenkyns starfsheiti. Sussum svei, mig sundlar bara við það eitt að hugsa um það hrópandi misrétti að ekki sé talað um þá niðurlægingu sem karlar hefðu orðið fyrir af því að vera kvengerðir í starfi sínu. Ekki virðist hafa komið til tals að nota orðið flugfreyr yfir þjónustulundaðan karlpening á flugi.

**FJÖLMÖRGUM** starfsheitum hefur verið breytt í gegnum tíðina svo henti betur báðum kynjum. Það vekur þó athygli mína að öll virðast heitin hafa orðið karlkyns við breytinguna. Karlkyns orð þykja henta báðum kynjum og líkleg til að auka virðingu. Verði einhverjum á að láta sér detta í hug að snúa hlutunum við verða margir ægilega reiðir og þusa um að konur geti alveg verið herrar. Því er ég sammála en geta karlar aldrei verið frúr? Er það kannski angi af gerræði femínista að láta sér þvílíkt og annað eins til hugar koma?



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er þriðjudagurinn 27. nóvember, 331. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.33 | 13.15 | 15.57 |
| Akureyri | 10.38 | 13.00 | 15.21 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




**Afl og hagkvæmni**

**Vertu klár í vetur** og fáðu þér Skoda Octavia Combi með sítengdu aldrifi og hinni frábæru TDI® dísilvél sem eyðir aðeins 5,9 lítrum á hundraðið. Hvorki háir snjóskaflar né hátt eldsneytisverð stöðva þig á Skoda Octavia Combi.

**Getum boðið þennan magnaða bíl á frábæru verði, aðeins 2.790.000 kr.**

**Staðalbúnaður**

- ESP stöðugleikakerfi og spólvörn
- aksturstölva
- tengi fyrir iPod
- sex hátalarar
- hanskahólf með kælibúnaði
- sex loftpúðar
- hraðastillir (cruise control)
- þokuljós í framstuðara
- hiti í sætum og speglum
- hæðarstillanlegt ökumannssæti
- 16" álfelgur

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi